**HJÓNIN HALLA BÁRA OG GUNNAR**

*Búa og vinna saman heima*

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HALLDÓR GYLFASON**

*Svikinn af sviknum héra*

Matgæðingur vikunnar

**MATUR 54**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. apríl 2006 — 105. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000




### Ætíð heilla ævintýrin

Áslaug Jónsdóttir hlaut barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar fyrir söguna Gott kvöld.

**MENNING 64**

### Aðlögun innflytjenda

„Evrópa er bræðslupottur ekki síður en Bandaríkin: hlutfall nýbúa í íbúafjöldanum er nú orðið svipað á báðum stöðum," segir Þorvaldur Gylfason. „Munurinn er sá, að Bandaríkin hafa verið bræðslupottur frá fyrstu tíð."



**Í DAG 28**

### Jón Arason á hvíta tjaldið

Sigurjón Sighvatsson hefur keypt kvikmyndaréttinn á bókinni Öxin og jörðin eftir Ólaf Gunnarsson. Búist er við að ráðist verði í gerð myndarinnar seint á næsta ári.

**FÓLK 70**



### Arsenal á skriði

Arsenal sigraði Villarreal í fyrri leik liðanna í undanúrslitum meistaradeildar Evrópu. Þetta var síðasti Evrópuleikur Arsenal á Highbury.

**ÍÞRÓTTIR 66**

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI -** Í dag verður hæg breytileg átt og skýjað með köflum. Hætt við lítilsháttar vætu við suðaustur- og austurströndina. Hiti 0-6 stig svalast norðaustan til.

**VEÐUR 4**



**GREIÐSLUKORT FORSTJÓRANS Í HÖNDUM RONJU RÆNINGJADÓTTUR** Vika bókarinnar hófst í gær og af því tilefni fóru Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi til að ná í bókaávísun sína frá Glitni. Forstjórinn komst í hann krappan þegar hann nýtti sér þessi fríðindi því Ronja nokkur ræningjadóttir komst yfir greiðslukortið hans og eins sést á svip hennar hugsar hún sér gott til glóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sumardagurinn fyrsti:

## Milt vorveður um land allt

**Landsmenn fagna því í dag að sumar gengur í garð. Hátíðahöld í tilefni dagsins verða um allt land og fara skátar fyrir skrúðgöngum við undirleik lúðrasveita.**

**Samkvæmt íslenskri hefð er sumardagurinn fyrsti dagur elskenda en þess má þó vænta að börnin verði í aðalhlutverki.**

**Veðurspáin er góð fyrir daginn og sumarið heilsar með mildu vorveðri að sögn Þorsteins Jónssonar, veðurfræðings á Veðurstofu Íslands. Að sögn Þorsteins verður dagurinn þó tæpast mjög sólríkur en úrkoma verður ekki að ráði fyrr en undir kvöld. Þegar kvöldar er hætt við hvassri sunnanátt með rigningu vestanlands. Þorsteinn segist búast við því að veðrið muni henta vel til hátíðahalda á öllu landinu, einkum yfir daginn.**

**Útgáfa Fréttablaðsins er með hefðbundndu sniði í dag og á morgun. Afgreiðslan og smáauglýsingadeild blaðsins er opin í dag frá klukkan 11 til 16.**

**Fréttablaðið óskar lesendum gleðilegs sumars.**

Ný könnun á kynlífshegðun:

## Jafnréttið gerir kynlífið betra

**CHICAGO, AP** Japanar eiga býsna erfitt með að fá ánægju út úr kynlífinu, en Austurríkismenn eru hins vegar í essinu sínu í rúminu. Samkvæmt alþjóðlegri rannsókn vísindamanna við háskólann í Chicago er kynlífið mun ánægjulegra í löndum þar sem jafnrétti kynjanna er í hávegum haft.

Austurríkismenn tróna efstir á lista þeirra sem ánægðastir eru með kynlífið, en næst koma Spánverjar, Kanadamenn, Belgíubúar og Bandaríkjamenn. Í neðstu sætunum eru hins vegar Japanar, Taívanar, Indónesíubúar, Kínverjar og Taílendingar. Íslendingar voru ekki meðal þeirra 29 þjóða sem spurðar voru út í kynlífsánægju í þessari rannsókn. **- gb**

Mesta gengislækkun hér á landi í fimm ár:

## Krónan fellur

**VIÐSKIPTI** Gengisvísitala krónunnar fór yfir 135 stig í gær og féll krónan um 3,5 prósent. Þetta er mesta dagslækkun hennar í fimm ár en krónan hefur ekki verið veikari í fjögur ár. Norska krónan styrktist um 4,3 prósent gagnvart krónunni, sterlingspundið um 3,6 prósent, evran um 3,4 prósent og bandaríkjadalur um 2,9 prósent.

Frá áramótum hefur krónan fallið um 30 prósent gagnvart dönsku, norsku og sænsku krónunni auk evrunnar.

Hlutabréf féllu einnig í gær og Úrvalsvísitalan lækkaði um 2,5 prósent og endaði í 5.397 stigum sem er lægra gildi en hún var í um áramótin. Mest lækkuðu bréf Landsbankans og FL Group. Sérfræðingar segjast ekki enn sjá fyrir endann á lækkun markaðarins og krónunnar. Stórir fjárfestar haldi að sér höndum og bíði eftir því að sjáist til botns. Ekki sé að vænta viðsnúnings fyrr en um hægist og fall krónu og markaðar stöðvast.

Rekstrarhorfur flestra fyrirtækja á íslenska markaðnum hafa batnað við fall krónunnar og tekjur og hagnaður meirihluta félaga í Kauphöllinni eykst við lækkun krónunnar. Sérfræðingar búast ekki við að þessi þróun snúist við á næstunni, þó að krónan sé nálægt því sem telja megi jafnvægi til lengri tíma litið. **- eþa /hh** **sjá síðu 24**

Talningu lokið á Ítalíu:

## Sigri Prodis ekki hnikað

**ÍTALÍA, AP** Dómstóll á Ítalíu gaf í gær út formlega staðfestingu á því að Romano Prodi og flokkabandalag hans hafi unnið nauman sigur í nýafstöðnum þing kosningum á Ítalíu.



**ROMANO PRODI**

Eftir að hafa farið yfir 5.200 vafaatkvæði komst dómstóllinn að þessari niðurstöðu.

Engu að síður virðist Berlusconi ekki ætla að viðurkenna ósigur sinn. Efnahagsráðherra í ríkisstjórn hans sagði að málið hefði ekki verið til lykta leitt. **- gb**

Lög um greiðslur foreldra langveikra barna gilda ekki um eldri börnin:

# Reiðarslag fyrir foreldrana

**FÉLAGSMÁL** „Það er reiðarslag fyrir þá foreldra langveikra barna, sem hafa verið með skerta starfsorku árum og áratugum saman, að þeir skuli ekki eiga rétt á greiðslu," segir Falur Þorvaldsson á Bolungarvík um ný lög um greiðslu til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Samkvæmt lögunum eiga einungis foreldrar rétt á greiðslum hafi barn þeirra verið greint sem langveikt 1. janúar 2006 eða síðar. Hinir, sem hafa verið með langveik börn, jafnvel svo árum skiptir fá ekki neitt.

Falur og eiginkona hans, Kristrún Hermannsdóttir, eignuðust son árið 1990. Hann var með heilahrörnum og lést í janúar 1998. Kristrún vann nánast ekkert þann tíma sem drengurinn lifði. Árið 2003 eignuðust þau annan dreng, sem trúlega er með sömu fötlun, að sögn Fals.



**ENGAR GREIÐSLUR** Kristrún Hermannsdóttir með soninn Eyþór Inga Falsson. Hún og eiginmaður hennar fá engar greiðslur.

„Þá hófst sama ferlið," segir Falur sem var sjálfstæður atvinnurekandi þar til síðastliðið sumar. Þá seldi hann sinn hlut í útgerð sem hann hafði rekið við annan mann. „Frá því fyrir jól hef ég getað hlaupið í vinnu sem svarar tveimur vinnuvikum. Ég er fyrirvinna heimilisins. Ég er ekki að tala út frá eigin afkomu, en ég skil ekki hvernig fólk með langveik börn sem hefur ekkert annað en vinnuframlag sitt, kemst af. Eftir því sem ég skil þetta frumvarp þá miðast það eingöngu við að hjálpa foreldrum í kringum tímabundna erfiðleika," segir Falur.

Ragna Kristín Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju, stuðningsfélags langveikra barna og foreldra þeirra, segir fjölmarga foreldra vera „agndofa og sára" yfir þessum lögum. **- jss**





Gleðilegt sumar!

Uppákomur og fjör í allan dag

Opið 13–17

Kringlan

MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ



## SPURNING DAGSINS

*Eggert, fer ekki fækkandi í vinahópnum?*

„Vinir einkabílsins hafa aldrei verið fleiri. Vinum bensínstöðva fer hins vegar fækkandi.“

Skóinn kreppir hjá bíleigendum með síhækkandi olíuverði. Eggert Páll Ólason er formaður samtakanna Vinir einkabílsins sem stofnuð voru á síðasta ári.

Fundi níu ríkja um Íransmálið lokið í Moskvu:

# Trúa á friðsamlega lausn

**MOSKVA, AP** „Næstum því öll ríkin eru að íhuga einhvers konar refsiaðgerðir, og það er nýtt,“ sagði Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Moskvu í gær að loknum tveggja daga fundarhöldum fastaveldanna fimm í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna með fulltrúum átta ríkja iðnveldahópsins.

„Við trúum því að friðsamleg lausn sé möguleg,“ sagði Burns í gær, þegar fundarhöldunum var lokið, en tók jafnframt undir orð Bush Bandaríkjaforseta, sem vildi ekki útiloka að kjarnorkuárás verði gerð á Íran. „Auðvitað halda Bandaríkin alltaf öllum möguleikum opnum,“ sagði Burns, „en við einbeitum okkur að friðsamlegum viðræðum.“

Fastaveldin fimm, sem hafa neitunarvald í Öryggisráðinu, eru Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Rússland. Bæði Rússar og Kínverjar hafa ítrekað lýst andstöðu sinni við að Öryggisráðið grípi til refsiaðgerða gegn Íran.

Í átta ríkja hópnum eiga þessi sömu ríki fulltrúa, að undanskildum Kínverjum, en einnig eiga þar Ítalía, Japan, Kanada og Þýskaland fulltrúa.

- gb



**NICHOLAS BURNS** Aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna gerir sér vonir um að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki refsiaðgerðir gegn Íran. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingfesting í næstu viku:

# Enn ný gögn í Baugsmálinu

**BAUGSMÁL** Settur saksóknari í Baugsmálinu leggur fram ferkari gögn með þeim 19 ákæruliðum í Baugsmálinu sem þingfest verður í Héraðsdómi Reykjavíkur 27. apríl næstkomandi. Þeirra á meðal eru gögn sem ættuð eru frá embætti skattrannsóknastjóra.

Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger eru bornir sökum í málinu, en það er reist á ákæruatriðum sem dómstólar höfðu áður vísað frá. Sex ákæruliðir úr fyrra Baugsmálinu eru enn fyrir Hæstarétti og óljóst hvort dómur verður upp kveðinn fyrr en eftir réttarhlé í sumar.

- jh

Kveikt í tveimur bílum:

# Bílar ónýtir eftir íkveikjur

**LÖGREGLUMÁL** Kveikt var í tveimur bílum í fyrrinótt en slökkvilið höfuðborgarsvæðisins slökkti eldinn í báðum tilfellum. Engin meiðsl urðu á fólki þar sem bílarnir voru mannlausir.

Bílarnir eru ónýtir eftir eldinn en lögreglan í Reykjavík leitar þeirra sem kveiktu í bílunum.

Slökkviliðið fékk tilkynningu klukkan tíu mínútur yfir fjögur í fyrri nótt vegna elds í bíl við Torfufell. Slökkvistarf gekk hratt og vel fyrir sig. Tuttugu mínútum seinna var aftur tilkynnt um eld í bíl við Selás í Víðidal. Þar gekk slökkvistarf sömuleiðis vel.

Þeir sem telja sig geta veitt einhverjar upplýsingar um þessar tvær íkveikjur eru beðnir að snúa sér til lögreglunnar í Reykjavík.

- mh

Slys á Madeira í Portúgal:

# Nafn mannsins sem lést



Maðurinn sem lést á páskadag af slysförum á gönguferðalagi á portúgölsku eynni Madeira hét Árni G. Stefánsson.

Árni var sjötugur að aldri, fæddur 3. nóvember 1932. Hann lætur eftir sig eiginkonu og fjögur börn. Árni var búsettur í Reykjavík. ■

## KIRGISISTAN

**Bandaríkin greiði meira** Forseti Mið-Asíulýðveldisins Kirgisistans hótaði í gær að segja upp samningi um herstöð Bandaríkjahers í landinu, nema Bandaríkjastjórn lýsi sig reiðubúna að greiða meira fyrir aðstöðuna. Rússar hafa ekki verið alls kostar sáttir við að hún skyldi hafa verið veitt í þessu fyrrverandi Sovétlýðveldi.



**FÆÐUBÓTAREFNI** Fjölmargar tegundir fæðubótarefna eru fáanlegar hér á landi og eru mikið notaðar.

# Fæðubótarefnið Lið-Aktín innkallað

**Rannsókn á innihaldi vinsæls fæðubótarefnis, Lið-Aktíns, sem Lyfjastofnun lét gera leiddi í ljós að efnisinnihald var ekki í samræmi við upplýsingar á umbúðum. Of lítið var af glúkosamíni, efni sem veitir bót á slitgigt og liðagigt.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjastofnun hefur til athugunar mál sem varðar innihaldslýsingar á einni tegund vinsæls fæðubótarefnis, Lið-Aktíns, sem seld er hér á landi. Stofnunin gekkst fyrir því að innihald fæðubótarefnisins var rannsakað á erlendri rannsóknarstofu. Niðurstöður benda til þess að efnisinnihaldið sé ekki í samræmi við þær upplýsingar sem gefnar eru á umbúðum þess, heldur sé um mun minna magn að ræða.

Fæðubótarefnið Lið-Aktín, sem er til skoðunar hjá Lyfjastofnun er eitt þeirra efna sem innihalda svokallað glúkósamín. Það er mjög vinsælt hér og kynnt sem tæki til að byggja upp brjósk í beinum sem hefur eyðst með aldrinum. Einnig er sagt að það eyði bólgum og rannsóknir bendi til yfirburða þess yfir bólgueyðandi gigtarlyf hvað verkun varði. Þannig hafi einstaklingar sem þjást vegna slits eða skemmda á brjóski fengið bata með því að nota glúkósamínblandaða vöru. Efnið gagnist bæði gegn liðagigt og slitgigt.

Hafdís Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Heilsu hf. sagði í gær, eftir að hún hafði fengið bréf um niðurstöður rannsóknarinnar frá Lyfjastofnun, að allt Lið-Aktín sem hér væri í verslunum yrði innkallað.

„Ég ætla að láta rannsaka þetta betur með hraði til að vita hvað kemur út úr því,“ sagði Hafdís. „Þetta fer ekki á markað aftur fyrr en ég er hundrað prósent viss um að það sé í lagi með það. Þetta er alls ekkert hættulegt, en þetta á að vera í lagi og verður það.“

Lið-Aktínið er framleitt í Kanada fyrir markaðinn hér og hefur þegar verið haft samband við verksmiðjuna þar vegna málsins. Hafdís sagði að of mikill munur hefði verið á innihaldi glúkósamínsins sem rannsókn á vegum Lyfjastofnunar sýndi og magnsins sem gefið væri upp á umbúðunum. Að vísu væri um að ræða sendingu frá apríl 2004, en allar sendingar yrðu nú athugaðar.

„Að selja fólki vöru sem er undir styrkleika er eitthvað sem Heilsa hf. vill ekki gera. Því munum við láta gera stikkprufur úr fleiri efnum og hafa skemmra á milli þeirra prófana. Það er vinnuregla sem verður komið á hér eftir.“

**jss@frettabladid.is**

Ríkisútvarpið til umræðu:

# Daglöng ræðuhöld á þingi

**RÍKISÚTVARPIÐ** Búist er við löngum og ströngum umræðum á Alþingi um frumvarp til laga um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Önnur umræða stóð fram eftir í gærkvöldi en ráðgert var að fresta þingfundi um miðnætti og taka upp þráðinn á morgun. Össur Skarphéðinsson og Katrín Júlíusdóttir, Samfylkingunni, héldu ræðustólnum fram á kvöld. Þau gagnrýndu meðal annars áform um að fjármagna Ríkisútvarpið með nefskatti og létu í ljósi efasemdir um heilindi Sjálfstæðimanna þegar þeir segðust ekki ætla að einkavæða ríkisútvarpið.

Umræðum verður fram haldið á morgun og laugardag.

- jh



**FRÁ SLYSSTAÐ** Ökumenn beggja bílanna slösuðust, annar þeirra alvarlega að talið er. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Umferðarslys við Vífilsstaði:

# Vörubílar skullu saman

**SLYS** Tveir menn, annar töluvert slasaður, voru fluttir á slysadeild Landspítalans í Fossvogi síðdegis í gær eftir að tveir vörubílar með tengivagna skullu saman í Molduhrauni á Reykjanesbraut. Klippa þurfti annan ökumanninn út úr bíl sínum. Miklar tafir urðu á Hafnarfjarðarvegi frá því slysið varð klukkan 17 og þangað til bílarnir voru dregnir á brott á áttunda tímanum í gærkvöldi.

Tildrög slyssins voru þau að öðrum bílnum var ekið í veg fyrir hinn þar sem hann var að fara út á akbrautina þar sem breikkun Reykjanesbrautar stendur yfir. - shá




Hannes G. Sigurðsson, hagfræðingur Samtaka atvinnulífsins:

# Kaupmáttur dregst saman

**EFNAHAGSMÁL** Launavísitala hefur hækkað um 0,3 prósent milli mánaða febrúar og mars og mælist því 285,4 stig í mars. Launavísitalan hefur hækkað um 8,6 prósent á ársgrundvelli. Kaupmáttur launa hefur vaxið um 3,9 prósent að meðaltali síðustu tólf mánuði.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, segir að helstu skýringar á hækkuninni séu launabreytingar hjá sveitarfélögunum í kjölfar samninga Reykjavíkurborgar við ófaglært starfsfólk auk þess sem nokkurt launaskrið sé á almennum vinnumarkaði, sérstaklega í verslun og byggingariðnaði, þeim greinum þar sem þenslan er mest.

Ólafur Darri bendir á að hagvöxtur sé meiri hér en í flestum nágrannalöndum og ekki sé undarlegt að launafólk njóti þess í formi hærri launa. Verðlag hafi nú hækkað um 1,1 prósent og laun um 0,3 prósent. Nokkrar líkur séu á því að hratt dragi úr kaupmætti.

„Kaupmáttur launa á Íslandi er hærri en samrýmist jafnvægi í efnahagslífinu,“ segir Hannes G. Sigurðsson, hagfræðingur Samtaka atvinnulífsins. „Kaupmátturinn hlýtur því að dragast saman. Sá samdráttur er að byrja. Kaupmáttur gagnvart erlendum vörum hefur til dæmis minnkað mikið eftir gengið breyttist. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt og eðlilegt að það dragi úr kaupmætti launa.“

- ghs / sjá síðu 24



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON**



**HANNES G. SIGURÐSSON**

**ÞRÓUN KAUPMÁTTAR LAUNA Á ÍSLANDI OG Í DANMÖRKU**

1. ársfjórðungur 2000





Íslensk blóm
hollenskt verð

| | |
|---|---|
| 10 Rósir | 999 |
| 5 Liljur | 999 |
| 5 Krýsi | 999 |
| Heimilisvendir | 699 |
| Hawairós | 999 |
| Orkideur | 999 |
| Begonía | 699 |
| Iðna Lisa | 699 |

# Blómamarkaður

*í upphafi sumars*



Sýpris 100 sm
og leirpottur
999

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 19.4.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 77,36 | 77,72 |
| Sterlingspund | 138,1 | 138,78 |
| Evra | 95,46 | 96,95 |
| Dönsk króna | 12,794 | 12,868 |
| Norsk króna | 12,206 | 12,278 |
| Sænsk króna | 10,249 | 10,309 |
| Japansk jen | 0,6612 | 0,665 |
| SDR | 112,62 | 113,3 |

*Gengisvísitala krónunnar*

133,012

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sýningu listakonunnar Stellu Sigurgeirsdóttur spillt:

# Listaverki stolið af sýningu

**LÖGREGLUMÁL** Einu af tuttugu útilistaverkum listakonunnar Stellu Sigurgeirsdóttur var stolið nú um páskahelgina. Það var athugull borgarbúi sem hringdi í Stellu og tilkynnti hvarfið. Verkið stóð á umferðareyju á Breiðholtsbraut á milli Fella- og Seljahverfa og stóð fyrir hamingju, gleði og félagsskap.

Verkið var hluti af sýningu Stellu sem hún kallar Where Do We Go Now But Nowhere! eða Hvert förum við nú nema hvergi! Það var Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri sem afhjúpaði sýninguna á Vetrarhátíð í febrúar og stendur hún fram yfir Menningarnótt.

Sýningin er byggð upp af verkum sem líkjast að forminu til umferðarskiltum en myndefnið er þó að öllu leyti ólíkt. Verkin standa um alla Reykjavíkurborg. Stella segir það slæmt að vegfarendur geti ekki notið verksins lengur. Hún segir tjónið fyrst og fremst tilfinningalegt fyrir sig. „Við erum fjórir vinir á þessu skilti, þannig að þetta eru alvöru persónur og ég er ein þeirra. Ég skil ekki hvaða gildi þetta verk hefur fyrir aðra.“

Hún segist vona að þeir sem tóku verkið sjái að sér og skili henni verkinu. „Mér þætti ósköp vænt um það og engir eftirmálar munu verða af því.“ **- shá**



**LIST STELLU SIGURGEIRSDÓTTUR** Myndin sem hvarf er neðst í horninu til vinstri. Hún sýnir Stellu og vini hennar hlæjandi og listaverkið hefur mikla tilfinningalega þýðingu fyrir listakonuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STELLA

Danski dagblaðamarkaðurinn:

# Søndagsavisen í frídreifingu

**DANMÖRK** Boðuð stofnun fríblaðs að fyrirmynd Fréttablaðsins í Danmörku hefur nú orðið til þess að útgefendur vikublaðsins Søndagsavisen hafa ákveðið að dreifa blaðinu ókeypis inn á flest dönsk heimili á tólf völdum helgum á þessu ári. Tilgangurinn er að hámarka auglýsingatekjur, en þess er vænst að samkeppnin um þær muni aukast til muna með tilkomu nýja blaðsins.

Að því er fréttavefur Politiken hefur eftir framkvæmdastjóra Søndagsavisen, dregur hann enga dul á að hin áformaða frídreifing séu viðbrögð við hinu væntanlega fríblaði Dagsbrúnar. **- aa**

Suðurkóreska þingið:

# Kona kjörin forsætisráðherra

**SUÐUR-KÓREA, AP** Fyrrum andófskona, sem á áttunda áratugnum var fangelsuð fyrir pólitískar skoðanir sínar, var í gær skipuð forsætisráðherra Suður-Kóreu. Han Myung-sook er fyrsta konan sem gegnir því embætti þar í landi.



**HAN MYUNG-SOOK**

Roh Moo-hyun, forseti landsins, skipaði Han í embætti í síðasta mánuði, eftir að Lee Hae-chan, fyrrum forsætisráðherra landsins, sagði af sér vegna ásakana um að spila golf frekar en að sinna skyldum sínum, en þingið þurfti að kjósa um embættið. Kusu þingmenn hana í gær með 182 atkvæðum gegn 77.

Han, sem berst mikið fyrir réttindum kvenna, tekur formlega við embætti í dag. **- smk**

Aðgerðir stjórnvalda í fiskeldi:

# Höfðum rétt fyrir okkur

**FISKELDI** Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi, fagnar stuðningi ríkisstjórnarinnar við fiskeldi í landinu með fjárframlögum til kynbóta og rannsókna á eldisfiski. Stórum eldisfyrirtækjum er jafnframt heitið raforku á þeim afsláttarkjörum sem gilt hafa.

„Betra er seint en aldrei. Það þurfti að vísu að reka iðnaðarráðherra til þess að ná áttum varðandi raforkuverðið. Þetta staðfestir að ég hafði á réttu að standa varðandi miklar hækkanir á raforkureikningum þessara fyrirtækja,“ segir Kristján. **- jh**

# McClellan og Rove víkja úr Hvíta húsinu

**George W. Bush Bandaríkjaforseti hélt í gær áfram uppstokkun á samstarfsmannaliði sínu í aðdraganda þingkosninga vestra. Talið er að tilgangurinn sé ekki síst að bregðast við dalandi vinsældum forsetans í skoðanakönnunum.**

**WASHINGTON, AP** Scott McClellan, talsmaður Hvíta hússins, tilkynnti afsögn sína í gær og Karl Rove, nánasti stjórnmálaráðgjafi George W. Bush forseta, mun að sögn háttsetts talsmanns Bandaríkjastjórnar víkja úr embætti sínu í Hvíta húsinu. Þessar mannabreytingar bætast við aðrar sem boðaðar hafa verið í vikunni, en þær eru róttækasta uppstokkunin á stjórnarliði Bush frá því hann flutti fyrst í Hvíta húsið fyrir fimm árum.

Rove, sem hefur verið einn nánasti ráðgjafi Bush frá upphafi pólitísks ferils hans í Texas snemma á tíunda áratugnum, tók fyrir ári við sem varastarfsmannastjóri Hvíta hússins en sem slíkur hefur hann verið ábyrgur fyrir samhæfingu mestallrar stefnumótunar forsetaembættisins. Hann hefur verið nánasti ráðgjafi forsetans.

Háttsettur fulltrúi stjórnarinnar, sem ekki vildi láta nafns síns getið vegna þess að Bush hefur ekki enn tilkynnt opinberlega um breytinguna á högum Rove, sagði að Rove myndi nú snúa sér að því að stýra skipulagningu kosningabaráttu Repúblikanaflokksins fyrir þingkosningarnar í nóvember.

Nýr varastarfsmannastjóri kvað verða Joel Kaplan, sem nú er varafjárlagaráðherra. Áður hafði Bush skipað Joshua Bolten nýjan starfsmannastjóra Hvíta hússins, en hann var áður fjárlagaráðherra.

Á þriðjudag tilkynnti Bush að Rob Portman, sem verið hefur utanríkisviðskiptaráðherra, tæki við fjárlagaráðherraembættinu. Nýr utanríkisviðskiptaráðherra verður Susan Schwab.



**MCCLELLAN OG BUSH** Þeir voru glaðhlakkalegir vinirnir Scott McClellan og Bush forseti er þeir tilkynntu fyrir utan Hvíta húsið í gær að McClellan myndi hætta sem blaðafulltrúi embættisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vinsældir Bush hafa aldrei verið minni í skoðanakönnunum vestra. Aðeins um 35 prósent aðspurðra í skoðanakönnunum segjast nú sátt við frammistöðu Bush í embætti. Óvinsældirnar eru fyrst og fremst raktar til þess að meirihluti Bandaríkjamanna lítur nú svo á að Íraksstríðið sé klúður, en rannsókn sem nú er í gangi á upplýsingaleka úr Hvíta húsinu sem Rove og I. Lewis Libby, fyrrverandi starfsmannastjóri Dicks Cheneys varaforseta, eru bendlaðir við, hefur heldur ekki hjálpað til að bæta almenningsálitið. Ýmsir forsvarsmenn Repúblikanaflokksins höfðu því lengi þrýst á um að Bush stokkaði upp í ráðgjafaliði sínu. **- aa**



**CARL ROVE** Nánasti ráðgjafi Bush er sagður munu snúa sér að skipulagningu kosningabaráttu repúblikana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SKÁL!** Bill Gates og Hu Jintao. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Kína í Bandaríkjunum:

# Hitti Bill Gates fyrstan manna

**BANDARÍKIN, AP** Hu Jintao, forseti Kína, hélt í gær til Bandaríkjanna í opinbera heimsókn og mun í dag hitta að máli George W. Bush Bandaríkjaforseta í Washington.

Í gær lét Hu Jintao það hins vegar verða sitt fyrsta verk að heimsækja tölvufyrirtækið Microsoft og snæddi síðan hádegisverð með forstjóranum Bill Gates.

Næst lagði Kínaforseti leið sína í Boeing-flugvélaverksmiðjurnar í Seattle. Boeing-verksmiðjurnar gera sér vonir um að selja mikið af flugvélum til Kína á næstu árum. **- gb**

Stjórnarkreppan í Írak:

# Al-Jaafari situr sem fastast

**BAGDAD, AP** Ibrahim Al-Jaafari sagðist í gær staðráðinn í að vera áfram forsætisráðherra Íraks, þrátt fyrir harða andstöðu bæði kúrda og súnní-múslima. Al-Jaafari nýtur stuðnings sjía-múslima, sem ráða yfir meirihluta á íraska þinginu, en stjórnarmyndun er ekki möguleg nema kúrdar og súnní-múslimar veiti samþykki sitt.

Leiðtogar þessara þriggja megínfylkinga á íraska þinginu eru undir miklum þrýstingi frá Bandaríkjunum um að leysa sem fyrst úr stjórnarkreppunni, sem stafar af deilunum um Al-Jaafari. **- gb**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LOGNIÐ Á UNDAN....**

Það eru ekki lætin í veðrinu þennan daginn. Fallegasta veður víðast hvar með hægviðri og frostlausu veðri. En þetta er að breytast því í nótt snýr hann sér í suðaustanátt með rigningu og hlýnandi veðri og eru horfur á slagviðri mjög víða. Að líkindum nær úrkoman yfir á Norðausturlandið einnig, síðla morgundags.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg breytileg átt og bjart með köflum. Hiti 3-5 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Stíf suðaustan átt.



Sunnan og suðvestan 5-13 m/s.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skýjað | Manchester | 12°C léttskýjað | Torrevieja | 23°C léttskýjað |
| Osló | 7°C skýjað | París | 19°C léttskýjað | Mílano | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C skýjað/skúr | Frankfurt | 17°C hálfskýjað | New York | 24°C léttskýjað |
| Helsinki | 7°C skýjað | Madríd | 19°C hálfskýjað | San Francisco | 17°C léttskýjað |
| London | 13°C skýjað | Barcelona | 18°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 31°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Sumargleði í Kringlunni

## Sumarið er komið!

Í Kringlunni finnur þú fallegar sumargjafir við allra hæfi, nýjustu sumartískuna og allt sem þú þarft til að komast í sumarskap.

## Uppákomur og húllumhæ

Fjölbreytt skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna.

- Hoppukastali og barnatónlist á útitorgi
- Ókeypis andlitsmálun
- Bangsímon kemur í heimsókn og gefur sælgæti
- Allir krakkar sem koma í Ævintýraland fá blöðru og sumargjöf

## Ratleikur Ronju ræningjadóttur kl. 13.30

Taktu þátt í æsispennandi Ronju-ratleik og þú gætir unnið miða á Ronju ræningjadóttur í Borgarleikhúsinu eða gjafakort í Ævintýraland! Ronja mætir í eigin persónu á Blómatorg Kringlunnar og hefur leikinn.

**Opið 13–17 í dag**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Fíton/SÍA F017148



## KJÖRKASSINN

*Er rétt hjá ríkinu að styrkja fiskeldi?*

| | |
|---|---|
| Já | 58% |
| Nei | 42% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlarðu að nota bílinn minna vegna hækkandi bensínverðs?*

vísir

Fjórir menn grunaðir um stórfelldan fíkniefnainnflutning yfirheyrðir:

# Rannsaka umfang smygls

**FÍKNIEFNAMÁL** Fjórir menn um og yfir fertugt, Ólafur Ágúst Ægisson, Ársæll Snorrason, Hörður Hilmarsson og Johan Handriks, sem er Hollendingur, sitja í gæsluvarðhaldi vegna fíkniefnamáls sem lögreglan í Reykjavík og Tollgæslan í Reykjavík rannsaka í sameiningu.

Tveir menn til viðbótar voru handteknir í fyrrakvöld og voru þeir yfirheyrðir í gær.

Starfsmaður Tollgæslunnar í Reykjavík fann fyrir þremur vikum fíkniefni falin í notaðri bifreið á Sundahöfn sem flutt hafði verið til landsins frá Hollandi.

Lögreglan í Reykjavík hóf strax rannsókn á málinu og ákvað að bíða eftir því að bifreiðin yrði afgreidd út úr tollinum. Lögreglan lét til skarar skríða í iðnaðarhúsnæði á Krókhálsi að kvöldi 14. apríl og voru fíkniefnin, samtals tólf kíló af amfetamíni og tíu kíló af hassi, gerð upptæk þegar mennirnir voru að taka þau út úr bílnum.

Hörður Jóhannesson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir útlit vera fyrir að rannsókn málsins sé mjög umfangsmikil. „Ástæðan fyrir því að við höldum mönnum í gæsluvarðhaldi á upphafsstigi rannsókna er meðal annars til þess að auðvelda framgang rannsóknarinnar. Í svona stóru máli er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að rannsóknin leiði til handtöku manna á seinni stigum.“

Tveir mannanna sem sitja í gæsluvarðhaldi, Ársæll og Hörður, hafa ekki setið í fangelsi hér á landi áður en Ólafur Ágúst hlaut níu ára fangelsisdóm árið 2000 fyrir þátt sinn í stóra fíkniefnamálinu. Hann hefur verið á reynslulausn síðan 16. febrúar 2004 vegna heilsufarsástæðna en áður en hann var dæmdur í fangelsi árið 2000 sat hann í gæsluvarðhaldi í 252 daga. **- mh**



**HÖRÐUR JÓHANNESSON** Lögreglan rannsakar nú hversu umfangsmikil starfsemi fíkniefnasmyglara var hér á landi. Talið er að fjöldi manna tengist málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR



**Á FERÐALAGI** Um sex þúsund farþegar ferðuðust með Flugfélaginu um páskana.

Flug um páskahelgina:

## Farþegar um sex þúsund

**FERÐALÖG** Um sex þúsund farþegar ferðuðust með Flugfélagi Íslands um páskana og er það svipaður fjöldi og undanfarin ár. Flugbókanir fara rólega af stað eftir hátíðirnar nema á ferðum til Grænlands, en áhugi á ferðum þangað hefur vaxið mjög á undanförnum árum.

Flugumferð gekk almennt vel utan föstudagsins langa þegar flug féll niður til Ísafjarðar vegna veðurs. Farþegar létu það þó ekki á sig fá og fóru margir keyrandi. ■

Framsóknarfélagið í Eyjum:

## Stendur ekki að V-listanum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Framsóknarfélagið í Vestmannaeyjum mun ekki koma að framboði V-listans. Þetta kom fram á félagsfundi á þriðjudagskvöld og var fullur einhugur félagsmanna um þetta að sögn Sigurðar Vilhelmssonar formanns Framsóknarfélagsins í Vestmannaeyjum.

Á fundinum var ákveðið að fara fram undir merkjum Framsóknarflokksins ef af framboði verður. Sigurður segir að ákvörðunar að vænta á næstunni. **- sdg**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tölvert eignatjón** Fjórir árekstrar urðu í Hafnarfirði í gær. Engin slys urðu á fólki en töluvert eignatjón. Að sögn lögreglu voru sjö ökumenn sektaðir fyrir að tala í farsíma við stýrið og aðrir þrír fyrir of hraðan akstur.



**FRÁ ÞINGSETNINGU** Forseti Alþingis segir enga efnislega samstöðu hafa náðst um eftirlaunafrumvarpið.

# Forsætisnefnd ekki fjallað um eftirlaun

**Sólveig Pétursdóttir forseti Alþingis lýsir yfir að frumvarp um breytingar á eftirlaunum ráðherra, dómara og þingmanna hafi ekki komið á borð forsætisnefndar þingsins. Forsætisráðherra hefur gefið annað til kynna í fjölmiðlum.**

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir þingmaður Samfylkingarinnar segir alrangt hjá Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra að ágreiningur sé í forsætisnefnd Alþingis um breytingar á eftirlaunum ráðherra, þingmanna og dómara og af þei sökum hafi frumvarp þar um ekki verið lagt fram. Jóhanna segir að hið rétta sé að forsætisnefnd hafi í nóvember síðastliðinum verið kynnt lögfræðiálit sem unnið hefði verið fyrir forsætisráðuneytið. „Engin ósk fylgdi frá forsætisráðherra eða hans ráðuneyti um að forsætisnefnd mundi beita sér fyrir breytingum á eftirlaunalögunum. Málið er því ekki til meðferðar í forsætisnefnd og hefur ekki verið,“ sagði Jóhanna í upphafi þingfundar í gær og ítrekaði að eina afskipti nefndarinnar af málinu hefðu verið tengd áðurgreindu lögfræðiáliti.

Sólveig Pétursdóttir forseti Alþingis rakti gang málsins í fyrra og nefndi að samkvæmt áðurgreindu lögfræðiáliti væri hægt



**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

að breyta lögunum en varhugavert væri að væri að hreyfa við lífeyrisréttindum sem þegar hefðu tekið gildi vegna eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. „Í bréfi forsætisráðuneytisins til forseta Alþingis í apríl í fyrra er ekki sett fram nein ósk um viðbrögð við lögfræðiálitinu,“ sagði Sólveig.

Hún rakti að fundur hefði verið haldinn um málið með formönnum flokkanna 16. janúar og þar hefði komið fram efniságreiningur og mismunandi sjónarmið. „Niðurstaðan er því sú að um málið hefur ekki náðst efnisleg samstaða og þar af leiðandi hefur frumvarpið ekki komið á borð forsætisnefndar,“ sagði forseti Alþingis.

Ögmundur Jónasson, vinstri grænum, sagði að nú væri ætlunin að gera á eftiralaunalögunum einhverjar lýtalækningar, „á makalausu frumvarpi núverandi og þáverandi forsætisráðuherra. Þetta frumvarp var flutt á ábyrgð þeirra og á þeirra vegum... Ég mun ekki taka þátt í í einhverjum málamyndagerningi til þess að lappa upp á þetta frumvarp. Það á að rífa þessi makalausu lífeyrislög upp með rótum. Setja alla þá sem undir lögin heyra inn í almenna lífeyrissjóði þar sem þeir eiga heima,“ sagði Ögmundur.

„Þetta hefur ekki verið rætt við forystumenn flokkanna síðan í janúar. Framsóknarflokkurinn sefur á þessu frumvarpi og er ekkert að rumska,“ sagði Margrét Frímannsdóttir, Samfylkingunni.

**johannh@frettabladid.is**





Námið er fyrir fólk sem vill sinna stefnumótun, stjórnun og rannsóknum í lýðheilsu og með því hafa áhrif á hag og líðan einstaklinga. Sérstök áhersla er lögð á málefni barna og ungmenna.

Námið hefur verið skipulagt í samstarfi við virta erlenda háskóla.

Lýðheilsufræði til M.P.H. gráðu
(Master of Public Health)
Lýðheilsu- og kennslufræði til M.ED. gráðu
(Master of Education)

**Umsóknarfrestur til 29. maí**
**www.ru.is**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is


Skeljungur og Esso hækkuðu verð á bensínlítranum annan daginn í röð:

# Mikill órói á mörkuðum

**NEYTENDUR** Olíufélögin Skeljungur og Esso hækkuðu eldsneytisverð sín um 3,30 krónur hvern lítra í gær vegna óróa á erlendum mörkuðum og veikingar krónunnar.

Bensínlítrinn kostar því 131,1 krónu á stöðvum þessara félaga með fullri þjónustu en 126,1 á flestum sjálfsafgreiðslustöðvum. Engin hækkun hafði orðið hjá Olíuverslun Íslands seinnipartinn í gær og heldur ekki á bensínstöðvum Orkunnar, ÓB eða Atlantsolíu en umrædd félög hafa jafnan fylgt í kjölfar þegar hækkanir verða.

Hjá Olíufélaginu fengust þær upplýsingar að hækkunin stafaði af heimsmarkaðsverði sem hækkað hefur um 35 prósent frá áramótum en veiking krónunnar hefur einnig mikið að segja. Hefur hún veikst um rúm 20 prósent frá áramótum. Er þetta einnig samkvæmt spám sérfræðinga erlendis sem spá hafa frekari hækkunum á heimsmarkaðsverði og ekki sér enn fyrir endann á. **- aöe**



**BREGÐUR Í BRÚN** Margir hafa fundið verulega fyrir þeim miklu eldsneytishækkunum sem orðið hafa að undanförnu. Frekari hækkanir eru líklegar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Afnemum VSK
## af öllum Prostyle hágæða hjólum

### 26"hjól
City Cruiser




**OPIÐ Í DAG**
sumardaginn fyrsta
frá kl. 10

### 12"hjól 3-5 ára — Champion

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.



### 12"hjól 3-5 ára — Girl

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.



# Afnemum VSK
## af öllum hjólum aðeins í dag

### 16"hjól 5-7 ára

Bre
að f
að a
Hjól
ped
aftan
lás, b
að aft
frama
keðjuh
hjálpa
dekk.



### 16"h... — ...ss

keðjuhlíf.



### 20"hjól 7-9 ára — Eos Fatboy

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og að framan
**Dekk:** Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk að framan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krómbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.



### 20"hjól 7-9 ára — Queen

**Gírar:** 6 gíra.
**Tegund gíra:** Shimano grip shift.
**Bremsur:** Handbremsur að framan og að aftan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að framan og að aftan.



Gildir 20. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað ætlar Landhelgisgæslan að leigja margar þyrlur?*

2 *Hvaða bandaríska dagblað fjallaði ítarlega um íslensk efnahagsmál í vikunni?*

3 *Hvað eru mörg ár síðan kjarnorkuslysið í Tsjernóbyl varð?*

SVÖR Á BLS. 70

Sjóminjasafnið varðveitir muni Siglingamálastofnunar:

# Gripirnir komnir í örugga höfn

**SAFNAMÁL** Víkin, Sjóminjasafnið í Reykjavík mun taka að sér að varðveita muni Siglingastofnunar Íslands. Samningur þessa efnis var undirritaður í gær. Auk þess að taka að sér varðveislu felur samningurinn í sér að safnið mun taka að sér skráningu safnmuna auk miðlunar og sýningarhalds eftir því sem tilefni er til.

Helgi Sigurðsson, sviðsstjóri safnamála Víkurinnar, segir að minjarnar séu annars vegar hafnarmálaminjar og hins vegar vitamálaminjar því að Siglingastofnun varð til við samruna Vita- og hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar árið 1996. Verið er að gera skrá yfir munina sem Helgi telur vera um 500 talsins. Sá fjöldi veldur safnvörðum ekki áhyggjum því safnið hefur um 2000 fermetra safnrými til umráða. Þó gæti svo farið að vandamál við varðveislu kæmu upp innan skamms tíma.

„Á næstunni mun safnið taka við gripum frá Eimskip, Landhelgisgæslu Íslands, sjómannaskólanum og Granda. Það er allt í gangi. Þetta er uppsafnaður vandi og svona gerist þegar safn tekur til starfa tuttugu árum of seint,“ segir Helgi. - shá



**FRÁ UNDIRRITUN** Sigrún Magnúsdóttir, forstöðumaður sjóminjasafnsins, og Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri, handsala hér samninginn.

Leikskólabörn í Hafnarfirði:

## Gjöld lækka um 70 þúsund

**BÆJARMÁL** Leikskólagjöld í Hafnarfirði lækka verulega um næstu mánaðamót og mun þá dvalarkostnaður á hvert barn á almennum gjöldum lækka um rúmar 70 þúsund krónur á ársgrundvelli.

Ákvörðun um þetta var tekin í bæjarráði í vikunni en aukinn kostnaður vegna þessa er áætlaður um 80 milljónir króna árlega. Að sögn Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra er ákvörðunin tekin vegna góðrar afkomu bæjarsjóðs en niðurgreiðslur til dagforeldra voru hækkaðar nýverið. - aöe

Utanríkisráðherrar funda:

## Rætt um öryggi og samráð

**UTANRÍKISMÁL** Geir H. Haarde, utanríkisráðherra, situr nú fund utanríkisráðherra Norðurlandanna á Svalbarða sem lýkur í dag. Öryggismál á norðurslóðum voru til umræðu í gær og gerði utanríkisráðherra grein fyrir stöðunni í viðræðunum við Bandaríkin um framtíð varnarsamstarfsins. Einnig ræddi Geir nauðsyn þess að efla samstarf og samráð um öryggi í siglinum og viðbúnað ríkja við Norður-Atlantshaf til að bregðast við aukningu sjóflutninga í tengslum við auðlindanýtingu á norðurslóðum. - shá

# Uppflosnaðir þjást víða

**Þótt fjöldi flóttafólks í heiminum sé nú sá minnsti í 25 ár, þjást sífellt fleiri uppflosnaðir óbreyttir borgarar, ekki síst vegna hertra laga um flóttamenn. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna.**

**BRETLAND, AP** Tala landflótta manna í heiminum hefur ekki verið lægri í aldarfjórðung og situr nú í 9,2 milljónum, samkvæmt tölum flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Á sama tíma verður framtíð 25 milljóna uppflosnaðra manna sem enn eru í heimalöndum sínum sífellt svartari, að því er fram kemur í skýrslu sem stofnunin gaf út í Bretlandi í gær. Jafnframt sæta flóttamenn æ strangari hömlum á griðastöðum sínum og þjást vegna vaxandi ótta í heiminum við hryðjuverk.

Skilgreiningin milli flóttamanna og annarra sem flýja heimili sín sjálfviljugir er afar óljós. Í skýrslunni kemur fram að fólk sem hefur flosnað upp frá heimilum sínum vegna hernaðarátaka er ekki skilgreint sem flóttamenn fyrr en það flýr til annarra landa. Telja höfundar skýrslunnar að alls séu um 175 milljónir manna uppflosnaðar af einni eða annarri ástæðu í heiminum, og árétta að nauðsynlegt sé að endurskoða hugtökin.

Árið 1994 töldust 18 milljónir manna flóttamenn í heiminum, og hefur sú tala því minnkað um 50 prósent á áratug, aðallega vegna færri vopnaðra átaka og flóttamanna sem flutt hafa heim aftur, svo sem í Afganistan og Síerra Leóne. En þeir sem ekki falla undir skilgreininguna á flóttamanni lifa í sífellt meiri hættu vegna vaxandi óöryggis og skorts á umbyrðarlyndi, sem og minnkandi fjárframlaga, að sögn Antonios Guterres, framkvæmdastjóra UNHCR. Hann bætti við að ástandið væri sérstaklega slæmt í Tsjad og Súdan. Guterres sagði jafnframt „mesta misbrest“ alþjóðasamfélagsins liggja í því að koma aðstoð til uppflosnaðs fólks.

Skýrslan var gefin út sama dag og sjö flóttamenn sem sitja í haldi í London hófu ellefta dag hungurverkfalls sem ætlað er að mótmæla þeim langa tíma sem bresk yfirvöld taka í að yfirfara mál þeirra. Alls eru 118 flóttamenn í búðunum, flestir af afrískum og tyrkneskum uppruna.

Eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin árið 2001 hafa mörg vestræn ríki hert reglur sínar um flóttamenn, sem aftur hefur leitt til þess að fleiri flóttamönnum er vísað úr landi þrátt fyrir alvarlegt ástand í heimalandinu.

„Flóttamenn eru ekki hryðjuverkamenn,“ sagði Guterres. „Þeir eru oft fyrstu fórnarlömb hryðjuverka.“

Hann benti jafnframt á að þó að stofnunin hefði áhyggjur af þróun mála í Bandaríkjunum, tækju Bandaríkin samt sem áður við fleiri flóttamönnum en flest Evrópuríki, og kallaði eftir sameiginlegu flóttamannakerfi innan Evrópusambandsins.

smk@frettabladid.is



**FLÓTTAFÓLK FRÁ SÚDAN** Þessar konur voru að ná í vatn til að fara með í flóttamannabúðir sínar í Tsjad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Hjólbarða í rétta rás



H2 hönnun

Við kaup á hjólbörðum er innheimt úrvinnslugjald. Það er notað til að greiða fyrir meðhöndlun, endurnýtingu eða förgun hjólbarða eftir að notkun þeirra lýkur. Einstaklingar og fyrirtæki geta því skilað ónýtum hjólbörðum án þess að greiða sérstakt gjald fyrir eyðingu eða förgun þeirra.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR www.urvinnslusjodur.is


Olíuverð á heimsmarkaði aldrei hærra:

# Íran og Nígería valda spennu

**OLÍUVERÐ, AP** Olíuverð náði nýju hámarki í viðskiptum gærdagsins á markaði í New York, 71,79 Bandaríkjadali fatið, en lækkaði síðan fyrir lok viðskipta niður í 71,25 dali eftir að Bandaríkjastjórn birti tölur sem sýndu minni aukningu á eftirspurn eftir bifreiðaeldsneyti þar í landi á þessu ári en reiknað hafði verið með. Olíuverð á New York-markaði fór upp fyrir 70 dali á mánudag og hefur haldist yfir því alla vikuna.

Aðalorsakavaldur hækkunarinnar var rakinn til ótta um að deilan um kjarnorkuáætlun Írana muni trufla olíusölu þaðan, auk þeirra truflana sem þegar hafa orðið á olíuútflutningi frá Nígeríu vegna aðgerða uppreisnarmanna þar í landi, svo og minni olíuframleiðslu við Mexíkóflóa og Írak en reiknað var með.

Þessir þættir reyndust vega þyngra en ný skýrsla frá OPEC, samtökum olíuútflutningsríkja, þar sem er spáð minni eftirspurn eftir olíu í heiminum á árinu en vænst var.

Verðið á hráolíu til afgreiðslu í Bandaríkjunum í maí fór á þriðjudag hæst í 71,15 dali fatið. Það er 75 sentum hærra en þegar viðskiptum lauk daginn áður, sem var nýtt met. Það lækkaði í 70,90 dali í gær.

Verðið var reyndar enn hærra á Norðursjávarolíu á Lundúnamarkaði. Það fór í 72,42 dali á fatið í viðskiptum gærdagsins. - aa

**Olíuverð nær nýjum hæðum**

Olíuverð á heimsmarkaði náði nýjum hæðum í gær, meðal annars vegna ótta um hugsanlegar hernaðaraðgerðir gegn Íran og truflanir á olíuútflutningi frá Nígeríu.




Heimild: UPI © GRAPHIC NEWS



20. - 24. apríl

# Vorútsala

í Smáralind

## 15-50% afsláttur af völdum vörum

Komdu og gerðu frábær kaup fyrir sumarið!




**Sumarsýningin Vorboðinn 2006**
**hefst í dag kl. 14 í Vetrargarðinum**




**OPIÐ frá kl. 13 - 18 í dag!**

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000



**VARÚÐ!** Þessi gæs hvæsti illilega á vegfarendur við innganginn í stóra verslunarmiðstöð í Toronto í Kanada á mánudag, því hún og maki hennar hafa gert sér hreiður í blómabeði skammt frá innganginum í húsið, þrátt fyrir mikla umferð manna um svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Upplausn í störfum Alþingis og ekkert samráð segja stjórnarandstæðingar:

# Friðarumleitanir á morgun

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstæðingar segja að með því að raska boðaðri dagskrá þingsins sé búið að setja þinghaldið í algert uppnám á næstunni.

„Án samkomulags og án samráðs við stjórnarandstöðuna er sett niður dagskrá með umdeildum málum. Á færibandi ríkisstjórnarinnar bíða fjölmörg mál sem eru umdeild, ekki aðeins innan þings heldur í þjóðfélaginu almennt,“ sagði Ögmundur Jónasson þingmaður vinstri grænna við upphaf þingfundar í gær.

Margrét Frímannsdóttir, Samfylkingunni, sagði að í raun hefði átt að svara fyrirspurnum á þingfundinum, en 32 fyrirspurnir bíða enn svara frá ráðherrum. Um 35 mál ríkisstjórnarinnar eru misjafnlega á vegi stödd og bíða afgreiðslu þingsins. „Starfsáætlun þingsins er ónýt, því miður. Og það er vegna þess að hér hafa verið sett fram mörg ágreiningsmál sem hafa ekki einu sinni fengið eðlilega umfjöllun í nefndum,“ sagði Margrét.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Össur boðar langvinnar og harðar umræður um RÚV frumvarpið næstu daga.

Össur Skarphéðinsson, Samfylkingunni, boðaði langan og harðan slag um frumvarp um Ríkisútvarpið, en umræðum um það var fram haldið í gær.

Sólveig Pétursdóttir forseti Alþingis ætlar að halda fund með forystu þingflokkanna á föstudag og kvaðst vona að málin skýrðust á þeim fundi. **- jh**

Endurkröfur á tjónvalda:

# Ölvunarakstur helsta orsökin

**UMFERÐARÖRYGGI** Rúmlega 70 prósent af kröfum sem vátryggingafélög eignast á hendur þeim ökumönnum sem valda tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, eru vegna ölvunaraksturs. Þetta kemur fram í tilkynningu frá endurkröfunefnd.

Viðskiptaráðherra skipar nefnd þriggja manna til að kveða á um hvort og að hve miklu leyti beita skuli endurkröfum. Í nefndinni sitja Helgi Jóhannesson, Andri Árnason og Sigmar Ármannsson. Á árinu 2005 bárust nefndinni samtals 70 ný mál til úrskurðar. Af þessum málum samþykkti nefndin endurkröfu í 66 málum. **-mh**

Sparisjóður Norðlendinga

# Mesti hagnaður frá upphafi

**VIÐSKIPTI** Liðlega 186 milljóna króna hagnaður varð af rekstri Sparisjóðs Norðlendinga í fyrra og hefur hagnaðurinn aldrei verið meiri frá því sparisjóðurinn var stofnaður árið 1997. Bókfært eigið fé var 781 milljón króna í árslok og eiginfjárhlutfallið 12,7 prósent.

Útlán jukust um rúma tvo milljarða á árinu og námu um 6,3 milljörðum króna í árslok. Innlán jukust einnig eða um 1,5 milljarð og námu í árslok rúmum 5,5 milljörðum króna. **- kk**



**KRISTJÁN PRINS** Tók þátt í að hylla ömmu sína á 66 ára afmælinu. NORDICPHOTOS/AFP

Afmæli Danadrottningar:

# Litli prinsinn hyllti ömmu

**DANMÖRK** Um tólf þúsund manns hylltu Margréti Þórhildi Danadrottningu á 66 ára afmælisdegi hennar í garðinum við Marselisborgarhöll í Árósum á páskadag.

Yngsti meðlimur konungsfjölskyldunnar, hinn hálfs árs gamli Kristján prins Friðriks- og Maríu Elísabetarson, tók þátt í athöfninni ásamt foreldrum sínum og föðurbræðrum Jóakim prins. Var þetta fyrsta opinbera athöfnin sem litli prinsinn tók þátt í. **- aa**

# Þjónusta við íbúa í Reykjavík verði efld

**Samfylkingin í Reykjavík leggur á það áherslu að þjónusta við unga sem aldna verði elfd. Borgarstjóri segir borgina geta tekið við fleiri verkefnum frá ríkinu.**

**SVEITARSTJÓRNAMÁL** „Við erum þeirrar gæfu aðnjótandi að geta teflt fram reynslumiklu forystufólki sem er tilbúið til þess að stýra borginni inn í nýja tíma,“ sagði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóraefni Samfylkingarinnar, þegar stefnuskrá flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar var kynnt í gær.

Samfylkingin leggur áherslu á að hverfi borgarinnar fái svigrúm til þess að nýta sérstöðu sína og kosti, en í stefnuskránni segir að „öll þjónusta eigi að vera aðgengileg á einum stað og vera veitt eins nálægt íbúum og hægt er.“

Í þessu samhengi horfir Samfylkingin til þess að málefni aldraðra, fatlaðra, og annarrar nærþjónustu verði flutt frá ríki til borgarinnar.

Samfylkingin segist tilbúin til þess að taka við staðbundinni löggæslu í borginni en Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, hefur um árabil talað fyrir því að löggæsla verði færð frá ríki til borgarinnar. „Ég hef lagt til að löggæslan verði færð frá ríki til borgarinnar, það virðist ekki vera áhugi á því hjá ríkinu. Löggæslan er hluti af nærþjónustu sem ég tel að henti sveitarfélögum betur en ríkinu að sjá um. Þar á ég við umferðarlöggæslu og eftirlit í hverfum“

Í stefnuskránni er það lagt til að húsnæðisframboð verði aukið verulega í Reykjavík á næstu árum. Samfylkingin stefnir að uppbyggingu sex þúsund íbúða í Reykjavík á næstu árum.

Í stefnuskránni kemur fram að vilji sé fyrir því hjá Samfylkingunni, að öll málefni aldraða verði færð frá ríki til borgarinnar. „Við viljum halda áfram að efla heimaþjónustu og heimahjúkrun, byggja fleiri hjúkrunarheimili og tryggja örugg úrræði þegar fólk þarf á þeim að halda,“ sagði Dagur.

Samfylkingin hefur ekki áður boðið fram lista í eign nafni í borgarstjórnarkosningum. Dagur telur að reynsla þeirra sem í framboði eru fyrir Samfylkinguna vegi þungt þegar kosið verður í vor. „Það er munaður að geta teflt fram sitjandi borgarstjóra, formanni borgar-, mennta-, velferðar- og skipulagsráðs, og svo mætti áfram telja. Þetta fólk er búið að stýra borginni inn í mesta uppbyggingarskeið í sögu borgarinnar, sem við erum stödd í núna.“

Dagur telur að rík krafa borgarbúa um örugga og markvissa þjónustu muni ráða miklu í kosningunum í vor. „Það er mikilvægt að flokkar geti sýnt það í verki að þeir séu tilbúnir til þess að skapa borgarbúum öruggt þjónustuumhverfi. Það erum við tilbúin að gera. Samfylkingin er skýr valkostur fyrir borgarbúa sem vilja örugga þjónustu, kraftmikla uppbyggingu sem nær til allra, þar sem ungir sem aldnir fá tækifæri til þess að njóta sín.“




**STEFNUSKRÁIN KYNNT** Fram kom í máli Dags B. Eggertssonar, oddvita á lista Samfylkingarinnar, að kraftmikil og örugg þjónusta við íbúa eigi að vera meginviðfangsefni kosninganna í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**KOSNINGAMIÐSTÖÐ UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA** Stefnuskráin var kynnt á blaðamannafundi í gær.

Ungir sjálfstæðismenn:

# Þráðlaust net um alla borg

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Ungir sjálfstæðismenn vilja kanna, í samstarfi við einkaaðila, hvort koma megi á þráðlausu tölvusambandi um alla borg og koma Reykjavík í fremstu röð hvað varðar tölvutækni og nettengingu. „Við ætlum að reyna að vera fyrsta höfuðborgin til að vera þráðlaus borg,“ segir Bolli Thoroddsen, formaður Heimdallar og frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins til borgarstjórnarkosninga í vor.

Þetta er meðal þeirra stefnumála sem koma fram í stefnuskrá ungra sjálfstæðismanna um málefni ungs fólks í borginni en þeir opnuðu kosningamiðstöð sína í gær í gamla Morgunblaðshúsinu.

Í stefnuskránni er farið yfir húsnæðismál ungs fólks, stúdentagarða, skólamál, æskulýðsmál, samgöngumál og fleira.

Ungir sjálfstæðismenn vilja auka möguleika fólks á að kaupa lóðir og telja að nægt framboð sé til að svo megi verða. Sömuleiðis vilja þeir fjölga bílastæðum í miðbænum.

„Aðalatriðið er að einhver gæti hagsmuna ungs fólks og við teljum það vera okkar hlutverk,“ segir Bolli. **- sdg**


LEGACY SUBARU

Með kröftugt drif á öllum hjólum
og veit hvert á að beina þeim




STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan **2.370.000,-** Sjálfskiptur Sedan **2.540.000,-** Beinskiptur Wagon **2.560.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.690.000,-**

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

**TILBOÐ:**

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Legacy

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# VERTU FERÐALANGUR Á HEIMASLÓÐ

## – í dag, sumardaginn fyrsta!



**DAGSKRÁIN KEMUR INN UM LÚGUNA!**

**Ferðalangur á heimaslóð í dag, sumardaginn fyrsta, er tileinkaður ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Dagskrá, sem dreift var í öll hús á höfuðborgarsvæðinu, er fjölbreytt, fjölskylduvæn og mjög skemmtileg þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.** *Athugið, rétt dagskrá í Fjölskyldu- og húsdýragarði á sumardaginn fyrsta er að finna á www.ferdalangur.is.*

HÖFUÐBORGARSTOFA

**www.ferdalangur.is**

Reykjavíkurborg

SAF

FERÐAMÁLASAMTÖK HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Síminn



**SANDSTORMUR** Verkamenn þrifu glerþakið á heimsviðskiptamiöstöð Kína í Peking í gær, eftir að sandstormur þakti gluggana með þunnu lagi af gulum sandi á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breskir læknar ásaka kínversk yfirvöld um brot á mannréttindum:

# Segja líffæri úr föngum seld

**BRETLAND** Nokkrir helstu líffæraflutningalæknar Bretlands hafa ásakað kínversk yfirvöld um að selja líffæri úr föngum sem teknir hafa verið af lífi, samkvæmt fréttasíðu breska ríkisútvarpsins, BBC. Bresku líffæraflutningasamtökin fordæma þessa iðkun og segja hana brot á mannréttindum eins og kom fram í yfirlýsingu sem samtökin sendu frá sér í gær.

Í síðustu viku neituðu kínversk yfirvöld opinberlega ásökunum um að selja líffæri úr föngum, og í mars tilkynntu Kínverjar að sala á líffærum yrði bönnuð í júlí og að skriflegt leyfi yrði að vera fyrir hendi frá líffæragjafanum. Hingað til hafa yfirvöld þar í landi lítt fylgst með líffæraflutningum og sölu á líffærum. Bresku samtökin segja margt benda til þess að líffæri þúsunda fanga sem teknir hafa verið af lífi í Kína hafi verið fjarlægð til líffæraflutninga án samþykkis fanganna eða ættingja þeirra.



**LÍFFÆRAFLUTNINGUR** Breskir læknar ásaka Kínverja um að selja líffæri úr föngum sem teknir hafa verið af lífi. NORDICPHOTOS/AFP

Prófessor Stephen Wigmore, formaður samtakanna, sagði BBC að sá skammi tími sem það tekur að finna hæfan líffæragjafa fyrir líffæraþega bendi til þess að fangarnir séu valdir sérstaklega til aftöku, eftir því hvaða líffæri vantar í hvert sinn. Sífellt fleiri vestrænir sjúklingar komi til Kína til þess að fá líffæri. - smk

Svíi ákærður í Kaliforníu:

# Ofsaakstur á stolnum Ferrari

**BANDARÍKIN, AP** Svíinn Bo M. Eriksson hefur lýst sig saklausan af ákæru um að hafa ekið stolnum 77 milljón króna Ferrari Enzo á ofsahraða eftir Kaliforníustrandlengjunni í Bandaríkjunum í febrúar, með þeim afleiðingum að bíllinn lenti á staur og er ónýtur eftir. Lögreglan telur að bílnum hafi verið ekið á 260 kílómetra hraða á klukkustund þegar slysið varð, en Eriksson slapp ómeiddur, fyrir utan sprungna vör.

Eriksson kvaðst hafa verið farþegi í bílnum en lífsýni á loftpúða benda til þess að hann sé að segja ósatt. Hann á yfir höfði sér allt að 14 ára fangelsi. - smk

Bandarískt sveitafangelsi:

# Fangar greiddu fyrir gistingu

**BANDARÍKIN, AP** Lítið sveitafangelsi í Georgíu í Bandaríkjunum hefur samþykkt að endurgreiða reikninga fyrir „fæði og gistingu" sem það sendi til fanga sem sátu inni meðan þeir biðu þess að réttarhöld hæfust í máli þeirra.

Endurgreiðsla reikninganna er liður í samkomulagi um að fella niður dómsmál á hendur fangelsinu, sem mun ekki hafa haft heimild í lögum til þess að krefjst þess að fangar greiddu fyrir fæði og gistingu. Fangelsið endurgreiðir jafnvirði tveggja milljarða íslenskra króna til fanga sem gistu þar á árunum 2000 til 2004. - gb

Stigvaxandi spenna milli Japans og Suður-Kóreu:

# Barist um smáeyjar

**JAPAN, AP** Spennan milli Japans og Suður-Kóreu fór stigvaxandi í gær þegar Japanar sendu tvö rannsóknarskip til eyjaklasa í Japanshafi sem löndin tvö gera bæði tilkall til. Japanar ætla sér að kanna sjóinn umhverfis smáeyjarnar, en skipin komust ekki alla leið, því Suður-Kóreumenn sendu fjölmarga litla varðbáta á móti þeim sem hindruðu för skipanna.

Suður-Kórea hefur bannað Japan að rannsaka hólmana en Japanar neita að hlíta því. Suður-Kóreumenn hafa nýverið gert svipaða rannsókn á svæðinu, og telja japönsk yfirvöld þá rannsókn hafa verið gerða í því skyni að breyta nafni Japanshafs í Austurhaf. Suður-Kóreumenn segja það vera af og frá. - smk



**SKIP STÖÐVUÐ** Japanar og Suður-Kóreumenn deila nú harðan um yfirráð yfir smáeyjaklasa í Japanshafi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SÓLARSTRÖND** Jóhann Walderhaug hugðist ferðast til Spánar ásamt konu sinni í febrúar. Hann varð að hætta við ferðina samkvæmt læknisráði.

# Tvítryggður og fær hluta

**Ellilífeyrisþegi fékk aðeins hluta af ferð til Spánar endurgreidda þótt hann væri tvítryggður. Hann tapaði hálfum ellilaunum sínum. Tryggingafélagið og ferðaskrifstofan vísa hvor á aðra.**

**NEYTENDAMÁL** Jóhann Walderhaug, fyrrverandi trésmiður og ellilífeyrisþegi, hugðist ásamt eiginkonu sinni fara til Spánar á vegum Sumarferða í febrúar síðastliðnum. Hjónin fóru ekki vegna þess að læknir Jóhanns réði honum frá því að ferðast vegna hjartasjúkdóms.

Jóhann taldi sig vel tryggðan því hann greiddi ferðina með VISA gullkorti sem inniheldur forfallatryggingu, auk þess að greiða forfallagjald hjá Sumarferðum eftir að honum var ráðlagt að gera svo. Vegna þeirrar tryggingar leitaði hann fyrst til Sumarferða en var vísað til Tryggingamiðstöðvarinnar þar sem hann hafði greitt ferðina með VISA gullkorti og sagt, að tryggingafélagið sæi um uppgjör vegna endurgreiðslu til korthafa VISA. TM hafnaði bótaskyldu með þeim rökum að veikindi Jóhanns hafi verið þekkt þegar miðinn var keyptur. Jóhann hafnar því alfarið enda hafi hann farið í rannsókn eftir að ferðin var greidd.

Eftir að hvorki Sumarferðir né TM vildu endurgreiða ferðina réð hann Lögmenn Höfðabakka til að sækja málið fyrir sig sem skilaði fljótlega þeim árangri að hann fékk greiddar frá Sumarferðum 166.000 krónur af þeim 215.600 krónum sem ferðin kostaði. Hann hafði því tapað upphæð sem nemur hálfum ellilaunum hans á mánuði. Jóhann komst líka að því að litlu skiptir að kaupa tvær tryggingar og spyr hvort fólk þekki réttindi sín í tilfellum sem þessum.



**JÓHANN WALDERHAUG** Var ráðlagt að kaupa auka forfallatryggingu hjá ferðaskrifstofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hjálmar Sigurþórsson, deildarstjóri tjónadeildar TM, segir að forfallatrygging frá ferðasala ógildi tryggingu VISA og Mastercard undantekningarlaust og það eigi að vera öllum sem selja slíkar tryggingar ljóst. Sérstaklega þar sem TM býður öllum sem selja tryggingar námskeið fyrir starfsfólk.

Helgi Jóhannsson, framkvæmdastjóri Sumarferða, segir þetta einfaldlega rangt. TM viti að forfallagjald Sumarferða sé til að greiða sjálfsábyrgð viðskiptavinarins vegna forfallatryggingar greiðslukortsins. Forfallatrygging Sumarferða greiði ferðina sé hún borguð á annan hátt en með greiðslukorti sem inniheldur forfallatrygginu. Helgi segir að Sumarferðir hafi greitt Jóhanni vegna þess að hann var góður viðskiptavinur. Þeim hafi þó ekki borið nein skylda til þess.

svavar@frettabladid.is




## *Opin íbúðalán*




# Er of snemmt að fagna frelsinu?

Það getur verið full ástæða til að fagna fengnu frelsi þegar svo ber undir. Að sama skapi megum við ekki gleyma okkur í allri gleðinni því að draugar fortíðarinnar eru lífseigir. Sem dæmi um þá fjötra, sem nú eru við lýði í íslensku samfélagi, má nefna að hjá ýmsum bankastofnunum tíðkast að setja fram þvingandi skilyrði um önnur viðskipti í allt að 40 ár vilji menn taka hjá þeim íbúðalán.

**Opin íbúðalán SPRON eru án slíkra skilyrða.**
Fórnaðu ekki frelsinu, kynntu þér málið á **spron.is**

spron

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON.
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is


Íslendingar,
gleðilegt sumar
Unnur Ólafsdóttir
veðurfræðingur, f. 1952
Hefur spáð í sumarveðrið frá 1980
Haraldur Ólafsson
veðurfræðingur, f. 1965
Hefur spáð í sumarveðrið frá 1991


Páll Bergþórsson
veðurfræðingur, f. 1923
Hefur spáð í sumarveðrið frá 1946
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is

## „ORÐRÉTT“

*Ekkert að óttast*

**„Framsóknarflokkurinn fær alltaf meira fylgi í kosningum heldur en í könnunum og þess vegna er ég ekki hrædd við þessa niðurstöðu.“**

GERÐUR JÓNSDÓTTIR, FRAMSÓKNARKONA Á AKUREYRI, UM LÉLEGA ÚTKOMU FLOKKSINS Í SKOÐANAKÖNNUN. FRÉTTABLAÐIÐ.

*Er hægt að fá bretti?*

**„Ég er með lægsta tóbaksverð í landinu fyrir þá sem kaupa í kartonavís.“**

SIGURÐUR LÁRUSSON, KAUPMAÐUR Í HAFNARFIRÐI, UM KOSTNAÐARAUKA GREIÐSLUKORTANOTKUNAR. MORGUNBLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** HELGI PÉTURSSON ALMANNATENGSLAFULLTRÚI

## Páskar eins og þeir gerast bestir

„Nýliðnir páskar hafa verið eins og þeir gerast hvað bestir og verða lengi í minnum hafðir enda yndislegir í alla staði,“ segir Helgi Pétursson, almannatengslafulltrúi hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Helga þekkja allflestir landsmenn enda hefur hann komið víða við á ferli sínum og gert strandhögg í flestu því sem hann hefur tekið sér fyrir hendur. Liðtækur og vinsæll lagahöfundur og söngvari með Ríó tríói, blaðamennsku stundaði hann um hríð auk annarra starfa í fjölmiðlum og hann lét til sín taka í borgarmálum Reykjavíkur sem borgarfulltrúi á tímabili.

Páskarnir voru Helga sérstaklega eftirminnilegir. „Fyrir utan páskana sjálfa og hátíðina sem var dásamleg eins og jafnan þá var ég að gifta eldri dóttur mína, Bryndísi, á laugardaginn.“ Bryndís gekk að eiga liðsforingja úr verkfræðideild danska hersins og segist Helgi ánægður með tengdasoninn. „Hann heitir Martin sá ágæti drengur. Það komu þrjátíu gestir frá Danmörku til að vera viðstaddir athöfnina, þ.á.m. sex félagar hans úr hersveitinni sem stóðu heiðursvörð fyrir utan kirkjuna, í fullum skrúða með brugðna branda. Það vakti eðlilega mikla athygli og olli nánast umferðaröngþveiti fyrir utan Dómkirkjuna.“

En það voru fleiri en brúðguminn og gestir hans sem brugðu fyrir sig dönskunni á laugardaginn. „Séra Jakob Hjálmarsson vígði og gerði það með miklum bravúr á þessari fínu dönsku, og auðvitað íslensku líka. Hann átti ekki í miklum vandræðum með að skipta á milli tungumála.“

Og það voru fleiri tilefni til að gleðjast. „Fimm mánaða sonur þeirra hjóna var skírður við athöfnina upp úr þessum fræga skírnarfonti Bertels Thorvaldsen og fékk nafnið Símon Karl. Síðan voru auðvitað fjölmenn veisluhöld í Elliðaárdalnum.“

Helgi er því ánægður með páskana þetta árið. „Ég fékk reyndar ekkert páskaegg í þetta sinn en því meira af stórsteikum og meðlæti alla helgina.“



## SJÓNARHÓLL

**VERÐUR SUMARIÐ GOTT?**



**ÁGÚSTA EDDA BJÖRNSDÓTTIR**
íþróttafréttamaður hjá Ríkisútvarpinu.

### *Já*

„Já ég tel að þetta verði mjög gott sumar,“ segir Ágústa Edda Björnsdóttir, íþróttafréttamaður hjá Ríkisútvarpinu þegar hún er spurð hvort hún telji að sumarið verði gott. Hún segist ekki byggja það álit sitt á einhverju sérstöku veðurfræðilegu innsæi heldur almennri eðlislægri bjartsýni. Ágústa er þó ekki þeirrar skoðunar að sumarið hefjist strax í dag, sumardaginn fyrsta. „Nei, það er nú ennþá eitthvað í að það hefjist fyrir alvöru.“ Veturinn fór ekki í taugarnar á Ágústu, enda bjartsýn eins og áður sagði. „Hann var ekkert sérstaklega slæmur, það var komið hálfgert vor í febrúar en svo kom smá bakslag eins og alltaf. En á heildina litið var þetta alls ekki slæmur vetur.“



# Vorhreinsunin hafin með látum



**SNYRT TIL** Lúðvík mundar sögina á tröllvaxið grenitréð.



**HAFÐU ÞIÐ HÆGAN** Ragnheiður rekur Gunnari létt axlarhögg meðan hann og Jónmundur máta hanskana.

**Borgarstjóri og bæjarstjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hittust á hádegi í gær og hófu vorhreinsun sveitarfélaganna þetta árið. Þeir hvetja almenning til að hreinsa opin svæði í götum sínum og hverfum.**

Bæjarstjórarnir voru glaðbeittir þegar þeir hittust í garðinum í Goðalandi 11 í Fossvoginum í Reykjavík, en útreikningar sérfróðra manna benda til að það hús standi í miðju höfuðborgarsvæðisins. Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri Álftaness, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarness, Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar og Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, voru öll klædd í samræmi við verkefnið, vel skóuð og í góðum peysum eða úlpum en Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs var í vinnufötunum sínum, skyrtu með bindi og á lakkskóm.

Vorhreinsunin hefst með formlegum hætti á morgun og stendur í viku. Á því tímabili munu starfsmenn sveitarfélaganna leggja garðeigendum lið og fjarlægja greinaafklippur og annan garðaúrgang sem settur hefur verið út fyrir lóðamörk. Jafnframt eru íbúar á höfuðborgarsvæðinu hvattir til að taka til hendinni í sínu nánasta umhverfi, til dæmis með því að efna til sameiginlegrar hreinsunar opinna svæða í sinni götu eða sínu hverfi.

Bæjarstjórarnir göntuðust við garðverkin. Neri hver hinum því um nasir að greinilegt væri að þeir hefðu aldrei komið nálægt garðstörfum og þar fram eftir götunum. Þeir sem þurftu að þola skensið svöruðu svo fyrir sig með því að taka hressilega til hendinni.

**KLIPPT, SKORIÐ OG STUNGIÐ** Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar og Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarness, tóku til hendinni í beiðinu hjá Guðmundi rafvirkjameistara í Goðalandinu. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, fylgdist hlæjandi með.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Guðmundur Einarsson rafvirkjameistari hjá Ríkisútvarpinu býr í Goðalandi 11 og fylgdist með aðförum bæjarstjóranna. Hann hugsar vel um garðinn sinn og hafði svo sem unnið vorverkin að mestu en eftirlét gestum sínum að vinna í tilteknu beði. Þeir áttuðu sig ekki alveg og fyrr en varði voru þeir farnir að stinga upp beð sem var þess albúið að taka á móti sumrinu. „Þetta verður allt í lagi,“ sagði Guðmundur og hafði ekki áhyggjur af framtíð garðsins þrátt fyrir að aðfarirnar væru svona og svona.

Íbúar Fossvogsins hugsa alla jafna vel um garðana sína og virðast þeir flestir með græna fingur.

„Ég held að fólk hér hafi almennt mikinn áhuga á að hafa garðana sína fína,“ segir Guðmundur og bætir við að allur gróður vaxi mjög hratt í Fossvoginum enda skjólsælla þar en víða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Það voru honum hins vegar nýjar fréttir að hann byggi í miðju höfuðborgarsvæðisins, svo að segja í nafla alheimsins. „Ég hélt alltaf að ég byggi einhvers staðar í austurbænum,“ sagði hann og hló.

Steinunn Valdís virtist á heimavelli í garðinum en sagði að hennar grænu fingur takmörkuðust við grænmetis- og kryddjurtarætkun. „Ég legg metnað minn í garðjurtirnar í stað blómanna og er með fjóra matjurtakassa í garðinum mínum.“ Hún segist bjartsýn á að íbúar höfuðborgarsvæðisins taki hvatningu bæjarstjóranna vel og ráðist í vorverkin og safni auk þess saman ruslinu sem jafnan safnast upp. „Ruslið virðir ekki bæjarmörk og þess vegna erum við saman í þessu.“

**bjorn@frettabladid.is**



**BROSA SVO** Jónmundur, Ragnheiður, Gunnar, Lúðvík, Steinunn, Guðmundur og Gunnar tóku sig vel út með garðverkfærin.







# LÆGRA VERÐ Á GRILLUM




Vnr.50632110

**Gasgrill**

**ELEGANT UNION gasgrill með þremur brennurum og hliðarhellu, pottjárn í grillgrind, grillflötur 63x49 cm, efri grind, neistakveikjari, hitamælir.**




Vnr.50630100

**Gasgrill** OUTBACK

**OUTBACK gasgrill Omega 200. Stærð: 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara, þrýstijafnara og grillsteinum.**




Vnr.50652555

**Gasgrill**

**STERLING gasgrill 2555, grillflötur 62x38 cm með tvískiptum brennara, emeleruð grillgrind, neistakveikjari, hitamælir, efri grind og þrýstijafnari.**




Vnr.50632102

**Gasgrill**

**ELEGANT UNION gasgrill með tveimur brennurum, pottjárn í grillgrind. Grillflötur 50x50 cm. Neistakveikjari, hitamælir og efri grind.**

## TIL HVERS AÐ FÁ LÁNAÐ?

ÞÚ FÆRÐ GÆÐA GRILL Á LÆGRA VERÐI Í BYKO

# OPIÐ

## Í DAG SUMARDAGINN FYRSTA Í

BYKO BREIDD & BYKO HRINGBRAUT

BYKO

**GÆÐI Á LÆGRA VERÐI**

**Vissir þú**

*að hinn grái gæðingafaðir Gáski frá Hofsstöðum átti 682 skráð afkvæmi. Þeirra hæst dæmdur og þekktastur er Gustur frá Hóli með 8,57 í aðaleinkunn en næstur í röðinni er Eiður frá Oddhóli með 8,45. www.worldfengur.com*

**Fákar** *og fólk*

HESTAMAÐURINN: VIÐAR INGÓLFSSON

# Stefnir með stóran hóp á landsmót

Viðar Ingólfsson hefur lengi þótt með efnilegri ungum knöpum enda vakti hann verðskuldaða athygli í keppni sem unglingur. Viðar er löngu hættur að vera efnilegur enda hefur hann stimplað sig inn sem einn af betri atvinnutamningamönnum á landinu.

Viðar varð um helgina í öðru sæti á ístöltsmóti landsliðsins á hryssunni Stemmu frá Holtsmúla sem er alsystir gæðingsins Suðra frá Holtsmúla. „Þetta var mjög hörð keppni og ég bjóst ekki við því að svo vel gengi,“ segir Viðar hógvær og lýsir Stemmu sem frábæru hrossi og mjög viljugri. Hann hefur verið með hana á þriðja vetur og gengið vel á keppnisvellinum.

Viðar er með um tuttugu hross á húsi og með mann í vinnu með sér. Hann hefur verið í hestamennsku alla sína tíð en hefur haft hana að aðalatvinnu í eitt og hálft ár, að hluta til með menntaskóla sem hann kláraði ekki alls fyrir löngu.

Viðar segir alveg nóg að gera í hestabransanum. „Mér finnst heldur vera skortur á tamningamönnum en hitt. Maður þarf að vísa töluvert frá,“ segir Viðar og finnst tamningamönnum hafa fækkað, sérstaklega á Víðidalssvæðinu. Þrátt fyrir það vill hann ekki meina að keppnin sé neitt minni um að komast á landsmót, en þangað stefnir hann með heilt hrossastóð eða um tíu til fimmtán hross. „Það eru fleiri hestar á færri höndum auk þess sem mikill fjöldi áhugamanna á orðið góða hesta og stendur sig vel í keppni,“ segir Viðar sem ætlar að koma um tíu kynbótahrossum á landsmót. Það að auki stefnir hann á að keppa á Tuma frá Stóra-Hofi, Gammi frá Skíðbakka auk Stemmu sem áður er getið. Viðar og Tumi urðu Íslandsmeistarar í tölti á síðasta ári og því nokkuð líklegir til afreka í sumar.

Þó að mikið sé að gera hjá Viðari gaf hann sér tíma á skírdag til að kíkja eins og margir aðrir hestamenn á sýningu hins heimsfræga hestamanns, Montys Roberts, í reiðhöllinni í Víðidal. „Mér leist nokkuð vel á hana þó að þetta hafi orðið nokkuð langdregið,“ segir Viðar sem fannst hann ekki læra margt nýtt en þótti sýningin þó góð áminning um margt sem ætti aldrei að gleyma. „Eins og til dæmis að sýna yfirvegun í kringum hrossin,“ segir Viðar en hjá honum tekur nú við röð sýninga og keppna enda vorið mikill annatími hjá hestamönnum.



## Skeifudagurinn á Hvanneyri



Hinn árlegi skeifudagur við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri verður haldinn laugardaginn 22. apríl. Þar kynna nemendur í hrossarækt árangur vetrarstarfsins. Morgunblaðsskeifan verður afhent þennan dag, en hún er veitt fyrir bestan árangur í tamninga- og reiðkennslunámi vetrarins.

Hver nemandi hefur verið með tvö hross í vetur: Eitt frumtamningatryppi og munu þeir sýna ýmsar aðferðir við tamningu á þeim. Einnig hafa þau verið með taminn hest og á honum keppa þau um Gunnarsbikarinn en hann gáfu Bændasamtök Íslands af miklum rausnarskap í nafni Gunnars heitins Bjarnasonar sem einmitt stofnaði reiðskóla á Hvanneyri á sínum tíma sem oft hefur verið kallaður fyrsti reiðskóli á Íslandi.

Ýmsar óvæntar og skemmtilegar uppákomur verða í tilefni dagsins og til að fagna vorkomunni. Dagurinn verður haldinn hátíðlegur á Miðfossum í Andakíl en þar hefur öll verkleg kennsla í hrossarækt farið fram í vetur. Þar er verið að byggja upp stórglæsilega aðstöðu fyrir hestamennsku sem nýtast mun nemendum Landbúnaðarháskólans.

## Worldfengur í útrás



Áskrifendur WorldFengs, alþjóðlegs gagnagrunns íslenska hestsins, verða um tíu þúsund frá og með næstu áramótum.

Nýlega ákvað norska Íslandshestafélagið að sækja um aðgang fyrir alla sína félagsmenn frá og með næsta ári. Þá hafa tvö fjölmenn Íslandshestafélög ákveðið að opna aðgang að WorldFeng fyrir alla félagsmenn en sænska félagið ákvað að gera þetta strax á þessu ári fyrir alla sína félagsmenn sem eru um 6.500 talsins.

Sérfræðingurinn: Ingimar Sveinsson tamningamaður á Hvanneyri

# Hægt að laga eyrnastyggð

Sjálfsagt hafa margir lent í því að eignast eyrnastygg tryppi og jafnvel fullorðin hross. Eyrnastyggðin er hvimleiður vandi og getur torveldað vinnu við tamningatryppið ef hún er mikil enda þarf stöðugt að eiga við höfuð hestsins þegar sett er á hann beisli eða múll. En hvað er til ráða? Eru einhverjar aðferðir til að laga þetta vandamál?

Ingimar Sveinsson, hestamaður og tamningamaður á Hvanneyri, segir ráð til sem dugi:

„Það fyrsta sem byrjað skal á, sé um eyrnastyggt hross að ræða, er að strjúka á því ennið,“ segir hann. „Það er alveg grundvallarbyrjun. Þegar hrossið er orðið ánægt með það færir maður hendina ofar og ofar og strýkur, þar til hægt er að renna henni milli eyrna hrossins og upp fyrir þau. Síðan er strokið aftan við við eyrun og niður, þannig að hendin beyglar þau niður og til hliðanna. Ef maður strýkur upp á móti eyrunum verða hrossin alveg vitlaus, því þau eru miklu næmari framan á eyrunum heldur en ofan á þeim. Heyrnin er svo næm og viðkvæmni eyranna eftir því.“

Ingimar telur að eyrnastyggð í hrossum hafi heldur minnkað. Þar komi sjálfsagt margt til. Menn séu ef til vill orðnir varkárari við tökur tryppa og rífi ekki í eyrun á þeim. Þá sæki örmerkingar á og sé gamla aðferðin sé á undanhaldi. Hún sem slík valdi ekki eyrnastyggð því folöldin finna ekki til þótt vel beittum hníf sé brugðið á eyrun á þeim. Hins vegar geti menn gripið í eyru folaldanna í hita leiksins og það vill sitja í þeim.





# Hestahátíð í héraði

**Það verður stórhátíð í Skagafirði nú um helgina. Hún hefst í kvöld og henni lýkur ekki fyrr en á sunnudag. Gestum sem sækja þessa hátíð hefur farið fjölgandi og erlendir aðdáendur íslenska hestsins láta sig ekki lengur vanta.**


**SKRAUTREIÐ** Sýningin tekið til kostanna er afar fjölbreytt sýning þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Skagfirðingar blása til fjögurra daga stórsýningu undir heitinu „Tekið til kostanna“ nú um helgina. Þetta er í fimmta sinn sem slík sýning er haldin.

„Fyrsta sýningin var haldin sama ár og reiðhöllin var tilbúin,“ segir Ingimar Ingimarsson sýningarstjóri. „Síðan hefur þetta verið árlegur viðburður, alltaf um fyrstu sumarhelgi.“

Ingimar segir að umfang sýningarinnar hafi verið aukið í fyrra með því að fjölga dögum. Þá hafi verið farið í samstarf við Hólaskóla og nú sé viðburðurinn sannarlega hestahátíð í héraði, sem standi frá fimmtudegi fram á sunnudag.

„Við höfum einnig auglýst sýninguna í Íslandshestatímaritum erlendis og hana sækja allnokkrir útlendingar. Við erum í samstarfi við ferðaþjónustufólk hér í Skagafirði og Ferðaþjónustu bænda varðandi móttöku þeirra. Dagskrá fimmtudagsins sem fram fer á Hólum er flutt á ensku og stílað upp á erlenda gesti.“

Ingimar segir að aðsóknin hafi aukist ár frá ári og sýningin á síðasta ári hafi heppnast einstaklega vel. Nú komi fyrstu gestirnir strax á miðvikudagskvöld og dvelji í Skagafirðinum fram á sunnudag.

Meðal atriða á „Tekið til kostanna“ er fyrsta kynbótasýning ársins. Skráð hafa verið 20-30 hross, að sögn Ingimars. Þá verður svokallað gæðatölt, þar sem sýnt er hægt tölt og hraðabreytingar. Einn dómari dæmir og er með „beina útsendingu í dómum“ ef svo mætti segja, því hann gefur umsögn í magnarakerfi jafnóðum og leyfir áhorfendum að fylgjast með. Eitt hundrað þúsund krónur eru í verðlaun fyrir efsta sætið.

Margt fleira mætti nefna sem verður á þessari fjölbreyttu sýningu, til að mynda harðsnúna hópa karla og kvenna úr Vestur-Húnavatnssýslu, sem sýna reiðlistir sínar. Landsmótssigurvegarinn Rökkvi frá Hárlaugsstöðum mætir ásamt Þorvaldi Árna Þorvaldssyni, unghross verða sýnd og fjölmörgu fleiru tjaldað til.

jss@frettabladid.is


**HÁGANGUR** Stóðhesturinn Hágangur fer vel undir hinni ungu Ingunni Ingólfsdóttur. Mette Manseth reiðkennari er henni til aðstoðar.


**LÍFLEGUR MARKAÐUR** Einn viðburður sýningarinnar er markaðsdagur í Svaðastaðahöllinni. Markaðssvæðið hefur verið þéttsetið eins og sjá má af myndinni.

## DAGSKRÁ

**Fimmtudagur 20. apríl**
Kl. 13.00 Hólaskóli.
Reiðkennslusýning undir stjórn Mette Mannseth.
Fyrirlestrar tengdir hrossarækt.

**Föstudagur 21. apríl**
Kl. 8.00 Dómar kynbótahrossa á Sauðárkróki.
Kl. 13.00 Gæðatölt-forkeppni.
Kl. 21.00 Tekið til kostanna-forsýning.

**Laugardagur 22. apríl**
Kl. 10.00 Yfirlitssýning kynbótahross.
Kl. 13.00 Markaðsdagur í Svaðastaðahöllinni.
Sölu- og kynningarbásar.
Unghrossasýning.
Grillveisla.
Ýmsar skemmtilegar uppákomur!
Kl. 21.00 Tekið til kostanna-stórsýning með öllu því besta.

**Sunnudagur 23. apríl**
Kl. 13.00-18.00 Opinn dagur á hrossaræktarbúum.





3 risa rúllur
Nýtt í Bónus!
ELDHÚSRÚLLUR
3 Eldhúsrúllur
BÓNUS
3 XL rúllur
298 KR.
XL
Bónus álegg
BETRA VERÐ!
MALAKOFF
719 kr/kg
MALAKOFF
SPÆGIPYLSA
PEPPERONI
Nýtt í Bónus!
BÓNUS SPÆGIPYLSA
1798 KR.
BÓNUS PEPPERONI
1798 KR.
Opið 10.0
SÁPUKÚLUR SEM
HÆGT ER AÐ GRÍPA!
CATCHABUBBLE
THE BUBBLE YOU CAN CATCH
SÁPUKÚLUR
259 KR
MÁ GRÍPA!
As seen on TV
Skoðaðu þær á bonus.is
ÞEYTIRJÓMI
149 KR
250g
Halta
sem þarf, er vatn, olía og vöfflujárn!
BÓNUS
Vöffluduft
ÞURREFNABLANDA
fyrir um 20 vöfflur
VÖFFLUDUFT
149 KR.
500g
Frosna grænmetið
í kílópokunum
EURO SHOPPER
BROKKOLÍ
BROKKOLÍBLANDA
198 KR.
HEILT KÍLÓ!
5 METRA SNÚ SNÚ
SNÚ SNÚ
299 KR
5m
ALLAR búðir opnar!
As seen on TV
WHISTLING HELICOPTER
BLÓÐRUPYRLA
259 KR
MEÐ ÍSKRI
SÉRVÖRU VERSLANIR
ÍSKRANDI HÁFLEYG BLÓÐRUPYRLA
FLÝGUR SÝNIFLUG Á bonus.is
BARNASÓLGLERAUGU
499 KR.
LITLU ÞROSKABÆKURNAR
ÉG ELSKA HVOLPINN MINN
SMÁBARNABÓK
199 KR
VELJIÐ SJÁLF!
BOLTI 6.5"
259 KR
BOLTI 9"
359 KR
KRÍTARFATA
159 KR.
Super Side Walk Chalk
TUSKUDÝR
Góð í litinn faðm
TUSKUDÝR
399 KR
VELJIÐ SJÁLF!
Sumargjafirnar!
UM 25 sm
BÓNUS


Bónus álegg - BETRA VERÐ!
SAMLOKUSKINKA
698 kg KR.
REYKT SKINKA
REYKT SKINKA
798 kg KR.
Bónusfeti
BÓNUSFETI
199 KR.
250g
Nýtt í Bónus!
0 til 18.00!
EKKERT BRUÐL
Marineraður og beinlaus lax á grillið
Nýtt í Bónus!
45% afsláttur við kassann
VILLIKRYDDAÐAR LAMBAKÓTELETTUR
LAMBAKÓTELETTUR VILLIKRYDDAÐAR
1485 KR.
Merkt verð 2699 KR.
LAX Á GRILLIÐ
998 kg KR.
BEINLAUS OG MARINERAÐUR
ERAN/Landlist
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
2+1 FRESCHETTUR
599 KR.
1200g
30% afsláttur við kassann
3 FOR 2
1 PIZZA GRATIS
FOR FREE
FRESCHETTA
PIZZA ROMA
3 Freschetta pitsur á verði 2ja!
1200 gramma PITSUTILBOÐ
SJÁÐU VERÐIÐ!
KJARNAFÆÐI
Villijurtakryddað
LÚXUS LAMBALÆRI
Coca-Cola
3 Flöskur á verði 2ja
KF SALAT
98 KR.
350g
LAMBALÆRI VILLIBRAÐARKRYDDAÐ
1189 KR.
MERKT VERÐ 1699 KR.
EKKERT BRUÐL
www.bonus.is
BÓNUS

**ÚTGJÖLDIN > KÍLÓVERÐ Á KJÚKLINGUM***




* m.v. verðlag á landinu öllu í febrúar hvert ár

Heimild Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**BESTU OG VERSTU KAUPIN:** KRISTJÁN FINNBOGASON, MARKVÖRÐUR KR

## *Sinclair spectrum stendur upp úr*



**Hver eru bestu kaupin sem þú hefur gert?** „Það er tvennt sem kemur upp í hugann. Sinclair Spectrum 48k tölva sem ég keypti fyrir fermingarpeningana mína fyrir örfáum árum. Þvílík stemning og eftirvænting þegar maður beið fyrir framan kassettutækið meðan spólan var að garga leikjunum upp á sjónvarpið. Manic Miner, Harrier Attack, Football Manager og fleiri snilldarleikir styttu manni ófáar stundirnar. Svo er það íbúðin sem ég keypti fyrir þremur árum á Melhaganum í Vesturbænum. Besta gatan í bænum með bestu nágrönnunum. Langar að nota tækifærið og þakka vinkonu minni fyrir að benda mér á þessa gersemi. Takk Ellen !"

**En verstu kaupin?** „Verstu kaupin hljóta að vera bíllinn sem ég keypti fyrir um fjórum árum. VW Vento „97 eða eitthvað svoleiðis. Það bilaði allt í honum sem gat bilað. Gjörsamlega óþolandi skrjóður. Nenni ekki að eyða meiri orku í að tala um það hrak ! Er komin á Passat núna sem ég er sáttur með."

**Hvernig líst þér á komandi sumar í fótboltanum?** „Líst bara svona alveg þokkalega á sumarið. Það hefur nú ekkert gengið neitt voðalega vel hjá okkur KR-ingum á undirbúningstímabilinu. Vona bara að þetta fari að smella saman hjá okkur svo að við getum verið með í baráttunni um titla í sumar. Annars held ég að þetta verði skemmtilegt sumar og ég á ekki von á að eitt lið stingi af og bursti deildina eins og í fyrra. Það verður spennandi að fylgjast með Þórði Guðjónssyni og Skagamönnum, sérstaklega þar sem Þórður sagði mér að hann ætlaði að bæta markametið núna í sumar."

■ **Hvað kostar... að vera sektaður**

## Lögbrot eru dýrt spaug



*Á hverjum degi berast af því fréttir að lögregla hafi stöðvað og sektað tiltekinn fjölda manna vegna hraðaksturs eða annarra brota á umferðarlögum. Sektir hafa verið óbreyttar frá árinu 2001 en eru engu að síður umtalsverðar og koma við pyngju flestra sérstaklega ef um ítrekuð brot er að ræða eins og raunin er stundum.*

Sá ökumaður sem ekur á 100 km hraða á 50 km vegi þarf að veiða 50 þúsund krónur upp úr veski sínu nái lögregla til hans. Aukast upphæðirnar hlutfallslega eftir það. Þannig greiða sekir 60 þúsund krónur fyrir að aka á 130 km hraða á vegum þar sem leyfilegt er að aka á 70 og svo framvegis. Hámarkið er ef menn aka 80 km yfir leyfilegum hraða en þá er brotið það alvarlegt að ákæra er gefin út. Fyrir utan sektirnar fá ökumenn einnig punkta samkvæmt ákveðnu kerfi fyrir tiltækið og við ákveðinn punktafjölda missir ökumaðurinn ökuskírteinið í ákveðinn tíma.

Lægsta sekt vegna ölvunaraksturs er einnig 50 þúsund krónur en mælist áfengismagn í blóði yfir 1,50 prómillum er gefin út ákæra.

■ **Verslun og þjónusta**

## Ostar innkallaðir



Um þrjú prósent erlendra og innlendra osta í borðum verslana sem rannsakaðir voru með tilliti til örverumagns af hálfu Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga stóðust ekki viðmiðunarreglur.

Fór verkefnið fram í byrjun þessa árs en talsverðan tíma tekur að fá niðurstöður slíkra kannana. Voru allnokkrar tegundir innkallaðar í kjölfar niðurstöðunnar.

■ **Verslun og þjónusta**

## Upplýsingar um notkun raforku og vatns



Íslenskir neytendur geta nú loks með auðveldum hætti skipt um raforkusala eftir að fyrirtækið Netorka tók til starfa í byrjun þessa mánaðar. Á heimasíðu þeirra geta allir raforkukaupendur skoðað allar upplýsingar um orkukaup sín, alla notkun á heitu og köldu vatni og á sama stað gert samanburð á hvar hagkvæmast er að vera í viðskiptum. Óski neytandi eftir að skipta um raforkusala tekur það einn mánuð að skipta en ástæða er til að benda notendum á að kynna sér málin vel þó ekki sé vegna annars en að kostnaður við seðilgjöld ein og sér geta þurrkað út allan ávinning af því að skipta. Frekari upplýsingar má finna á Netorka.is.




# Ísland með hæsta eldsneytisverðið í Evrópu

**Rekstrarkostnaður bifreiða hefur hækkað um 16,44 prósent síðan í janúar á þessu ári. Munar þar mest um hækkanir á eldsneytisverði síðustu daga.**



**DÆLT Á BÍLINN** Stærstur hluti af verði bensíns og olíu eru álögur í ríkissjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Verð á díselolíu í Evrópu er hæst á Íslandi og erum við, ásamt Hollendingum, með hæsta bensínverðið að sögn Runólfs Ólafssonar, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda.

Samkvæmt tölum Félags íslenskra bifreiðaeigenda á rekstrurskostnaði bíla í janúar á þessu ári voru ekki miklar breytingar frá því árið áður. Gengisumhverfið var hagstætt á síðasta ári og grunnverð bifreiða lækkaði. Eldsneytiskostnaður, tryggingakostnaður og vinnuliðurinn hækkuðu lítillega milli ára. En breytingar seinustu daga hafa rifið upp eldsneytiskostnaðinn að sögn Runólfs og áhrif gengis munu einnig koma fram í stofnkostnaði og viðhaldi. Áhrifa er þegar farið að gæta í bílverði.

FÍB hefur sent áskorun til stjórnvalda um að lækka ríkisálögur á eldsneytisverð til að draga úr neikvæðum áhrifum hás eldsneytisverðs á fjárhag heimilanna. Árið 2002 greip ríkisstjórnin til tímabundinnar lækkunar á skattlagningu á eldsneyti til að sporna við neikvæðum áhrifum hækkunar eldsneytisverðs á vísitöluna.

Spurður um ástæður þess að ríkið hafi ekki tekið við sér segir Runólfur að þau rök hafi verið nefnd að óeðlilegt sé að grípa með þeim hætti inn í eina tegund vöru. Runólfur telur að enn meiri ástæða sé til inngrips nú en fyrir fjórum árum, en eldsneytisverð er 5,3 prósent af vísitölu neysluverðs.

Skattheimta ríkisins nemur á bilinu 55 til tæplega 60 prósentum af hverjum seldum bensínlítra eða á milli 65 og 70 krónur. Þar af falla 32 krónur í viðhald vega. En hinn helmingur skattheimtunnar veitir töluvert svigrúm fyrir ríkið til að draga úr skattheimtu að mati Runólfs.

Frumvarp um tímabundna lækkun á skattlagningu á bensíni og olíu var lagt fram í haust og liggur nú í efnahags- og viðskiptanefnd. „Stór hluti verðmyndunarinnar er í höndum ríkisins og nú þýðir ekki að stinga höfðinu í sandinn og segja að ekkert sé hægt að gera," segir Runólfur sem vill sjá aðgerðir hjá stjórnvöldum.

sdg@frettabladid.is

| Bensínkostnaður* (l/100 km) | Eyðsla | Miðað við lítraverð í janúar 2006** (108,30 kr/l) | Miðað við lítraverð í apríl 2006** (126,10 kr/l) | Hækkun í krónum |
|---|---|---|---|---|
| Fólksbíll | 129.960 | 151.320 | 21.36 | |
| Fólksbíll11 | 178.695 | 208.065 | 29.37 | |
| Jeppi | 15 | 243.675 | 283.725 | 40.05 |
| Pallbíll | 17 | 276.165 | 321.555 | 45.39 |

*miðað er við 15 þúsund kílómetra akstur á ári
**meðalverð í sjálfsafgreiðslu

**MATUR & NÆRING** RÚNAR INGIBJARTSSON MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Súkkulaði er sérstakt



Flestir hafa borðað súkkulaði sér til ánægju. Stundum er súkkulaði lagt að jöfnu við hvert annað sælgæti eins og brjóstsykur og lakkrís. Súkkulaði er hins vegar sérstakt vegna eiginleika kakóbaunarinnar. Hún inniheldur meira en 200 mismunandi efni og efnasambönd. Bragðið er einstakt og rétt eins og með kaffi, te og vín þá skiptir máli í hvers konar loftslagi og jarðvegi kakóplönturnar vaxa. Þess vegna er úr fjölmörgum gerðum af kakóbaunum að velja.

Helsta hráefni í súkkulaði er kakómassi, sem er í raun kakóbaunin fínmöluð, og kakósmjör sem er feitin úr kakóbauninni. Nýmjólkurduft og sykur eru svo höfð með til bragðbætis ásamt soyalesitíni og vanillu.

Súkkulaði hefur mismunandi kakóinnihald eftir því til hvers það er ætlað og eftir smekk hvers og eins. Suðusúkkulaði hefur oft um 45% kakóinnihald, er miðlungs bragðsterkt og hentar vel hvort sem er til neyslu beint úr pakkanum eða í bakstur og matargerð. 70% súkkulaði er hins vegar langbesta súkkulaðið í munni þeirra sem vilja almennilegt súkkulaðibragð. Bragðfyllingin er mikil en samt í góðu jafnvægi. Kakóinnihaldið er, eins og nafnið gefur til kynna, 70% og sykurinnihald komið niður fyrir 30%. Neytandinn þarf ef til vill svolítið að venjast svona kröftugu og lítið sætu súkkulaði og eðlilegt að mörgum þyki bragðið fullrammt við fyrstu kynni.



Margir sækjast eftir sem hæstu hlutfalli af kakóefnum vegna bragðs eða hollustueiginleika þess. Prósentutölurnar gefa til kynna hversu mikið er af kakóþurrefnum í súkkulaðinu. Afgangurinn er að stærstum hluta sykur. Sé maður að sækjast eftir hollustuþáttum súkkulaðis á maður sem sagt að velja það súkkulaði sem er með hæstu prósentutöluna.

Rjómasúkkulaði er algengasta átsúkkulaði Íslendinga. Það inniheldur mikið af þurrkaðri nýmjólk sem blandast einkar vel við kakóbaunirnar. Í hvítu súkkulaði er kakómassanum hins vegar alveg sleppt og súkkulaðibragðið því afar dauft.

Margir halda að súkkulaði sé óhollustan ein. Súkkulaði inniheldur flókin efnasambönd, meðal annars svolítið af steinefnum og vítamínum. Vakið hefur athygli að súkkulaði inniheldur umtalsvert magn andoxunarefna eða fjölfenóla. Þau eru talin hafa merkjanleg áhrif til lækkunar á kólesteróli í blóði og tefja blóðtappamyndun. Flestir velja þó súkkulaðið sennilega fyrst og fremst vegna góða bragðsins og ánægjunnar af því að njóta þess sem gott er.

www.mni.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Hive heimilin eru nú orðin tíu þúsund.

## Þau þekkjast ekki að utan, en innandyra gengur allt miklu hraðar fyrir sig.

**Gerast hlutirnir hratt heima hjá þér?**

Fyrir rúmlega ári síðan kynnti Hive í fyrsta sinn ótakmarkað niðurhal á Íslandi. Nú eru yfir 10.000 heimili komin með Hive. Ef þú býrð ennþá við hæga tengingu á ó-Hive-u heimili, en vilt að hlutirnir gangi hraðar fyrir sig, er tilvalið að hafa samband við þjónustuverið eða koma við í verslun okkar að Grensásvegi 16. **Velkomin í heiminn.**

Hive

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.397 **-2,5%**

**Fjöldi viðskipta:** 1.065
**Velta:** 10.408 milljónir

MESTA HÆKKUN
**Icelandic Group** +0,56%

MESTA LÆKKUN
**Landsbankinn** -5,33%
**FL Group** -5,05%
**Bakkavör** -3,85%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 57,10 -2,89% ... Alfesca 4,02 -0,25%... Atorka 5,50 -1,79% ... Bakkavör 47,50 -3,85% ... Dagsbrún 6,18 -2,06% ... FL Group 18,80 -5,05% ... Flaga 3,25 -1,22% ... Glitnir 16,40 -1,21% ... Kaupþing banki 728,00 -3,32% ... Kögun 74,40 -0,40% ... Landsbankinn 21,30 -5,33% ... Marel 72,60 -0,82% ... Mosaic Fashions 17,90 -0,56% ... Straumur-Burðarás 16,20 -2,41% ... Össur 111,00 -0,45%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Skriðið á hjánum**

Mikil samkeppni hefur verið milli banka um viðskiptavini, hvort sem um einstaklinga eða fyrirtæki hefur verið að ræða, þar til nú. Heyrast sögur af því að bankarnir hafi nánast skrúfað fyrir öll útlán vegna þeirrar stöðu sem upp er komin að þeir þurfi að endurfjármagna sig. Líkir einn bankamaður því þannig að bankarnir hafi nánast kropið fyrir framan kúnnann og beðið hann um að taka lán. Í einni svipan hafi þetta hins vegar snúist við og nú eru það lántakendur sem fari á hnén til að biðja um lán. Einhvern tíma hefði nú þetta þótt óskastaða fyrir bankana.

**Newcastle tapar**

Enska úrvalsdeildarliðið Newcastle Utd. tapaði 6,3 miljónum punda fyrir skatta á sex mánaða tímabili frá ágúst til janúar. Þetta samsvarar 800 milljónum króna.



Til samanburðar hagnaðist félagið um 9,7 milljónir punda fyrir skatta á sama tímabili í fyrra.

Tekjur félagsins drógust saman um þrettán prósent vegna færri leikja í öllum mótum og voru 43 milljónir punda.

Hagnaður félagsins að frátöldum leikmannaviðskiptum var um 2,7 milljónir punda og féll um 68 prósent á milli ára. Mestu munaði að metfjárhæð var reidd af hendi fyrir framherjann Michael Owen.

Stjórnarformaðurinn Freddy Shepherd segir að árangur félagsins á keppnistímabilinu valdi sér vonbrigðum, enda hafi miklar væntingar verið um góðan árangur.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Olíuverð rauf 73 dollara múrinn á helstu mörkuðum í gær m.a vegna aukinnar spennu vegna kjarnorkuáætlunar Írana og minni olíubirgða í Bandaríkjunum en talið var.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,4 prósent í Bandaríkjunum í marsmánuði en það nemur 3,4 prósenta hækkun á ársgrundvelli.

Atvinnuleysi var minna, laun hærri og vinnudagurinn lengri á fyrsta ársfjórðungi í ár en á sama ársfjórðungi í fyrra. Í Morgunkorni Glitnis banka í gær kom meðal annars fram að laun hækkuðu um 8,5 prósent á tímabilinu, atvinnuleysi fór úr 3,0 prósentum í 2,4 prósent og meðalvinnuvikan fór úr 40,7 stundum í 41,2 stundir.

## Tilboða óskað í IP-símstöð

Landsvirkjun hefur óskað eftir tilboðum í IP-símstöðvar og tilheyrandi símabúnað fyrir skrifstofu fyrirtækisins á Akureyri, í Laxárstöð og í Kárahnjúkastöð.

Verkefnið er nokkuð stórt á sviði upplýsingatækni, en í því felst meðal annars útvegun, forritun, uppsetning, gangsetning, prófunir og kennsla á símstöðvarnar og fylgjandi símabúnað.

Tilboðum í verkið á að skila á skrifstofu Landsvirkjunar fyrir klukkan tvö, miðvikudaginn 17. maí, en þar verða þau opnuð og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. **- óká**

## Bankablaðauka dreift erlendis

Nýjasta tölublaði Iceland Review fylgir 24 síðna blaðauki um íslenskt efnahagslíf og banka undir yfirskriftinni „Icelandic banking on solid ground."

Að sögn útgáfufélagsins er ritið gefið út í samvinnu við bankana og Kauphöll Íslands til að bregðast við umkvörtunum erlendis frá um að Íslendingar geri ekki nóg til þess að kynna fyrirtæki sín og sjónarmið.



**ÚR BLAÐAUKANUM**

Iceland Review kemur út í liðlega 10.000 eintökum en blaðaukinn er líka prentaður sérstaklega í 6.000 eintökum og verður notaður til kynningar meðal erlendra fjölmiðla, banka- og verðbréfafyrirtækja og annarra sem viðskipti eiga við Ísland. **- óká**

# Botnlaus hlutabréfamarkaður

**Úrvalsvísitalan lækkar niður fyrir áramótagildið í mikilli lækkun annan daginn í röð. Neikvæð stemning ríkir á hlutabréfamarkaði og fáir vilja taka þá áhættu að kaupa hlutabréf.**

Úrvalsvísitalan er komin undir það gildi sem hún stóð í um áramótin. Þá stóð hún í 5.534 stigum en lokagildi hennar í gær var 5.397 stig eftir 2,5 prósenta dagslækkun. Gengi krónunnar féll jafnframt um 3,5 prósent í gær sem er ein mesta lækkun hennar í fimm ár.

Mikið fall hefur verið á hlutabréfamarkaði eftir páska. Þannig hafa hlutabréf allra félaga í Úrvalsvísitöllunni lækkað, mest bréfa í FL Group og Landsbankanum eða um tíu prósent.

Nú er svo komið að gengi bankanna er lægra en það var um áramótin. Landsbankinn hefur til að mynda lækkað um 15,8 prósent frá áramótum, Glitnir um 4,6 prósent og KB banki um 1,7 prósent. Straumur-Burðarás hefur hins vegar hækkað lítillega á árinu.

„Það ríkir sú skoðun að botninum sé ekki náð. Þá fara margir á hliðarlínuna og setja peningana í áhættulausa fjárfestingu," segir Jónas Gauti Friðþjófsson, sérfræðingur hjá Glitni. Fjárfestar flýja í öruggt skjól með því að leggja peningana sína inn á ellefu prósenta markaðsreikninga. Óvíst er um að þriggja mánaða uppgjör stóru félaganna, sem lofa góðu, hafi nokkur áhrif.

Greinilegt er að margir fjárfestar, sem hafa verið fjármagnaðir í erlendum lánum, eru að taka á sig tvöfalt tap með falli hlutabréfa og veikingu krónunnar og geta því ef til vill ekki, eða vilja ekki, koma á ný inn á hlutabréfamarkaðinn. Jónas bendir á að rekstrargrundvöllur flestra fyrirtækja í Kauphöll Íslands sé traustur og horfur góðar, meðal annars hjá fjármálafyrirtækjunum sem hafa lækkað ört. Hins vegar er stemningin fyrir hlutabréfum neikvæð og mótlætið mikið: „Þegar koma fram þekktar fjármálastofnanir og lýsa því yfir í fyrirsagnastíl að ástandið hér sé slæmt og samdráttur framundan, þá hljómar það illa í eyrum hins almenna fjárfestis." Ekki bæti úr skák að framundan eru verðbólguskot og vaxtahækkanir.

Ekki er talið ólíklegt að stærri fjárfestar séu farnir að finna fyrir lækkunum á markaði, enda hafa margir þeirra tekið þátt í hlutafjáraukningum með erlendri fjármögnun. Margir eru þó enn í miklum plús þar sem hlutabréfaverð hefur hækkað um 36 prósent á síðustu tólf mánuðum.

**eggert@frettabladis.is**

**MESTU LÆKKANIR EFTIR PÁSKA**

| Félag | Breyting |
|---|---|
| FL Group | -10,1% |
| Landsbankinn | -9,4% |
| Dagsbrún | -5,2% |
| Bakkavör | -5,0% |
| KB banki | -4,8% |
| Straumur | -3,6% |
| Glitnir | -3,5% |
| Atorka Group | -3,5% |
| Flaga Group | -2,4% |
| Mosaic Fashions | -1,7% |
| Actavis | -1,5% |
| Alfesca | -1,0% |
| Marel | -0,8% |
| Össur | -0,5% |
| Kögun | -0,4% |

# Kaupmáttur launa fer minnkandi

Launavísitala í mars 2006 er 285,4 stig og hækkaði um 0,3 prósent frá fyrri mánuði, samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Á sama tímabili jókst verðbólga um 1,1 prósent. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 8,6 prósent.

Vísitalan tók nokkurn kipp upp á við í janúar, en þá tóku gildi samningsbundnar launahækkanir. „Launavísitala fyrir helstu launþegahópa á fyrsta ársfjórðungi 2006 er 150,8 stig og hækkaði um 4,4 prósent frá fyrri ársfjórðungi. Sambærileg vísitala fyrir opinbera starfsmenn og bankamenn er 153,7 stig og hækkaði um 4,2 prósent. Vísitala fyrir almennan markað er 148,8 stig og hækkaði um 4,5 prósent," segir Hagstofan.



**IÐNAÐARMAÐUR Í BANKAHVERFI** Verðbólga eykst nú hraðar en launavísitala hækkar þannig að kaupmáttur minnkar.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, segir nokkuð koma á óvart að ekki skuli vera meiri hækkun á vísitölunni vegna launaskriðs. „En það er hins vegar alveg ljóst að kaupmáttur fer minnkandi, um það er engum blöðum að fletta. Við sjáum nú byrjunina á kaupmáttarrýrnuninni sem þetta verðbólguskot leiðir til," segir hann.

Launavísitala sem gildir við útreikning greiðslumarks fasteignaveðlána í maí 2006 er 6.243 stig. **- óká**

**ÞRÓUN LAUNAVÍSITÖLUNNAR**

| Mánuður | Vísitala | Breyting 3 mán | Breyting 12 mán |
|---|---|---|---|
| *2005* | | | |
| Mars | 262,9 | 12,1% | 6,5% |
| Apríl | 264,2 | 4,8% | 6,7% |
| Maí | 265,9 | 6,3% | 6,6% |
| Júní | 267,0 | 6,4% | 6,3% |
| Júlí | 268,0 | 5,9% | 6,6% |
| Ágúst | 268,9 | 4,6% | 6,7% |
| September | 269,8 | 4,3% | 6,9% |
| Október | 270,6 | 3,9% | 6,9% |
| Nóvember | 272,3 | 5,2% | 7,3% |
| Desember | 273,9 | 6,2% | 7,2% |
| *2006* | | | |
| Janúar | 282,8 | 19,3% | 8,3% |
| Febrúar | 284,4 | 19,0% | 8,6% |
| Mars | 285,4 | 17,9% | 8,6% |

*Heimild: Hagstofa Íslands*


MEIRI ÁRANGUR
MÖGNUÐ ÁSKORUN

AÐALFUNDUR
SAMTAKA ATVINNULÍFSINS
25. APRÍL 2006
HÓTEL NORDICA



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Kl.14:00 Venjuleg aðalfundarstörf
Kl.14:30 Móttaka gesta í opna dagskrá - kaffiveitingar
**Kl.15:00 OPIN DAGSKRÁ**
**„MEIRI ÁRANGUR – MÖGNUÐ ÁSKORUN"**
**Ræða Ingimundar Sigurpálssonar, formanns Samtaka atvinnulífsins**
Rödd unga fólksins
**Ræða Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra**
**Globalisation: Challenges and Opportunities**
Quentin Peel, International Affairs Editor, Financial Times
**Umræður**
Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda
Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins
Guðbjörg Gissurardóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarvettvangs
Sigríður Olgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss
Kl.16:30 **Fundarlok**
**Fundarstjóri:** Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans
English translation

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA





## Sumarið er komið í Nesti

Komdu við í Nesti á sumardaginn fyrsta og fagnaðu sumri með ljúffengum ís. Þú getur líka gætt þér á hollum ferskum skyndiréttum, samlokum, nýbökuðu brauði, bakkelsi og ilmandi kaffi.

**Nesti – Fyrir fólk á ferðinni**

**Fossvogur - Ártúnshöfði - Háholt - Borgartún - Stórihjalli - Lækjargata, Hafnarfirði - Geirsgata - Gagnvegur - Selfoss**

Nesti
Á ESSO STÖÐINNI



Bolli Thoroddsen
9. sæti

Jórunn Frímannsdóttir
7. sæti

Marta Guðjónsdóttir
10. sæti

Sif Sigfúsdóttir
8. sæti

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
1. sæti

# TÍMI TIL AÐ HUGSA UM FRAMTÍÐINA - SAMAN

Senn líður að mikilvægum kosningum um framtíð Reykjavíkur. Við frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins hlökkum til kosninganna og til þess að fá að vinna fyrir ykkur næstu fjögur árin. Við viljum heyja heiðarlega og opna kosningabaráttu og bjóðum ykkur velkomin til að taka þátt. Um leið og við óskum ykkur gleðilegs sumars kynnum við það helsta sem er á döfinni hjá okkur fram að kjördegi 27. maí.

» TÍMI TIL AÐ LEYSA MÁLIN
Áherslur í málefnum eldri borgara voru kynntar 21. mars.

» TÍMI TIL AÐ LIFA
Áherslur í málefnum fjölskyldna verða kynntar 23. apríl.

» TÍMI TIL AÐ SKIPULEGGJA
Áherslur í skipulags- og samgöngumálum verða kynntar 27. apríl.

KOSNINGAVEFUR, HUGMYNDABANKI, BLOGG OG STEFNUSKRÁ
Nýr kosningavefur verður opnaður 30. apríl - betriborg.is

100 NÝJAR HUGMYNDIR FYRIR REYKJAVÍK
Kynntar um alla borg í byrjun maí.



Hanna Birna Kristjánsdóttir
2. sæti

Gísli Marteinn Baldursson
3. sæti

Kjartan Magnússon
4. sæti

Júlíus Vífill Ingvarsson
5. sæti

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
6. sæti

## STEFNUMÓT VIÐ BORGARBÚA

Frambjóðendur efna til funda um alla borg, þar sem málefnaáherslurnar verða kynntar.

## STAÐIR TIL AÐ STARFA SAMAN

Kosningaskrifstofur verða opnaðar um alla Reykjavík:

Kosningaskrifstofa Mjóddinni, Álfabakka 14, föstudaginn 21. apríl kl. 17.00
Kosningaskrifstofa Hraunbæ 102, laugardaginn 22. apríl kl. 14.00
Kosningaskrifstofa Hverafold 5, laugardaginn 22. apríl kl. 15.30
Kosningaskrifstofa Lágmúla 9, sunnudaginn 23. apríl kl. 14.00
Kosningaskrifstofa Landssímahúsinu við Austurvöll, sunnudaginn 23. apríl kl. 15.30
Kosningaskrifstofa eldri borgara Lágmúla 9, sunnudaginn 23. apríl kl. 14.00
Kosningaskrifstofa ungs fólks Aðalstræti 6, opnaði gær.

## KOSNINGAKAFFI ALLA LAUGARDAGA

Opnir morgunfundir um stöðu kosningabaráttunnar verða á hverjum laugardegi.

## OG MARGT FLEIRA SKEMMTILEGT OG SPENNANDI

Viltu vera með eða lumar þú á góðri hugmynd? Viltu fá frambjóðendur í heimsókn?
Sendu okkur póst á xd@xd.is

## KJÓSUM MEÐ BROS Á VÖR LAUGARDAGINN 27. MAÍ 2006.

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Stöðugleiki í efnahagsmálum:

## Einar Oddur

Umræður um stöðugleika í efnahagsmálum hafa eðlilega tekið mið af þeim óróleika sem verið hefur á fjármálamarkaði síðustu vikur. Lækkun á gengi krónunnar hefur eðlilega vakið upp spurningar um framhaldið.

Því verður ekki haldið fram að þessar hræringar hafi verið ófyrirsjáanlegar. Það sem meira er: Þær eru fullkomlega eðlilegar og nauðsynlegar.

Sannleikurinn er sá að það ástand sem var fyrir hræringarnar var óeðlilegt. Það var dæmi um ójafnvægi sem ekki gat staðist til lengdar. Sú lækkun sem orðið hefur á gengi krónunar er að færa efnahagslífið nær eðlilegu jafnvægi.

Kaupmáttur launa hefur aukist meir en í samkeppnislöndunum og umfram það sem leiða má af aukinni verðmætasköpun. Ástæðurnar eru margvíslegar og ábyrgðin liggur víða. Að hluta til má jafnvel tengja hana áhættuleikurum á erlendum fjármálamörkuðum. En afleiðingin var ójafnvægi sem hlaut að leiðréttast fyrr en síðar.

Einn maður hefur öðrum fremur verið iðinn við kolann að benda stjórnvöldum á hvað betur megi fara varðandi ýmsa þætti er til þeirra friðar heyrir að þessu leyti. Slík aðvörunarorð eru sjaldan til stundarvinsælda fallin. Það er meðal annars vegna þess að þau fela í sér andmæli við launahækkunum sem jafnan má finna réttlætingu fyrir.

Þessi maður er Einar Oddur Kristjánsson. Hann var á sínum tíma höfuðsmiður svonefndrar þjóðarsáttar í kjarasamningum árið 1990 ásamt Guðmundi J. Guðmundssyni. Það samkomulag var grundvöllur sjö ára pólitískrar stöðugleikastefnu í efnahagsmálum.

Árið 1986 var fyrsta tilraunin gerð síðan 1963 til þríhliða samkomulags af þessu tagi milli ríkisvaldsins og beggja aðila vinnumarkaðarins með skattalækkunum. Sú tilraun tókst ekki sem skyldi, einkum vegna þess að skattar á bílum voru lækkaðir of mikið. Það leiddi til þenslu og óraunhæfs gengis krónunnar.

Nokkuð fráhvarf varð frá stöðugleikastefnunni árið 1997. Þá voru gerðir opinberir kjarasamningar sem ekki var full innistæða fyrir og gengi krónunnar var í framhaldinu haldið uppi með handafli um nokkurn tíma. Það leiddi til óhjákvæmilegra leiðréttinga síðar.

Síðan var gengi krónunnar látið fljóta og Seðlabankanum falið að halda niðri verðbólgu með peningamarkaðsaðgerðum. Það þýðir vaxtahækkunum. Í alþjóðlega opnu hagkerfi er það mikil áraun. Þess var ekki að vænta að þetta eitt nægði til þess að halda jafnvægi.

Ríkissjóður hefur sannarlega verið rekinn með meiri afgangi en ríkissjóðir samkeppnislandanna. Í því samhengi verður hins vegar að hafa í huga að sá tekjuafgangur á fyrst og fremst rætur í viðskiptahallanum, en hann er ekki alfarið raunhæfur tekjugrundvöllur til framtíðar.

Næstum þrír hlutar af hverjum fjórum í útgjöldum ríkissjóðs eru laun. Einar Oddur hefur sennilega lært það af sameiginlegri reynslu með Guðmundi J. Guðmundssyni að launahækkanir sem ekki eru reistar á krónum sem raunveruleg verðmætasköpun stendur að baki þjóna ekki hagsmunum þeirra sem lægst hafa launin þegar til lengdar lætur.

Þessi næmi skilningur á forsendum stöðugleikastefnunnar og náin kynni við þá sem eldurinn brennur heitast á eru ugglaust hvatinn að aðvörunarræðum þingmannsins. Bæði reynsla og rök sýna að þær eru gildar.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hrokafull þjóð

John Vinecour, fastur pistlahöfundur í International Herald Tribune, er á því að mishljómun sé í fregnum frá Íslandi. Grein hans í blaðinu í fyrradag hefst á því að liðið hafi þrjár vikur frá því að stjórn Bush tilkynnti að Bandaríkjaher væri á förum frá Íslandi þar til hún færði þjóðinni 200 bækur um öryggis- og varnarmál sem tákn um að hún yrði ekki skilin eftir varnarlaus. Eftir mikið hagvaxtarskeið beri efnahagslífið nú merki uppdráttarsýki með verðbólgu og gengisfalli krónunnar. Þetta sé sagan um það þegar vondir-hlutir-gerast-hjá-góðu-fólki. Þótt brotthvarf hersins og niðurstreymið í efnahagslífinu séu óskyld fyrirbrigði leyni sér ekki dulinn skyldleiki þeirra. Hrokinn hafi náð til Íslands.



### Vansæl þjóð

John Vinecour heldur áfram og telur íslensku einkennin vera víti til varnaðar. Þau séu raunveruleg. Íslenski utanríkisráðherrann hafi sagt sér að hann hafi rætt við ráðamenn á Norðurlöndum, Frakklandi og Þýskalandi um einhvers konar vernd eða varnir. Þess utan virðist sem Ísland verði jafnvel að þreifa fyrir sér með að innleiða evru í stað krónunnar. „Fyrir þjóð sem lengi hefur haft þá mynd af sér að búa við þægindi og kosti þess að hafa tengsl bæði við Evrópu og Bandaríkin, en haldið báðum í hæfilegri fjarlægð, er þetta ekki sú framtíð sem hún óskaði sér: Bandaríkjamenn farnir og horfur um áframhaldandi sjálfstæði verði fólgnar í bænarskjali um aðild að Evrópusambandinu sem minnsta og óhamingjusamasta aðildarþjóðin."



### Verðbólga með vilja?

Hátt húsnæðisverð og ört hækkandi eldsneytisverð ræður mestu um vaxandi verðbólgu og rýrnandi kjör landsmanna sem stendur. Hvort tveggja er nokkuð sem stjórnvöld geta haft áhrif á. Annars vegar með því að fella brott verð á fasteignum þegar lagður er kvarði á verðbólguna. Hins vegar hafa stjórnvöld í hendi sér að hafa skatta á eldsneyti breytilega sem sveiflujafnandi stýritæki. Ekkert er sjálfsagt við það að tekjur ríkissjóðs hækki um tíu milljarða úr vösum almennings bara fyrir vopnaglamur Bush gagnvart Íran og vaxandi eftirspurn eftir olíu í Kína.

johannh@frettabladid.is

## Land, þjóð og tunga

Í DAG
AÐLÖGUN INNFLYTJENDA



ÞORVALDUR GYLFASON

Vinur minn einn sagði mér fyrir mörgum árum söguna af því, þegar hann var úti í garði einu sinni sem oftar að leika sér barn að aldri og mamma hans stóð yfir pottunum inni í eldhúsi að útbúa hádegisverðinn handa þeim. Nema þá sá hann skyndilega skærbjartan blossa, svo bjartan, að hann sá ekki handa sinna skil, og heyrði síðan háan hvell, svo háan, að hann hefur æ síðan búið við skerta heyrn á öðru eyra.

Þetta var í Varsjá, árið var 1944.

Þýzk herflugvél hafði varpað sprengju á húsið, eitt brotið hæfði móður drengsins og dró hana til dauða. Faðir drengsins var gyðingur, en hafði tekið kaþólska trú móðurinnar og meira að segja skipt um nafn til enn frekara öryggis. Heimilisfaðirinn reyndi að skýla fjölskyldunni með því að búa sjálfur í öðrum borgarhluta. Móðir og sonur höfðu komið fáeinum sinnum að heimsækja föðurinn; syninum var uppálagt að þéra pabba sinn til að vekja ekki grunsemdir hnýsinna nágranna um blóðbönd. Fjölskyldan átti það samt á hættu, að upp kæmist um gyðinglegan uppruna föðurins. Þá hefðu þau öll verið send til Auschwitz. Og nú stóð drengurinn uppi móðurlaus. Hann var átta ára.

Faðirinn komst ekki frá Póllandi, landið var lokað, en hann lét smygla drengnum norður yfir Eystrasaltið til Svíþjóðar, og þar var honum fyrst um sinn komið fyrir á munaðarleysingjahæli og síðan í heimavistarskóla hjá kaþólskum nunnum í Stokkhólmi. Fyrsta daginn í skólanum var drengurinn leiddur inn í átta ára bekk, mállaus og nær lamaður af angist: augu allra barnanna í bekknum hvíldu á honum. Hann greip hönd kennslukonunnar í hjálparlausu fáti og þrýsti að

*Evrópa er bræðslupottur ekki síður en Bandaríkin: hlutfall nýbúa í íbúafjöldanum er nú orðið svipað á báðum stöðum. Munurinn er sá, að Bandaríkin hafa verið bræðslupottur frá fyrstu tíð.*

vörum sér og kyssti hana. Þetta var pólsk kurteisi. Börnin sprungu úr hlátri. Umkomuleysinginn átti þá ósk heitasta, að gólfið - nei, jörðin! - gleypti hann. Á þeirri stundu tók hann ákvörðun: hann einsetti hann sér, að hann skyldi læra mál hinna, sænsku - svo vel, að enginn skyldi hlæja að honum.

Sex eða sjö árum síðar skrifaði hann ritgerð um reynslu sína, ritgerð, sem hann átti í einu snjáðu vélrituðu handriti og sýndi nánum vinum sínum, ef tilefni gafst. Ritgerðin heitir Hvers vegna? Hún er neyðaróp fimmtán ára unglings frammi fyrir vonzku heimsins og lýsir níðingsverkum nasista í Póllandi og öðrum hörmungum af sjaldgæfum sjónarhóli. Ritgerðin er skrifuð á fegurri sænsku en flestir innfæddir Svíar hafa á valdi sínu.

Höfundurinn heitir Marian Radetzki og er einn helzti hagfræðingur Svía. Hann hefur nú sent frá sér sjálfsævisögu (Sverige, Sverige! Fosterland?, 2005). Þar raðar hann saman sögunum úr fortíð sinni og fjölskyldu sinnar eins og perlum á band og birtir nú í fyrsta skipti bernskuritgerð sína. Hún er ekki síður áhrifamikil á prenti nú en hún var fyrir mörgum árum í fölnuðu handriti höfundarins. En fortíðin er samt ekki aðalefni bókarinnar eða helzta áhugamál höfundarins, heldur framtíðin. Hann útmálar fyrir lesendum sínum mikilvægustu ákvörðun ævi sinnar: að ná valdi á tungu fósturlandsins nýja og semja sig að siðum þess til að eiga það síður á hættu að hafna utan garðs í samfélaginu.

Þessi boðskapur Radetzkis á brýnt erindi við marga nýbúa Svíþjóðar og annarra Evrópulanda, því að margir þeirra lifa eins og í eigin heimi, einangraðir að kalla frá heimamönnum. Evrópa er bræðslupottur ekki síður en Bandaríkin: hlutfall nýbúa í íbúafjöldanum er nú orðið svipað á báðum stöðum. Munurinn er sá, að Bandaríkin hafa verið bræðslupottur frá fyrstu tíð. Evrópa er annað mál: þar búa ólíkar þjóðir hver á sínum stað og hafa gert um aldir og árþúsundir, og þær hafa ekki langa reynslu af því að taka við nýbúum víðs vegar að. Evrópu er að því skapi meiri vandi á höndum en Bandaríkjunum í samskiptum við nýbúa. Þeim mun brýnni er boðskapur Radetzkis til nýbúanna: Lærið málið! Temjið ykkur siði heimamanna! When in Rome, do as the Romans do!

Radetzki tekur í rauninni undir með Snorra Hjartarsyni, þar sem skáldið segir: „Land þjóð og tunga, þrenning sönn og ein, þér var ég gefinn barn á móðurkné." En móðurmissir og föðurlands þarf ekki að dæma menn úr leik á nýjum stað, ef þeir skilja nauðsyn þess að breiða út faðminn á móti nýju landi, nýrri þjóð, nýrri tungu. Einmitt þetta er höfuðstyrkur Bandaríkjanna. Af þessu getur Evrópa lært. Og Ísland. Við öll.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




# Hvaða bók langar þig í?

Þegar þú kaupir bækur frá íslenskum útgefendum fyrir að lágmarki 3.000 kr. skaltu nota þína ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupunum.

LESTUR ER LÍKAMSRÆKT HUGANS
GLITNIR

Þjóðargjöfin er samstarfsverkefni bókaútgefenda, bókabúða og annarra bóksala auk Glitnis. Í Viku bókarinnar fá öll heimili á landinu senda ávísun á bókakaup. Markmiðið er að efla lestur barna og ungs fólks á Íslandi og benda á að bóklestur er ekki aðeins einstök skemmtun, heldur einnig mikilvæg leið til að auka skilning á samhengi, efla málþroska, veita innsýn í flókin málefni og styrkja vald á tjáningu.

Ávísunin gildir í bókabúðum og völdum stórmörkuðum sem selja bækur, þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 krónur. Ávísunin gildir dagana 19. apríl – 3. maí 2006.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

NÓATÚN

# Gleðilegt sumar!



Sparaðu 700 kr.

GRÍSALUNDIR ÚR KJÖTBORÐI

1.798 kr./kg

## Fáðu faglegar ráðleggingar og uppskriftir hjá



20% afsláttur

LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR

1.838 kr./kg



20% afsláttur

OLD WEST GRÍSARIF
ÞARF AÐEINS AÐ HITA

1.298 kr./kg



Úr Kjötborði Nóatúns

Beint á grillið!

GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
RAUÐVÍNSLEGNAR

1.198 kr./kg



HUMAR
PAKKAÐUR Í ÖSKJU

2.798 kr./kg



NÓATÚNS LAMBASTEIK
ÞURRKRYDDUÐ

998 kr./kg



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAFILLET
MEÐ FITURÖND
2.998 kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

FYLLTUR LAMBAGEIRI
MEÐ SÓLÞURRKUÐUM TÓMÖTUM OG FETA OSTI



Úr Kjötborði Nóatúns

GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU

**kjötmeisturum Nóatúns og njóttu þess besta í sumar!**

# Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN



FERSKUR ANANAS
169 kr. kg.



GULAR MELÓNUR
129 kr. kg.



STJÖRNUÁVÖXTUR
149 kr. kg.



SÍTRÓNUR
129 kr. kg.



GUL EPLI
99 kr. kg.

= 5 á dag

NÓATÚN

**Opið í dag Sumardaginn fyrsta!**

Opið frá 10:00 - 21:00
í öllum verslunum*

*Smáralind er opin frá 11:00 - 21:00




PERRIER
SÓDAVATN
SÍTRÓNU/VENJULEGT
129 kr. stk




Tilboð!

HAPPY DAY
100% SAFI
149 kr. 1 l

Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

# Ríkisútvarp er ekki sama og RÚV HF.

**UMRÆÐAN**
HLUTAFÉLAGAVÆÐING RÍKISÚTVARPSINS



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**
ALÞINGISMAÐUR

*Með háeffvæðingu RÚV fengi útvarpsstjóri nánast alræðisvald við framkvæmd dagskrár og við allt mannahald. Páll Magnússon, útvarpsstjóri, hefur farið mikinn til þess að ná til sín þessum völdum.*

Oft hafa menn amast við athugasemdum útvarpsráðs gagnvart rekstri Ríkisútvarpsins. Sem starfsmaður RÚV í áratug var ég oft gagnrýninn á ýmislegt sem frá því ráði kom. En það var ég líka gagnvart stjórn stofnunarinnar. Ekki voru starfsmenn alltaf sáttir við hana. Við vildum láta taka meira tillit til Starfsmannafélags Útvarpsins og Starfsmannafélags Sjónvarpsins sem síðan voru sameinuð í Starfsmannafélag RÚV.

En þegar allt kom til alls sætti ég mig við þessa togstreitu. Hún var ekki með öllu slæm. Hún endurspeglaði þá staðreynd að Ríkisútvarpið er almannastofnun, í almannaeign, sem engu að síður nýtur sjálfstæðis og byggir á tilliti til starfsmanna. Vilja til þess að koma til móts við starfsmenn sýndu stjórnendur RÚV í verki þegar samið var um aðkomu fulltrúa starfsmanna að framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins í byrjun níunda áratugarins. Þetta byggðist reyndar á samningsbundnu ákvæði í kjarasamningum árið 1980 en í mörgum ríkisstofnunum var ákvæðið hins vegar virt að vettugi.

**Ofurtrú á hinum sterka manni**

Með hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins er þetta sambýli fulltrúa eigenda, stjórnar stofnunarinnar og starfsmanna sett í uppnám; sambýli sem í senn hefur byggt á togstreitu og samvinnu. Með háeffvæðingu RÚV fengi útvarpsstjóri nánast alræðisvald við framkvæmd dagskrár og við allt mannahald. Páll Magnússon, útvarpsstjóri, hefur farið mikinn til þess að ná til sín þessum völdum. Í grein í Morgunblaðinu 19. janúar sl. segir hann að færa megi fyrir því „gild rök að óbreytt rekstrarfyrirkomulag beri í sér dauðann sjálfan fyrir þessa merku stofnun“. Útvarpsstjóri telur að með því að losa stofnunina undan reglum sem gilda um opinberan rekstur, og þá væntanlega styrkja hann í sessi sem stjórnanda, muni gerast kraftaverk: „Núverandi rekstrarform kemur beinlínis í veg fyrir að Ríkisútvarpið verði rekið með skilvirkum og árangursríkum hætti. Það leiðir til verri nýtingar á fjármunum en ella væri, sem aftur þýðir að minna fé verður til ráðstöfunar í sjálfa dagskrána...“

Um þetta leyfi ég mér að hafa miklar efasemdir. Stjórnendahyggja af þessu tagi virðist hins vegar eiga nokkuð upp á pallborðið um þessar mundir: Ofurtrú á hinum sterka stjórnanda sem skákar liðsmönnum sínum til í anda skilvirkni og hagkvæmni. Ég hef meiri trú á einstaklingnum en svo að ég sé tilbúinn að gleypa slíka hugmyndafræði. Hefur mér enda sýnst kraftmestu stofnanirnar og fyrirtækin vera þau sem virkja sköpunarkraft hvers og eins en leggja ekki allt traust sitt á hinn alvitra ofurlaunaforstjóra. Þá vil ég minna á að um árabil hefur Ríkisútvarpið verið fjárhagslega svelt og er þar komin helsta skýringin á vandræðum stofnunarinnar.

**Að ráða og reka skýringarlaust**

Undir hitt vil ég taka með Páli Magnússyni, útvarpsstjóra, að sitthvað þarf að laga í stjórnsýslu Ríkisútvarpsins og þá ekki síður í tengslum stofnunarinnar við stjórnvöld, þótt ekki vilji ég þær lausnir sem honum hugnast helst. Páll Magnússon talar um úrelt ráðningarform og annað sem lýtur að stjórnskipulaginu, „- t.d. sérkennilegu ferli þegar kemur að ráðningum í ýmsar lykilstöður.“ Og núverandi útvarpsstjóri spyr: „Man einhver eftir „fréttastjóramálinu“? Því er til að svara að ég man það ágætlega. Reynt var að ráða fréttastjóra sem ekki þótti standast kröfur varðandi reynslu og þekkingu. Úr þessu varð mikið uppnám, innan og utan stofnunar. Öllum kom málið við, einfaldlega vegna þess að við eigum þessa stofnun og samkvæmt lögum og reglum sem um hana gilda geta þeir sem fara með völdin í stofnuninni ekki farið með hana að eigin geðþótta einsog framkvæmdastjórar í fyrirtækjum eða stofnunum sem gerðar hafa verið að hlutafélögum. Og af tilefni spurningar Páls Magnússonar spyr ég á móti: Man einhver eftir fréttastjóramálinu á Stöð tvö? Æðstráðandi á þeim bænum, sem einnig hét Páll Magnússon, sagði upp fréttastjóranum – skýringarlaust. Hann þurfti ekki að standa almenningi skil gerða sinna. Á Fréttablaðinu var nýlega sagt upp ritstjórnarfulltrúa, einnig skýringarlaust – alla vega á opinberum vettvangi. Ritstjóri og fulltrúi eigenda komust upp með slíkt.

Nú er ég ekki að halda því fram að segja starfsmanni upp starfi. Ég er einfaldlega að halda því fram að um fjölmiðil í eigu þjóðarinnar gildi önnur lögmál en í fyrirtækjum almennt. Þetta endurspeglast í löggjöf sem á að tryggja gagnsæi, jafnræði og góða stjórnsýslu. Undan öllum þeim lögum sem eiga að stuðla að þessu yrði Ríkisútvarpið tekið ef það yrði gert að hlutafélagi.

Að lokum þetta: Páll Magnússon, útvarpsstjóri, segist „tala þar fyrir munn alls þorra starfsmanna og stjórnenda stofnunarinnar“, þegar hann fagni fyrirhuguðum breytingum. Þetta er af og frá og vísa ég þar í umsagnir hagsmunasamtaka starfsmanna og nýlega ályktun fjölmenns starfsmannafundar.

*Höfundur er alþingismaður og formaður BSRB.*

# Hugmyndir Vinstri grænna ná fram

**UMRÆÐAN**
SKIPULAGSMÁL Í ÁRBORG



**HILMAR BJÖRGVINSSON**

*Vinstri græn eru mjög ánægð með þessa kúvendingu meirihlutans. Það stefndi í það að þetta yrði eitt af stóru kosningamálunum í vor og þá hefðu meirihlutaflokkarnir átt erfitt með að mæta ferskum hugmyndum Vinstri grænna.*

Vinstri græn hafa lagt ríka áherslu á það undanfarnar vikur að skipuleggja þurfi góðan miðbæ á Selfossi. Miðbæ eins og þekkist víða með áherslu á verslun, þjónustu, menningarstarfsemi og veitingahús. Í honum þarf að vera stórt torg þar sem fólk getur safnast saman á góðviðrisdögum eða þegar einhver tilefni eru til.

Þau merku tíðindi áttu sér stað í síðustu viku að Sveitarfélagið Árborg eignaðist land Miðjunnar. Með því voru hugmyndir dönsku arkitektastofunnar 3XNielsen um háhýsi lagðar til hliðar. Þar með voru einnig fyrri hugmyndir meirihluta Framsóknarflokks og Samfylkingar um uppbyggingu svæðisins lagðar til hliðar. Vinstri græn eru mjög ánægð með þessa kúvendingu meirihlutans. Það stefndi í það að þetta yrði eitt af stóru kosningamálunum í vor og þá hefðu meirihlutaflokkarnir átt erfitt með að mæta ferskum hugmyndum Vinstri grænna. Það er vel skiljanlegt að meirihlutinn hafi ekki treyst sér í þá baráttu. Vinstri græn eru undrandi á því að bæjaryfirvöld hafi ætlað að afsala sér þá ábyrgð að eiga frumkvæði að því að byggja hér upp miðbæ. Þessa stefnu átti hins vegar meirihlutinn að vera búinn að taka fyrir löngu síðan áður en Miðjumenn létu vinna hugmyndir sínar með ærnum tilkostnaði. Þessi klaufalegu vinnubrögð meirihlutans hljóta einnig að auka kostnað sveitarfélagsins, því það hefði verið ódýrara að kaupa lóðirnar á miðbæjarsvæðinu fyrr.

Greinilegt er að þessi breyting meirihlutans veldur Sjálfstæðisflokknum nokkrum vandræðum. Það er greinilegt að á þeim bænum eru menn ekki sammála um miðbæjarmálið. Þeir hafa sent frá sér yfirlýsingar um að þeir undrist stefnubreytingu meirihlutans, sem hlýtur þó að vera fagnaðarefni fyrir formann Miðbæjarfélagsins sem er á lista Sjálfstæðisflokksins.

Vinstri græn hafa bent á það að eðlilegast sé að efna til hugmyndasamkeppni um miðbæjarskipulag. Ýmsum aðilum gæfist þar kostur á að taka þátt í spennandi verkefni í ungu sveitarfélagi sem ekki hefur eiginlegan miðbæ í dag. Slík hugmyndasamkeppni myndi án efa verða eftirsóknarverð, einstakt tækifæri fyrir arkitekta og fyrir Árborgarbúa. Það eru spennandi tímar framundan í skipulagsmálum Árborgar.

Vinstri græn – hreinar línur.

*Höfundur skipar 2. sæti á lista VG í Árborg við komandi sveitarstjórnarkosningar.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





Glæsileg 155 fm raðhús, 3-5 herbergja með bílskúr sem skilast fullbúin án gólfefna. Baðherbergi, þvottahús og anddyri flísalagt.
Verð frá 26.9 milljónum

Byggingaraðili Byggbræður ehf.
Upplýsingar í síma 898-6174 Helgi eða 899-6985 Sveinn




- Frágenginn garður
- Sólpallur
- Upptekin loft
- Gólfhiti
- Glæsilegar innréttingar
- Glæsileg baðherbergi
- Tæki frá AEG



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


Gleðilegt sumar
Sumardagurinn fyrsti
20. apríl
NEXT
KRINGLUNNI
551 3200

# Samkeppni en ekki rekstrarform tryggir hagkvæmni

**UMRÆÐAN**
RÍKISÚTVARPIÐ

**ÞORSTEINN PÁLSSON**
RITSTJÓRI

*Það má vel vera rétt að krafan um að almennar reglur um meðferð almannafjár gildi um Ríkisútvarpið hf. rétt eins og aðra opinbera aðila þjóni hagsmunum eigenda Fréttablaðsins. Algjörlega er ástæðulaust að andmæla því.Það hefur einfaldlega ekki þýðingu varðandi gildi röksemdafærslunnar.*

Í tveimur forystugreinum Fréttablaðsins fyrir skömmu var stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum Ríkisútvarpsins gagnrýnd með skýrum málefnalegum rökum. Menntamálaráðherra svaraði þeirri gagnrýni í fréttaviðtali á NFS. Einu andmæli ráðherra voru þau að halda því fram að ritstjóri blaðsins væri málpípa eigenda þess. Útvarpsstjóri hefur síðan kvatt sér hljóðs á síðum Morgunblaðsins með greinaskrifum í tvígang til þess að ítreka ummæli ráðherrans um þetta efni.

Útvarpsstjóri er jafnframt þeirri stöðu sinni þulur á fréttastofu Sjónvarpsins og er maklega virtur fyrir það. Með því að blanda sér í opinbera umræðu um eitt mesta pólitíska deilumál þessa þings á þann veg sem hann hefur gert kemur hann aukheldur fram sem eins konar þulur ríkisstjórnarinnar í málinu. Sennilega er það í fyrsta skipti sem útvarpsstjóri gerist með svo skýrum hætti þátttakandi í stjórnmáladeilum.

Ásakanir af því tagi sem ráðherra og útvarpsstjóri hafa borið fram verða hvorki sannaðar né afsannaðar. En til þess að auðvelda málefnalega umræðu má að meinalausu ganga út frá því að sjónarmið ritstjóra þessa blaðs endurspegli hagsmuni útgefendanna í þessu máli. Það sem skiptir sköpum er gildi röksemdafærslunnar.

## Guð láti gott á vita

Ef útvarpsstjóri vill vera samkvæmur sjálfum sér hljóta sömu lögmál að gilda um tengsl hans við handhafa eigendavalds Ríkisútvarpsins. Varla telur útvarpsstjóri sig meiri mann en aðra að þessu leyti þótt virtur sé vel.

En um hvað snýst röksemdafærslan? Það er þetta:

Því var haldið fram í forystugreinum Fréttablaðsins að réttlætanlegt væri að reka ríkisútvarp og kosta það að mestum hluta með skattpeningum til þess að viðhalda menningarlegri útvarpsstarfsemi sem markaðurinn leysti ekki. Jafnframt var því haldið fram að réttlæta mætti að slíkt útvarp aflaði tekna að ákveðnu marki með auglýsingasölu þó að það gengi gegn meginreglum samkeppnismarkaðarins.



**RÍKISÚTVARPIÐ** Greinarhöfundur segir að almennt sé viðurkennt að verst séu þau hlutafélög rekin sem að meira eða minna leyti byggja afkomu sína á ríkisstyrkjum, auk þess sem þau spilli heiðarlegri samkeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útvarpsstjóri fullyrðir að þessi afstaða lýsi fjárhagslegum hagsmunum eigenda Fréttablaðsins. Ekki veit ég jafn gjörla og útvarpsstjóri hvort svo er. En guð láti gott á vita.

## Hvers vegna ekki almennar reglur um meðferð skattpeninga?

Annað sjónarmið sem sett hefur verið fram í þessu blaði lýtur að því að sömu reglur gildi um meðferð skattpeninga hjá væntanlegu Ríkisútvarpi hf. og öðrum stofnunum sem fara með almannafé. Þessu er ríkisstjórnin á móti og útvarpsstjóri þylur sömu þulu.

Það má vel vera rétt að krafan um að almennar reglur um meðferð almannafjár gildi um Ríkisútvarpið hf., rétt eins og aðra opinbera aðila, þjóni hagsmunum eigenda Fréttablaðsins. Algjörlega er ástæðulaust að andmæla því. Það hefur einfaldlega ekki þýðingu varðandi gildi röksemdafærslunnar.

Spurningin er þessi: Þjónar þessi krafa ekki fyrst og fremst hagsmunum þeirra sem borga brúsann? Hafa almennar reglur um meðferð skattpeninga ekki verið settar til þess að tryggja sem best hagsmuni skattgreiðenda? Hvað er bogið við það, ef svo er, að hagsmunir fyrirtækja í samkeppnisrekstri og skattgreiðenda fari saman? Hvaða málefnalegu rök standa til þess að gera slíka mögulega sameiginlega hagsmuni tortryggilega?

Sannarlega er það rétt hjá útvarpsstjóra að mikilvægt getur verið að átta sig á hagsmunum sem geta verið fólgnir í hverju máli sem til umfjöllunar er. En ríkisstjórninni og útvarpsstjóra hefur reynst erfitt að sýna fram á með rökum hvers vegna svo mikið kapp er lagt á að víkja frá almennum reglum um meðferð skattpeninga þegar Ríkisútvarpið hf. tekur til starfa. Hvaða hagsmunir liggja þar að baki?

## Ríkisstyrkt hlutafélög yfirleitt verst rekin

Útvarpsstjóri segir í grein sinni að eina ástæðan til þess að stofna hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins sé sú að það rekstrarform tryggi betri nýtingu á skattpeningum almennings. Nú veit útvarpsstjóri eins vel og hver annar að hlutafélagaformið hefur ekkert að segja varðandi rekstrarhagkvæmni fyrirtækja.

Tilgangur rekstrarformsins er sá einn að auðvelda eiginfjáröflun án þess að eigendur beri meiri ábyrgð en nemur hlut þeirra. Takmörkun ábyrgðar er með öðrum orðum höfuðröksemd hlutafélagaformsins.

Mörg hlutafélög eru illa rekin og nýta tekjur sínar illa. Almennt er viðurkennt að verst séu þau hlutafélög rekin sem að meira eða minna leyti byggja afkomu sína á ríkisstyrkjum. Og almennt er litið svo á að ríkisstyrkir spilli heiðarlegri samkeppni.

Að þessu athuguðu verður ekki séð að sú fullyrðing útvarpsstjóra standist að tryggja eigi betri nýtingu fjármuna með hlutafélagaforminu einu. Og ekki verður því trúað að hann eða ríkisstjórnin vilji færa fram þau rök að markmiðið sé að spilla heiðarlegri samkeppni á markaði.

Verði frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. að lögum mun almenningur eiga greiðari aðgang að ýmsum upplýsingum varðandi rekstur einkarekinna almenningshlutafélaga á þessu sviði en ríkisfyrirtækisins. Það segir nokkra sögu.

## Samkeppni tryggir hagkvæmni

Kunnara er en frá þurfi að segja að samkeppni á grundvelli skilgreindra og viðurkenndra leikreglna knýr á um hagkvæmni í rekstri. Rekstrarformið er aukaatriði í því samhengi.

Ef það sjónarmið á eitt að ráða að tryggja þurfi hámarksnýtingu á tekjum Ríkisútvarpsins eru tvær aðrar leiðir líklegri til árangurs en sú sem ríkisstjórnin hefur mælt fyrir. Önnur er sú að afnema ríkisstyrkinn. Hin er sú að bjóða reksturinn út samkvæmt nákvæmlega skilgreindu markmiði og kröfum.

Ef hagkvæmniskrafan er eina raunverulega markmið ríkisstjórnarinnar á hún ekki aðrar málefnalegar úrlausnir en þessar. En þá væri eiginlegum ríkisrekstri lokið.

Þeir sem horfa á þetta viðfangsefni út frá sjónarmiðum ríkisrekstrar gera eðlilega þá kröfu að almennar reglur um meðferð skattpeninga gildi á þessu sviði sem öðrum; ella verða þeir ekki trúverðugir.

Þeir sem horfa á viðfangsefnið út frá sjónarmiðum samkeppnismarkaðarins þurfa vissulega að sætta sig við að sveigt sé hjá ýmsum almennum samkeppnisleikreglum. En það hlýtur á hinn bóginn að vera málefnaleg lágmarkskrafa af þeirra hálfu að fylgt sé almennum reglum um meðferð almannafjár og alþjóðlegum skuldbindingum um ríkisstyrki.

## Hvers vegna að sprengja upp eina sáttaflötinn?

Þannig virðist vera einn málefnalegur flötur til þess að tengja saman sjónarmið tveggja ólíkra hugmyndaheima um rekstur af þessu tagi. Þessi flötur snýst um það grundvallaratriði að virða almennar gildandi leikreglur um meðferð skattpeninga. Ef sáttaflöturinn er sprengdur í loft upp er eins líklegt að allar forsendur vanti fyrir framtíðarsátt um rekstur útvarps á vegum ríkisins.

Ríkisstjórnin þarf enn að útskýra hvers vegna hún vill fara með þetta mál fram í því horfi að líklegt sé að ósátt verði um málið til langrar framtíðar. Þó að útvarpsstjóri taki maklega öðrum þulum fram hefur þula hans um efnið ekki varpað ljósi á þann tilgang eða þau rök sem að baki búa. Og það hefur algjörlega mistekist að sýna fram á ómálefnalega hagsmunagæslu ritstjóra þessa blaðs.

## AF NETINU

### Vondir við Bush

Þetta er svo sem ekki stórt mál, en sýnir ágætlega hvernig fréttaflutningurinn er oft hér á landi af málefnum George Bush forseta Bandaríkjanna. Bush heldur boð sem opið er öllum börnum og gætir sérstaklega jafnræðis á milli fjölskylduforma. Hópar samkynhneigðra nýta sér boðið til að koma skilaboðum á framfæri, meðal annars með því að fulltrúar hópsins mæta til leiks sérstaklega merktir og lekið er út fréttum af því að fulltrúar þessa hóps hyggist mæta í boðið. Og hver er þá fréttin sem sögð er af atburðinum? Jú, gefið er í skyn að Bush hafi verið illa við heimsókn samkynhneigðu paranna en ekki ýjað að því að ef til vill hafi þessi barnaskemmtun ekki verið rétti vettvangurinn til að senda út pólitísk skilaboð.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Langflottastir

Hvað um það, ég var ánægður með auglýsingar okkar framsóknarmanna, glaðlegur hópur frambjóðenda með skýr og afgerandi stefnumál. Góð kynning fyrir kjósendur. Langflottustu auglýsingarnar, hlutlægt séð! Auglýsingar frjálslyndra voru einnig með skásta móti, svo og fyrsta auglýsing Sjálfstæðisflokksins, þ.e.a.s. útlitslega séð. Þó þótti mér heldur klént að sjá Vilhjálm, oddvita þeirra, með hönd í vasa. Ég hef aldrei haft trú á því að menn með hendur í vasa afreki mikið fyrir kjósendur. Samfylkingin fékk hins vegar falleinkunn, hörmulegar auglýsingar í alla staði og Guð hjálpi þeim ef þetta er það sem koma skal. Mest óttast ég þó að sjá Svandísi frænku mína Svavarsdóttur, vinstri-græna, í bleika rammanum á heilsíðu. Myndarleg kona en má sín þó lítils við slíkum ósköpum.

**Guðjón Ólafur Jónsson á hrifla.is**

### Leiguliðar

Meðal þess sem sagt hefur verið er að erfðabreytt matvæli eigi að bjarga þriðja heiminum frá hungri. En er sú raunin? Staðreyndin er sú að stórfyrirtæki á borð við Monsanto hafa lítinn áhuga á að bjarga þriðja heiminum. Þau sjá hins vegar góðan bissness í því að halda utan um erfðabreytt fræ, áburð og eiturefni og taka yfir landbúnaðinn með þeim hætti. Því að erfðabreytt framleiðsla fer ekki saman við sjálfbæran landbúnað. [...] Þar sem stórfyrirtækin hafa einkaleyfi á erfðabreyttu fræjunum er ekki um það að ræða að bændur geti tekið upp erfðabreyttan landbúnað nema sem leiguliðar stórfyrirtækjanna.

**Katrín Jakobsdóttir á murinn.is**

### Engir eftirbátar

Þegar kemur að óhófsemi með tilliti til magns eru Englendingar engir eftirbátar okkar Íslendinga. Þar, líkt og hér heima, má finna ofurölvi einstaklinga sem ráfa um eða hafa lagst fyrir sökum ofmikillar drykkju. Þessir einstaklingar eru hinsvegar, líkt og hér heima, örfáir miðað við þann hóp af gleðilegu fólki sem er að skemmta sér. Staðreyndin er sú að hér á landi er fjöldinn iðulega dæmdur út frá þeim verstu.

**Hannes R. Hannesson á deiglan.com**

Fínir bílar



→2.190 þ.
Hyundai Trajet 7 manna
Nýskr. 10.2005, 2000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 4 þ.
Frábært eintak.



→6.390 þ.
LAND ROVER Discovery 3
Nýskr. 03.2005, 2700cc.
dísel,5 dyra, sjsk.,
ekinn 28 þ.



→3.090 þ.
LAND ROVER Discovery II
Nýskr. 11.2002, 2500 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 119 þ.
Dísel



→7.750 þ.
LAND ROVER Range Rover
Nýskr. 01.2003, 4400 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 50 þ.
Vogue týpa



→2.290 þ.
SUZUKI grand vitara Xl-7
Nýskr. 06.2004, 2700cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 63 þ.



→3.590 þ.
VOLVO V70 Turbo
Nýskr. 07.2004, 2000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 28 þ.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230



9.690

**Reiðhjól Bob the builder og my Bonnie 12"**
3899960/3899962

18.900

**Reiðhjól A-Matrix silfur/hvítt-svart 24"**
3899972

25.900

**Reiðhjól Impulse extreme red 26"**
3899974

**Reiðhjól Impulse snow white/spicy 26"**
3899973

**Reiðhjól Spectra kvenna satin silfur 26"**
3899975

# Gleðilegt sumar



4.590

**Barnastóll á reiðhjól**
**Blár**
3900380



Verð frá 2.695

**Reiðhjólahjálmar**
**Viðurkenndir EN-1078,CE**
5872012-16
5872039-51



995 ~~1.895~~

**Hekkklippa**
**Hipoint**
5084672



8.995

**Keðjusög**
**Texas,** 2000W,40 sm blað
5083575



999 ~~1.595~~

**Greinaklippa**
**Gardena,**
5087535



299 ~~595~~

**Laufhrífa**
5084337

# Opið í dag

**Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Ögurhvarfi og Fiskislóð**

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

**BERNARD KATZ (1911-2003) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Skipulögð trúarbrögð: Heimsins stærsta pýramídasvindl.“*



***Nóbelsverðlaunahafinn Katz var mikill vísindamaður og ötull andófsmaður trúarbragða.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 20. APRÍL 1999

# *Harmleikur í framhaldsskóla*

Á þessum degi árið 1999 réðust tveir drengir inn í Columbine-skólann og skutu á nemendur og kennara. Tólf nemendur og einn kennari létu lífið í árásinni og 24 til viðbótar særðust. Drengirnir tveir voru nemendur við Columbine-skólann og frömdu þeir sjálfsvíg að skothríðinni lokinni.

Upphafleg áætlun drengjanna var að sprengja tvær sprengjur í matsal skólans. Þeir komu sprengjunum fyrir og biðu þess í bíl fyrir utan skólann að þær spryngju. Þegar sprengjan fór ekki af stað eins og ætlast var til tóku þeir hvor sína byssuna og gengu berserksgang með fyrrgreindum afleiðingum. Árásin vakti upp áleitnar spurningar um framhaldsskóla í Bandaríkjunum. Drengirnir tveir áttu erfitt uppdráttar í skólanum og í rannsókn sem gerð var eftir harmleikinn kom í ljós að ýmislegt hefði mátt betur fara til að koma þeim á réttan kjöl.



**ÚR ÖRYGGISMYNDAVÉL Í COLUMBINE-SKÓLANUM**

## MERKISATBURÐIR

**1602** Einokunarverslun Dana hefst hér á landi þegar konungur veitir borgurum Kaupmannahafnar, Málmeyjar og Helsingjaeyrar einkaleyfi til verslunnar á Íslandi.

**1906** Miklir skjálftar verða í Ölfusi og Flóa með þeim afleiðingum að tuttugu og fjórir bæir hrynja til grunna.

**1930** Dómsmálaráðherrann Jónas Jónsson frá Hriflu víkur Helga Tómassyni úr stöðu yfirlæknis á Kleppi vegna ummæla um geðheilsu hans.

**1970** Ellefu íslenskir námsmenn ráðast inn í sendiráð Íslands í Stokkhólmi til að mótmæla bágri aðstöðu námsmanna.

**1972** Apollo 16 lendir á tunglinu.

## ANDLÁT

**Anna S. Wium Kristinsdóttir**, Hjarðarslóð 3d, Dalvík, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 16. apríl.

**Árni G. Stefánsson**, Brautarlandi 15, Reykjavík, lést af slysförum sunnudaginn 16. apríl.

**Björn Guðmundsson** frá Víkingavatni, til heimilis á Dalbraut 16, Reykjavík, lést föstudaginn langa 14. apríl.

**Gústaf Sigurjónsson**, Hólagötu 46, Vestmannaeyjum, lést sunnudaginn 16. apríl á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja.

**Sigurður Gíslason**, Fífumóa 3e, Njarðvík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 15. apríl.

**Sólveig Hermannsdóttir**, Fróðasundi 10a, Akureyri, lést sunnudaginn 16. apríl.



†

*Okkar elskulega móðir, tengdamóðir, dóttir, amma og systir,*

**Rut Gunnarsdóttir**

verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 22. apríl kl 14.00.

**Helgi Valur Einarsson**
**Gunnar Svanur Einarsson**
**Rúna Einarsdóttir**
**Þórunn Gunnarsdóttir**
**Áslaug Björnsdóttir**
**Þorsteinn Ingi Ómarsson**
**Guðbjörg Svanhildur Jónsdóttir**
**barnabörn og systkini.**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Björn Guðmundsson**

frá Víkingavatni, til heimilis að Dalbraut 16, Reykjavík,

andaðist föstudaginn langa, 14. apríl. Útför hans verður gerð frá Langholtskirkju, mánudaginn 24. apríl og hefst athöfnin kl. 11.00.

**Jónína Sigurborg Jónasdóttir**
**Sigurbjörg Björnsdóttir**
**Guðmundur Björnsson**
**Björg Björnsdóttir**
**Sigrún Þóra Björnsdóttir**
**Páll R. Pálsson**
**Guðrún W. Jensdóttir**
**Sveinn B. Hreinsson**
**Kristinn Halldórsson**
**og barnabörn.**



†

*Útför okkar elskulega bróður, mágs og frænda,*

**Sigurðar Demetz Franzsonar**

söngvara og söngkennara,

verður frá Kristskirkju í Landakoti föstudaginn 21. apríl kl. 13.00.

**Ulrike og Otto Delago, Beatrix, Andreas og Markus**
**Ivo og Brigitte Demetz, Susanne, Anja og Reto**
**Pante og Jone Demetz, Barbara og Michael**
**Graziella Demetz, Leo, Pauli og Petra**

Þeim sem vilja minnast Sigurðar Demetz er bent á minningarsjóð sem hefur verið stofnaður í hans nafni til að minnast einstaks framlags hans til söngmenntunar á landinu. Verkefni sjóðsins verður m.a. að styrkja efnilega söngnemendur til framhaldsnáms. Reikningsnúmer sjóðsins er 0515-14-105940 og kt. 431095-2709.



**ÞRÁINN HAFSTEINSSON YFIRÞJÁLFARI HJÁ ÍR** Íþróttafélag Reykjavíkur er stolt af langri sögu sinni og hefur víðavangshlaupið verið fastur liður í íþróttalífi landans undanfarin níutíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**VÍÐAVANGSHLAUP ÍR:** Á SUMARDEGINUM FYRSTA Í NÍUTÍU ÁR

# Fastur liður í hátíðarhöldunum

Víðavangshlaup í miðbæ Reykjavíkur hefur verið á dagskrá sumardagsins fyrsta frá árinu 1916. Á hverju ári stendur Íþróttafélag Reykjavíkur fyrir hlaupinu og verður það haldið í 91. sinn í dag.

„Níu hlauparar tóku þátt í fyrsta hlaupinu og þá sigraði Jón Kaldal, sem seinna keppti á Ólympíuleikunum í langhlaupum. Jón keppti reyndar fyrir hönd Dana en var okkar helsti langhlaupari á fyrri hluta síðustu aldar,“ segir Þráinn Hafsteinsson, yfirþjálfari hjá ÍR. Hlaupið hefur verið fastur liður í starfi félagsins nánast frá upphafi en ÍR verður hundrað ára á næsta ári. „Það hefur verið mikið metnaðarmál ÍR-inga að standa vel að hlaupinu,“ segir Þráinn.

Í gegnum árin hefur hlaupið tekið breytingum enda landslagið í borginni nokkuð annað en það var fyrir níutíu árum. „Áður fyrr var hlaupið stærri hluti af hátíðarhöldunum á sumardaginn fyrsta. Nú hafa hátíðarhöldin færst meira út í hverfin en engu að síður er alltaf fastur kjarni sem kemur til að fylgjast með og finnst hlaupið vera óaðskiljanlegur hluti af sumardeginum fyrsta. Þátttakan hefur líka verið mjög misjöfn en fyrir 1970 voru bara nokkrir tugir keppenda. Eftir að almenningsíþróttabylgjan fór af stað á Íslandi hefur þeim fjölgað gríðarlega mikið og undanfarin ár hafa á bilinu tvö hundruð til þrjú hundruð og fimmtíu keppt í hlaupinu.“ Einnig nefnir Þráinn nákvæmnina því þótt hlaupið hafi alltaf verið um fimm kílómetrar voru þeir frjálslegar mældir á árum áður. Nú séu þeir hlaupnir með skekkjumörkum upp á einungis nokkra tugi sentimetra.

„Þátttakendur eru keppnishlauparar, skokkararnir úr skokkhópunum og einnig þeir sem skokka sjálfir. ÍR heldur einnig gamlárshlaup sem langhlauparar nota sem mælikvarða á sína stöðu í æfingunum,“ segir Þráinn. Hlaupið hefur því mikla þýðingu fyrir hlaupara landsins. „Þeim finnst gott að geta alltaf gengið að þessum hlaupum og miða æfingarnar við þau.“

Tilgangur hlaupsins er þó ekki síður að viðhalda hefðinni, sem er ÍR-ingum mjög mikilvæg. „Við erum stolt af því að eiga stóran hlut í íþróttasögunni,“ segir Þráinn og bætir við að ýmsar hefðir hafi einnig skapast innan félagsins í tengslum við hlaupið. „Í fimmtíu ár hefur sami einstaklingur verið ræsir hlaupsins en það er Marteinn Guðjónsson sleggjukastari. Einnig hittast fyrrverandi formenn ÍR og núverandi formaður til að borða saman áður en allir fara og fylgjast með hlaupinu.“

Víðavangshlaup ÍR hefst við Ráðhús Reykjavíkur klukkan 13.00 í dag.


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**


FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


## AFMÆLI



Vilhjálmur Bjarnason viðskiptafræðingur er 54 ára.



Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona er 51 árs.



Halldór Áskelsson fyrrverandi knattspyrnumaður er 41 árs.



Bjarni Haukur Þórsson leikari og leikstjóri er 35 ára.



**VORHRET** Þessir einmana túlípanar misreiknaðu sig greinilega og héldu að vorið væri komið í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



## LITIR OG AFTUR LITIR

Bindistískan í sumar er litrík og frjálsleg en einnig karlmannleg.

TÍSKA 3



## BURT MEÐ AF-KLIPPUR OG RUSL ÚR GARÐINUM

Steinunn Valdís borgarstjóri tekur til í garðinum sínum í tilefni af hreinsunarátaki höfuðborgarsvæðisins.

HEIMILI 6

# allt



## ALLT HITT

**[TÍSKA HEIMILI HEILSA]**

**Sumardagurinn** fyrsti er í dag. Heilsuhraustir ættu því að fagna og geta notið þess að rækta líkama og sál úti í góða veðrinu. Á www.itr.is og www.ferdalangur.is má finna dagskrá sumardagsins fyrsta. Ýmsir atburðir höfða til heilsugarpa.

**Sumardagurinn** fyrsti er í dag. Tískudrottningar og kóngar draga upp sumarvörurnar, setja á sig stór og breið sólgleraugu, skreyta sig með litríkum hálsfestum, skella sér í hnébuxur og sýna þannig öðrum hvað sumartískan snýst um.



**Sumardagurinn** fyrsti er í dag. Heimilisbúar eru farnir að taka eftir ryki og drullu sem sést nú vel eftir að daginn tók að lengja. Þá er ekki úr vegi að hreinsa burt vetrarrykið svo að sumarrykið komist að.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 20. apríl, 110. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.39 | 13.27 | 21.17 |
| Akureyri | 5.15 | 13.11 | 21.10 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Halla Bára Gestsdóttir og Gunnar Sverrisson búa og vinna saman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Búa og vinna heima

***Hjónin Halla Bára Gestsdóttir og Gunnar Sverrisson ritstýra tímaritinu Veggfóðri í sameiningu. Þar sem þau vinna saman ákváðu þau að koma sér upp vinnuaðstöðu inni á heimilinu.***

Halla Bára og Gunnar eru mjög samhent í öllu sem þau gera og hafa unnið saman heima hjá sér í meira en fimm ár. „Við byrjuðum með Veggfóður í fyrra en þar áður stofnuðum við og vorum með tímaritið Lifun sem við unnum líka heima," segir Halla Bára.

Hjónin eru með sérstakt vinnuherbergi þar sem þau hafa komið sér vel fyrir. „Plássið er ekkert rosalegt þar sem herbergið er hluti af heimilinu, en það dugir okkur vel og við höfum reynt að hafa útlit og yfirbragð þess heimilislegt og notalegt."

Halla Bára segir að þeim hjónum finnist mjög gott að geta unnið heima. „Við höfum kosið það frekar en að vera með aðstöðu einhvers staðar úti í bæ. Auðvitað fylgja því bæði kostir og gallar að vinna heima en að okkar mati eru kostirnir mun fleiri. Í skapandi starfi koma hugmyndirnar á hvaða tíma sólarhringsins sem er og þess vegna er gott að vera með vinnuaðstöðu heima."

Halla Bára og Gunnar eiga mjög gott með að vinna saman. „Í vinnuherberginu sitjum við saman við eitt borð því við vinnum allar hugmyndir saman og þó að Gunnar taki til dæmis allar ljósmyndir vinn ég mjög náið með honum í því. Við erum saman í allri vinnu við blaðið frá upphafi til enda sem er mjög óvenjulegt því að á flestum blöðum er hver í sínu."

Hjónin verða þó ekki mikið lengur með Veggfóður því þau eru að flytja til Mílanó í haust þar sem Halla Bára ætlar að fara í mastersnám í innanhússhönnun. „Við erum búin að lifa og hrærast í öllu sem snýr að heimili og hönnun í mörg ár og mig langaði til þess fara aðeins lengra með það. Núna erum við að vinna að síðasta blaðinu okkar af Veggfóðri sem kemur út 3. maí og svo förum við að undirbúa flutninginn til Ítalíu."

*emilia@frettabladid.is*

## Börn og krabbamein foreldra



Mikilvægt er að börn fái fulla athygli foreldra þó að annað þeirra greinist með krabbamein. NORDICPHOTOS/ GETTY IMAGES

Foreldrar fræða aðra foreldra á opnum fundi Krabbameinsfélags Íslands.

Krabbameinsfélagið verður með opinn fund fyrir foreldra mánudaginn 24. apríl klukkan 20.00 í húsi félagsins að Skógarhlíð 8. Á fundinum fræða foreldrar aðra foreldra um mikilvægi þess að börnin gleymist ekki þegar foreldrar þeirra greinast með krabbamein. Oft verða börnin afskipt þar sem foreldrarnir hafa nóg annað að hugsa um en þau verða að fá að fylgjast með framvindu mála þar sem krabbamein foreldra getur vakið mikinn ótta og óöryggi hjá þeim. Eva Yngvadóttir, Anna Ingólfsdóttir og Margrét Friðriksdóttir verða með framsöguerindi á fundinum, en þær hafa allar upplifað það að makar þeirra greindust með krabbamein. Að framsöguerindunum loknum verða umræður og allir sem tengjast málefninu eru hvattir til þess að mæta á fundinn.



**Í sumar** verða litirnir allsráðandi. Láttu allt flakka og ekki láta slyddu og él stoppa þig.






# Skemmtilegir skokkgallar

***Þægilegur og flottur hlaupagalli getur gert útiskokkið enn ánægjulegra.***

Skokk og reyndar almenn útivera er góð fyrir bæði líkama og sál. Þeir sem vilja hins vegar stunda árangursríkt skokk þurfa oftast að huga vel að klæðnaðinum. Klæðnaðurinn fyrir skokkið getur nefnilega skipt miklu máli. Ekki vegna þess að við séum í einhverri tískusamkeppni heldur vegna þess að klæðnaðurinn getur gert skokkið þægilegra og betra.

Réttur hlaupagalli er léttur, þægilegur og mildur við húðina. Hann passar auk þess upp á að hlauparanum verði ekki of kalt og heldur ekki of heitt. Réttur fatnaður hér á landi er sérstaklega mikilvægur með tilliti til fjölbreyttar veðráttu og því betra að hafa vaðið fyrir neðan sig.

Þó svo að við séum ekki í tískusamkeppni þegar við erum úti á skokkinu gilda samt sem áður svipaðar reglur og með annan fatnað þegar kemur að vali á skokkgallanum. Velja þarf föt sem maður er sáttur við og finnst þægileg. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að fötin hindri löngun manns til þess að fara út og stunda smá líkamsrækt.

*steinthor@frettabladid.is*















# Litir og aftur litir

***Bindistískan í sumar er mjög litrík og frjálsleg. En hún er einnig karlmannleg.***

Helgi Njálsson í Iðunni segir að með sumrinu komi litirnir. „Það er mikið líf og litir í þessu, og meira að segja slaufur eru að verða vinsælar aftur," segir Helgi. Bindin eru flest í sterkum litum og munstrið áberandi. Skárendurnar lifa enn góðu lífi þrátt fyrir hrakspár sérfræðinga í jólavertíðinni. „Jú, þær gera það. Annars er mikilvægast að velja bara rétt bindi. Það setur punktinn yfir i-ið og setur réttan svip á skemmtilegan klæðnað," segir Helgi.

Í Sævari Karli er sama uppi á teningnum. „Litirnir breytast þegar sumrið kemur. Þeir verða skærari og ekki jafn mattir og um veturinn," segir Sævar Karl. „Þetta á jafnt við um jakka, skyrtur og bindi."

Það vekur einnig athygli að aldrei eru fleiri en tvö bindi eins í verslun Sævars Karls. „Bindin eru sniðin á móti hvort öðru og aðeins hægt að panta þau í sléttum tölum, 2 eða 4 og svo framvegis," segir Sævar Karl. „Við viljum ekki kaupa mörg eins því það er hallærislegt að vera með eins bindi og einhver annar."

Sævar Karl kannast ekki við að þverslaufur séu að komast aftur í tísku. „Nei, þvert á móti. Mér finnst hins vegar mjög flott þegar menn eru með slaufur og við verðum sjálfsögðu við því þegar menn biðja um slík hálstau," segi hann.

Indriði klæðskeri er á öndverðum meiði enda mikill aðdáandi þverslaufunnar. „Þverslaufan hefur ekki verið jafn vinsæl síðan Michael Douglas skartaði einni slíkri í Wall Street árið 1987," segir Indriði. „Hvern hefði grunað að hún myndi koma aftur?" Indriði hefur einnig örlítið aðrar meiningar í bindistískunni en kollegar sínir. „Herratískan er að verða herralegri og klassískari. Bindin eru að verða einlit og mjó. Munstrin ganga ennþá upp en einungis ef þau eru íhaldssöm."

*tryggvi@frettabladid.is*



Sævar Karl segir það lykilatriði að bindi endurspegli annan klæðnað og bindi hann saman. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Munstrin er frjálsleg í sumar. Bæði skyrtan og bindið eru frá Sævari Karli. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Ralph Lauren sér fram á litríkt sumar. Þetta bindi fæst í Iðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Indriði klæðskeri heldur því fram að slaufur séu komnar aftur í tísku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN









## Úr háborg tískunnar

**BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS**

## Nýtt útlit, ný íbúð, nýtt líf!

Í eina tíð þótti það duga að fara í litgreiningu til þess að hressa upp á „lookið" og koma í veg fyrir stórkostleg umhverfisslys. „Ertu greind? Fórstu til Heiðars?" voru sígildar spurningar. En nú er öldin önnur og dugir ekkert minna en að fara í gagngerar útlitsbreytingar, „relooking". Ekki bara til að skipta um liti í fataskápnum, heldur til að læra að velja rétt snið svo að líkamsbyggingin njóti sín og draga úr göllum, skipta um hárgreiðslu og hárlit og læra réttu handtökin við förðun. Til að gera stórt nef fínna hjálpar til dæmis að setja dekkri farða á miðjuna á nefinu, þá sýnist það mjórra. Lítinn munn má gera stærri algjörlega án þess að sprauta silikoni í varir, bara með réttu varalitatækninni, enda gott kyssutau löngum þótt kynþokkafullt. Hér í borg er núorðið lítill vandi að leita sér aðstoðar við að skipta um stíl, fyrir þá sem ekki eru vissir um hvernig þeir eigi að klæða sig eða greiða. Tískuþættir í sjónvarpi bjóða áhorfendum að hitta tískufræðing sem leiðbeinir um klæðnað og hár og fer jafnvel í innkaupaleiðangur með viðkomandi. Í því útlitsdýrkunarþjóðfélagi sem við lifum í getur það skipt sköpum fyrir atvinnuviðtal eða jafnvel á rómantísku stefnumóti að vera þokkalega til fara.

En útlitshönnuðum dugir nú ekki lengur að einbeita sér að einstaklingnum heldur eru þeir farnir að bjóða upp á leiðbeiningar um hvernig eigi að endurskipuleggja íbúðir eða hús. Nú tala karlmenn og unglingar um innanhússkreytingar eins og um fótbolta og nýjustu iPod-græjuna því umhverfið innivið hefur fengið meira vægi, hvort sem það er vegna þess að fólk eyðir meiri tíma innivið sökum lengri frítíma eða af hryðjuverkahræðslu og ferðakostnaði.

Íbúðir eru oft á tíðum litlar í stórborginni og því þarf að nota plássið sem best og hvað er betra en að fá sérfræðing til að bjóða uppá nýjar lausnir sem venjulegt fólk lætur sér ekki detta í hug? Til dæmis að breyta gagnslausum gangi í fataherbergi eða opna eldhúsið og stækka þannig stofuna. Innanhússkreytingamaður getur gefið nokkur góð ráð um liti, hvernig megi auka birtu eða blanda saman gömlum og nýjum húsgögnum. Í dag er það sama reglan og í tískunni sem gildir í innanhússkreytingum, allt í góðu að blanda saman Ikea og antík. Skreytingamaðurinn fer jafnvel í verslunarferð en tekur 1500 evrur fyrir daginn! Svo er hreinlega hægt að fá arkitekt sem leggur línurnar um róttækar breytingar svo sem að breyta baðherberginu í eldhús, leitar tilboða og semur jafnvel við iðnaðarmenn. Nýjasta starfsheitið hér í landi er „heimilisrelooker".

**bergthor.bjarnason@wanadoo.fr**






- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

Einnig sjampó, hárnæring o.fl.

Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana

DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570



Gleðilegt sumar



bianca
gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12, Kópavogi
Sími 554 3533








Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**




Veski. Accessorize. 650 kr.

Hálsmen marglitt. Ice in a bucket. 1.495 kr.

Perlufesti. Accessorize. 1.499 kr.

Spenna. Accessorize. 499 kr.

Armband. Accessorize. 650 kr.

Armband . Accessorize. 899 kr.

Armband. Accessorize. 650 kr.

Eyrnalokkar. Accessorize. 1.499 kr.

Blómaspöng. Ice in a bucket. 395 kr.

Hálsmen. Ice in a bucket. 995 kr.

# Sumarglingur

***Sumardagurinn fyrsti er í dag og það er kominn tími á litríkt og líflegt skart og skraut.***

Með komu sumars getur verið skemmtilegt að lífga upp á sjálfa sig og tilveruna með litríku glingri. Sterkir litir eru í tísku og fjölbreytileikinn er allsráðandi. Í verslunum má finna fjölda smáhluta sem fullkomna sumarútlitið og það er ekkert sem segir að eyrnalokkar, armbönd og hálsfestar þurfi allt að vera í stíl.





Veski. Accessorize. 999 kr.

Blómaspennur, fjórar saman. Ice in a bucket. 295 kr.

Hálsmen. Ice in a bucket. 995 kr.

Blómaspenna. Accessorize. 650 kr.

Armband. Ice in a bucket. 995 kr.

**Óglatt?** 700 g af súkkulaði fara ekki vel í maga. Vertu duglegur að borða trefjar og fáðu þér skyr, það hjálpar meltingunni.



## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI

# Að eiga sér fyrirmyndir

Nú strax eftir páskahátíðina er ekki eftir neinu að bíða að koma sér af stað á ný og hrista af sér slenið sem oft leggst yfir mann á góðum kyrrðardögum. Það er svo sannarlega nauðsynlegt að hvíla lúin bein, en þegar borðað er töluvert meira en líkaminn þarfnast er lag að koma blóðinu á hreyfingu. Margir eru þó búnir að vera á skíðum hérlendis sem erlendis svo blóðflæðið ætti að vera gott hjá þeim en við sem förum ekki á skíði skulum skella okkur aftur inn í daglega hreyfingarrútínu og taka fram göngu- eða hlaupaskóna þegar veðrið er orðið svo vænlegt til útiveru.

### Að vera betri í dag en í gær

Það eru margir sem við getum tekið okkur til fyrirmyndar og veitt okkur innblástur þegar kemur að hreyfingu og mataræði, þó við förum ekki í einu og öllu eftir aðferðum þeirra. Mér finnst til dæmis ekkert jafn hraustlegt og að sjá skokkara á kyrrlátum sunnudagsmorgni, þegar ég er enn með stírurnar í augnum, hlaupa um fáfarnar götur. Það er eitthvað svo mikil reisn yfir flottum hlaupurum. Og mig langar að verða betri hlaupari. Þú getur svo átt þér einhverjar allt aðrar heilsusamlegar fyrirmyndir sem veita þér innblástur þegar andinn kemur ekki yfir þig eða við að leggja af stað eftir of margar og langar stundir í sófanum.

### Fitness og fyrirmyndir

Ég fór á vaxtarræktar– og fitness-keppnirnar á Akureyri um helgina og fylgdist með konum og körlum sem hafa lagt mikið á sig til að geta staðið upp á sviði, nær nakin, og látið bera sig saman. Þó mörgum myndi ekki þykja þetta eftirsóknarvert má ekki gleyma þeim gríðarlega viljastyrk og sjálfsaga sem liggur að baki. Það sást að þessir kroppar höfðu lítið verið í páskaeggjunum, skyndibitanum eða sófanum síðustu vikur eða mánuði. Flest sækjumst við kannski ekki eftir svo lágri fituprósentu eða svo miklum vöðvaskurði, en við getum samt tekið þessa keppendur til fyrirmyndar að mörgu leyti. Þeir hafa sett sér markmið innan tímamarka. Þeir skipuleggja máltíðir sínar og næra sig aðeins á því sem nýtist þeim til uppbyggingar. Þeir skipuleggja æfingar sínar vel og sleppa aldrei úr æfingu hvernig sem þeim líður. Æfingaplön þeirra og mataræði er strangt og næstum ómannlegt. Að keppa í fitness og vaxtarrækt fylgja auðvitað töluverðar öfgar, sem hægt er að gagnrýna á ýmsan hátt. Þrátt fyrir það getur kraftur þeirra, sjálfsagi og viljastyrkur, líkt og annarra íþróttamanna, verið okkur til fyrirmyndar.

### Að fara út fyrir þægindarammann

Ég vil því hvetja fólk til að finna sér fyrirmyndir í íþróttum. Þær veita okkur hvatningu og innblástur með afrekum sínum þegar á móti blæs hjá okkur. Þó ég sækist ekki eftir að vera um 10% í fitu, líkt og fitnessdrottningarnar, er ég uppveðruð eftir helgina og staðráðin í að gera enn betur í ræktinni. Minnumst þess að það er hollt hverjum manni að fara út fyrir þægindarammann og gera betur í dag en í gær!

*Kær kveðja, Borghildur*

# Reykingaleysi og þyngdaraukning

MARGIR FITNA ÞEGAR ÞEIR HÆTTA AÐ REYKJA. Á VEFSÍÐU BBC ERU GEFIN NOKKUR RÁÐ TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR SLÍKT.

Hafa skal í huga að löngunartilfinningin mun hverfa, ekki svala henni með því að borða. Birgja skal skápana af heilbrigðum mat til að narta í. Ávextir, bæði ferskir og þurrkaðir, stökkt grænmeti og þess háttar hentar vel til slíks og betra er að bíta í það en að vera að narta í fitumikið og kaloríuríkt snakk.

Passa skal upp á að borða að minnsta kosti þrjár heilsusamlegar máltíðir á dag sem innihalda helling af fitulitlum flóknum kolvetnum. Þannig er auðvelt að halda svengdinni niðri, sem kemur í veg fyrir bita á milli mála.

Reyna skal eftir fremsta megni að fá smá hreyfingu á hverjum degi. Þegar lungun hafa náð sér eftir reykingarnar verður það strax auðveldara og þar með skemmtilegra. Hreyfingin hefur ekki eingöngu þau áhrif að brenna kaloríum heldur minnkar hún einnig matarlystina.

Sniðugt er að spara peningana sem vanalega hefði verið eytt í tóbak til að kaupa einhver sérstök föt. Með þessu er auðvelt að passa vel upp á hvað er borðað til þess að líta sem best út í nýju fötunum.

Finna skal nýtt verkefni fyrir hendurnar að dunda sér við. Hægt er að taka upp prjónana, heklið eða púslið.



Oft fylgir þyngdaraukning því að hætta að nota tóbak.
























**Pottaplöntur** eru heimilisprýði. Þær lífga upp á umhverfið og færa lífinu lit.









Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRÝÐI

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400



Steinunn Valdís hreinsar sitt nánasta umhverfi og hvetur íbúa höfuðborgarsvæðisins til að gera slíkt hið sama. MYNDIR/HULDA

# Burt með afklippur og rusl

***Með hækkandi sól verður ruslið umhverfis okkur áberandi en nú er komið að tiltekt því hreinsunarátak höfuðborgarsvæðisins hefst á morgun. Borgarstjórinn Steinunn Valdís Óskarsdóttir tekur þátt í því.***

„Ég læt allt vera hversu græna fingur ég er með en ég reyni auðvitað eins og aðrir að laga til kringum mig á vorin,“ segir Steinunn Valdís, sem á gróinn garð. Hún kveðst ekkert sérstaklega iðin í blómaræktinni en í þremur kössum við húsið ræktar hún alls konar grænmeti og kartöflur undir dúk þegar lengra líður á. Svo á hún rabarbara líka þannig að það verður greinilega búsældarlegt hjá núverandi borgarstjóra þegar kemur fram á sumarið. „Ég er ekki komin langt með vorhreinsunina,“ segir Steinunn, sem ekki þarf aðeins að raka saman stöngla og afklippur heldur líka plast og pappír sem borist hefur í garðinn. Hún kveðst stundum velta því fyrir sér hvaða fólk það sé sem hendi rusli á almannafæri. „Það er alveg sama við hvern maður talar. Öllum finnst ástandið ótækt og skilur ekkert í öllum hinum en ég held við þurfum öll að taka okkur tak. Ruslið stingur svo illilega í augu á þessum árstíma.“

Umhverfissvið borgarinnar hefur verið með auglýsingar í sjónvarpinu undir kjörorðinu Virkjum okkur og vakið hafa athygli, til dæmis ein sem sýnir manneskju hrækja tyggjói út úr sér heima. Skilaboðin eru ljós.

Nú er hreinsunarátak að hefjast í borginni og Steinunn Valdís kveðst hafa fengið bæjarstjóra í nágrannasveitarfélögunum til að taka þátt í því, þannig fái átakið meiri slagkraft. „Allir íbúar höfuðborgarsvæðisins leggja vonandi fram krafta sína og þrífa í kringum sig. Síðan koma hreinsunardeildirnar og hirða ruslið utan við lóðamörk,“ segir hún og heldur áfram. „Við reynum líka að hvetja vinnustaði til tiltektar. Ráðhúsið hefur haft sinn hreinsunardag og mun gera áfram. Í fyrra fórum við og þrifum beðin kringum Tjörnina. Þar kom ýmislegt í ljós því greinilega hafa verið iðkaðir þar hlutir sem ekki eru prenthæfir.“



„Ruslið verður hirt við lóðamörk,“ segir borgarstjórinn.

*gun@frettabladid.is*








nýbýlavegi 18 I s. 517 2100

mubla

Hönnuðir PEFA sameina á einstakan hátt framúrstefnulega fegurð, stílhreina hönnun, einfaldleika, úthugsuð smáatriði og meistarasmíð.

Hinir vel þekktu hönnuðir PEFA vita hvaða þarfir borð þarf að uppfylla og hve miklu máli það skiptir fyrir heildarmyndina. Um leið og þeir færa þér borð sem er gleðivaki og miðpunktur heimilislífsins tekst þeim að brjóta viðteknar venjur með óvenjulegri hönnun og skemmtilegum útfærslum.

PEFA er valkostur fyrir hugsandi fólk.

# Sumar í bæ

***Í dag er sumardagurinn fyrsti og til að taka vel á móti sumrinu er ekki úr vegi að hreinsa aðeins til heima fyrir og setja heimilið í sumarfötin.***



Sumarlegur borðbúnaður dregur fram rétta sumarskapið. Fallega litaðar könnur, kaffibollar með blómamynstri, litríkir diskar og sumarmynstraðar diskamottur og dúkar draga fram réttu stemninguna.

Afskorin blóm ilma vel og eru falleg fyrir augun. Blómin má hafa hvar sem er á heimilinu, á náttborðinu, við baðkarið, eldhúsborðinu eða þar sem þeirra er notið best.





Kuldaskórnir eiga að fara aftast í skápinn og sumarsandalarnir skipa sæti fremst. Einnig er gott að fara í gegnum fataskápinn og hreinsa til fyrir sumarið.



Háir eða hálflokaðir kertastjakar gefa góða stemningu úti í kvöldskímunni. Einnig gefur stemningu að hafa kyndla eða standandi kertastjaka úti við.



Á sumrin er gott að eiga nóg af skordýraeitri og flugnaspöðum. Einnig er gott að muna að loka gluggum í herbergjum þar sem ljós skín á kvöldin, ljósið laðar að flugur og geitunga- og hunangsflugudrottningar.

Teppi og púðar í þungum litum eiga að vera uppi í skáp yfir sumarið. Með því að hafa sumarleg teppi eða púða í léttum litum er heimilið gætt lit. Einnig er ekki úr vegi að setja upp þykkar gardínur í svefnherberginu til að fá dimmu en á öðrum stöðum má hengja upp léttari gardínur svo birtan nái inn.



Grillið er farið að komast í notkun og því ekki úr vegi að finna til öll áhöld, kol og olíu svo allt sé tilbúið þegar sumarsvengdin kallar.

# Sumar 2006

***Sýningin sumar 2006 stendur yfir um helgina og þar mun kenna ýmissa grasa.***

Dagana 21. til 23. apríl stendur yfir sýningin Sumar 2006 í Laugardalshöll. Á sýningunni má finna allt milli himins og jarðar sem tengist sumrinu, sumarhúsinu, heimilinu, garðinum, umhverfi og einnig ferðalögum, heilsu og ýmissi afþreyingu.

Þetta er kjörið tækifæri fyrir alla þá sem vilja finna sniðugar hugmyndir fyrir heimilið eða sumarhúsið fyrir þessa skemmtilegu árstíð sem nú var að ganga í garð.

Sýningin verður opin föstudaginn 21. apríl frá klukkan 16 til 19. Á laugardaginn verður opið frá 11 til 19 og á sunnudeginum verður opið frá 11 til 18. Sýningin er haldin í nýju höll Laugardalshallarinnar.



Þeir sem vilja leita góðra hugmynda fyrir heimilið, garðinn og sumarhúsið ættu að líta við á sýningunni Sumar 2006.









# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Sánktipálía - góða stelpan sem of oft er misskilin

Sánktipálían, Saintpaulia ionantha, er líklega sú pottaplanta sem auðveldast er að rækta og fá til að blómgast í heimahúsum og um leið sú líklegasta til að standa vanrækt og misskilin einhversstaðar þar sem lítið ber á. En sánktipálían á alla athygli og allt gott skilið, því þegar vel tekst til getur hún staðið sem stofustáss allt árið og blómgast viðstöðulaust.



**Þýskur barón og nýlenduherra**

Hin ræktaða sánktipálía á ættir sínar að rekja til einnar tegundar sem vex í giljum og klettaskorum í hlíðum Usambarafjalla í nýlendunni sem eitt sinn hét Tanganyika en tilheyrir nú ríkjasambandinu Tanzaníu í Austur-Afríku. Þar var hún uppgötvuð af þýskum baróni sem var landstjóri í hinum þýska hluta nýlendunnar, Walter von Saint Paul, árið 1892. Baróninn sendi föður sínum nokkrar plöntur heim til Þýskalands og þar voru þær kynntar vísindunum. Í staðinn fengu þeir feðgar þessa áður óþekktu plöntuættkvísl nefnda eftir sér. Í ættkvíslinni eru um 20 tegundir, sem allar eiga sín ból í fjöllum Afríku.

**Vekur móðurást**

Upprunalega sánktipálían ber fjólublá blóm, með sérkennilega holdmiklum blómblöðum og djúpum, sindrandi gljáa. En það kom líka í ljós við ræktunina að plönturnar vildu breyta sér og fá aðra blómliti. Annað varð líka til að auka vinsældirnar. Það var það, að afar auðvelt var að fjölga plöntunum. Það þurfti ekki annað en að halda blaðstilkunum eða bút úr blaði á rakri mold. Þá skaut það út rótum og upp óx ný planta. Þessi eiginleiki vakti móðurást og umhyggju hjá fjölda fólks og fyrr en varði var búið að stofna sánktipálíuklúbba víða um lönd og enn í dag eru þessir klúbbar í fullu fjöri, einkum í Breska Heimsveldinu og í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Á ensku heitir sánktipálían „African violet".

**Tók Ameríku með trompi**

En á árunum eftir fyrri Heimsstyrjöldina, 1914-18, voru fleiri tegundir ættkvíslarinnar komnar til sögunnar, hver með sín sérkenni. Það sýndi sig að auðvelt var að æxla tegundunum saman en blendingarnir þóttu svo sem ekkert taka frumtegundinni fram, svo að lítið varð úr kynbótum af þessu tagi hér austanhafs. Þegar svo sánktipálían barst til Bandaríkjanna um 1926 tók við henni maður af þýskum ættum, Hermann Holtkamp að nafni. Hann var ófeiminn við kynbæturnar og hafði skýr markmið að leiðarljósi. Það má eiginlega gera ráð fyrir að allar þær sánktipálíur sem við þekkjum séu frá honum komnar. Holtkamp skapaði „sánktipálíustórveldi" og kom sánktipálíum inn á hvert heimili í norðanverðri Norður-Ameríku. Fjölskylda hans og afkomendur halda enn uppi merkinu og árlega koma tugir nýrra afbrigða fram og fara í sölu frá þeim. Sagt er að amerískar húsmæður séu snillingar í og setji stolt sitt á að rækta fallegar sánktipálíur.

**Hóflegur raki og víðir pottar**

Sánktipálían gerir ekki miklar kröfur. Henni nægir að standa á björtum stað, ekki í suðurglugga en gjarna þar sem hún nýtur síðdegissólar. Venjulegur stofuhiti á vel við hana og fá hún ögn af „blóma"-áburði af og til og ljós frá björtum lampa á veturna má búast við því að hún standi í blóma árið um kring. Dragsúgur, kalt vatn og dýblaut mold eru fljót að gera út af við hana og forðast skyldi að bleyta blöðin mikið, heldur láta hana draga upp volgt vatn neðanfrá í hvert skipti sem hún er vökvuð. Sánktipálían þrífst best í víðum og grunnum pottum í loftríkri, jafnrakri mold. Er illa við umpottun, en ungar plöntur blómgast meira en gamlar.

**Í stuttu máli:**

**Sánktipálía - Saintpaulia ionantha hybr.**
**Ætt:** Gesneriaceae / Sumargullsættin
**Uppruni:** Usambarafjöll í A-Afríku.
**Notkun:** Blómplanta.
**Birta:** Mikil birta - milt sólskin.
**Kjörhiti:** Stofuhiti - 18-25°C.
**Vökvun:** Haldið moldinni rakri, vökvið neðanfrá og alltaf með volgu vatni.
**Áburður:** Blanda fyrir „blómstrandi" vikulega á sumrin.
**Umpottun:** Getur staðið lengi í sama pottinum. Endurnýið plönturnar eftir þörfum.



Full búð af nýjum vörum
Gleðilegt sumar!
Sipa
Laugavegi 67
sími: 5518228

PÍANÓSTILLING.IS
Kristinn Leifsson - Leifur Magnússon
S. 661-7909

Gleðilegt sumar

Verðum með Bear Chair garðhúsgögnin á sýningunni í Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði í dag, sumardaginn fyrsta.
Sjón er sögu ríkari.
10% sýningarafsláttur
Lene Bjerre® Scandinavian Country Collection
Bæjarlind 6, Kóp. • s. 5347470 • www.feim.is
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 10-16


Karólína Lárusdóttir
Íslensk list er góð gjöf
Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg
Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18, sunnudaga kl. 13-17
Opið á Rauðarárstíg laugardag kl. 11-14
Sjáumst í Gallerii Fold
LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is




KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND ehf.


SPARKY PROFESSIONAL
– fyrir iðnaðarmanninn
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is

# Gaman að smíða nýja hluti

***Smíðaþjónustan ehf. flutti nýlega í stærra og betra húsnæði að Hyrjarhöfða 6.***

„Við erum aðallega í sérsmíði og þá eftir teikningum arkitekta eða annarra innanhússhönnuða," segir Guðsteinn Halldórsson spurður um viðfangsefni fyrirtækisins. Guðsteinn er annar tveggja stofnenda fyrirtækisins sem starfrækt hefur verið frá 1997. Hinn er Kristján Þorsteinsson.

Guðsteinn nefnir að þeir taki að sér „heildarpakka" í hús þar sem þeir smíða allar innréttingar, bæði í nýjar íbúðir og eldri. Þó taki þeir lítið að sér vinnu fyrir húsfélög en meira fyrir einstaklinga og fyrirtæki. „Það er alltaf gaman að smíða hluti sem sjaldan eða aldrei hafa verið gerðir áður," segir Guðsteinn og bætir við: „En það er líka nauðsynlegt að hafa góðar teikningar ef hlutirnir eru flóknir, svo að hvorki misskilningur né mistök eigi sér stað." Heimasíða Smíðaþjónustunnar er www.innretting.is og þar er hægt að skoða ýmislegt sem eftir þá félaga liggur.


Borðstofuskápur teiknaður af Glámu/Kím.







Ólöglegt er að setja garðúrgang í sorptunnur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Vorhreinsun í höfuðborg

***21.apríl hefst vorhreinsun í flestum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Næstu tvær vikur verða starfsmenn þeirra á ferðinni og taka garðúrgang við lóðamörk.***

Íbúar eru hvattir til þess að taka til hendinni í görðum sínum og nánasta umhverfi. Þar sem ólöglegt er að henda garðúrgangi í sorptunnur bjóða sveitarfélögin upp á þá þjónustu að taka garðúrgang á lóðamörkum. Hann verður þó að vera snyrtilega frágenginn í lokuðum plastpokum og greinar skulu bundnar saman í knippi. Stærri einingum, eins og trjábolum og slíku, bera íbúar sjálfir ábyrgð á að koma til endurvinnslustöðva Sorpu. Ekkert gjald er tekið af slíkum úrgangi svo framarlega sem ekki er komið með meira en tvo rúmmetra í einu.

Garðúrgang er gott að flokka í eftirfarandi flokka:

1. Trjágreinar (efnið er kurlað og nýtt í moltugerð).
2. Gras (efnið er nýtt í moltugerð).
3. Annar garðúrgangur, s.s. blómaafskurður, illgresi, þökuafgangar eða þökuafskurður (efnið er ónýtanlegt).

**húsráð }**

## Burt með fýluna

SÍTRÓNU OG SALT MÁ NOTA TIL AÐ NÁ ÓDAUNINUM ÚR ÍSSKÁPNUM.



Allir þekkja hið hvimleiða vandamál þegar daunillur fnykur hertekur ísskápinn og jafnvel svæðið í kring. Ástandið getur stundum orðið það slæmt að ekki nema allra huguðustu fjölskyldumeðlimirnir þora nálægt skápnum. Kannski svolítið öfgafullt dæmi en langt frá því að vera óþekkt.

Flestir eru þó snyrtilegir og þrífa ísskápinn reglulega. Stundum reynist ólyktin hins vegar ill viðureignar og reynast þá góð ráð dýr.

Ein leiðin er einföld en getur verið afar áhrifamikil. Hún er að taka sítrónu og skera hana tvennt. Síðan skal helminingurinn af ávaxtakjötinu tekinn í burtu og fyllt upp í með salti. Hvorn helminginn af sítrónunni með saltinu má síðan setja í horn ísskápsins. Síðan er sítrónan látin liggja í dágóðan tíma og á þessi blanda sítrónu og salts að draga í sig helsta ódauninn úr ísskápnum.




## Hjólbarðar




Dekk frá 2.000 kr og ein ódýrasta umfelgunin í bænum. Vaka dekkjaverkstæði, Eldshöfða. S. 567 6860 og vakaehf.is

Óska eftir að kaupa 16" felgur undir Land Cruiser. S. 846 7187.

Álfelgur og dekk óskast undir Daihatsu Ferosa. Uppl. í s. 897 3515.

Til sölu nýleg nánast óslitinn sumardekk á 13 tommu álfelgum undan Toyotu. Uppl. í síma 820 6143.

4 lítið ekinn dekk til sölu. Stærð 235-70-16. Verð 20 þús. S. 893 0332.

Til sölu 4 175/65 /14 tommu dekk á orginal álfelgum undan Daihatsu Applause verð 15 þ . Einnig 2 205/50/16 tommu Low Profile dekk á 6000 þ. Uppl. í s. 861 4745.

## Varahlutir




**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Opel partar.**
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar Vélar**
Eigum varahluti í flesta japanska og kóreska bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

## Viðgerðir




Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan. Bíldshöða 18 s. 562 1075.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Sláttuvélamarkaðurinn**
Tilboðsdagar! Vagnhöfða 8, s. 517 2010.

Nánast nýtt rúm frá Betra Bak, 96 b x 200 l. Selst ódýrt. Uppl. í s. 551 4822.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Svefnsófi á 5 þ. 14" sjónv. á 3 þ. S. 896 8568.







**Comet háþrýstidælur**
margar gerðir, verð frá kr. 10.347- m/vsk. (mynd 26.390- Comet 1350 classic) Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.






"Be Wilde" Postman Bag Gazelle Kulusukart.com. S. 893 6262.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

**Tölvuviðgerðir frá 1.500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. S. 695 2095.

## Vélar og verkfæri



Vandaðar hjólsagir í mörgum stærðum og gerðum. Einnig sambyggðir þyktarheflar og afréttarar. Sambyggður þykktarhefill, afréttari, hjólsög og fræsari. Bandsagir, þykktarheflar og margt fleira. HJ Hönnun s.824-0561

## Til bygginga

**vidur.is**
Harðviður til húsagerðar. Vatnsklæðning frá kr. 350 lm. Pallaefni frá kr. 270 lm. Panill frá kr. 187 lm. Ofl.ofl. sjá vidur.is/hardvidur.is Magnús sími 561 1122 / 660 0230 Fluggörðum 26 Rvík.

Eigum á lager þakull 200 mm á góðu verði. Uppl. í síma 555 6888.

Óska eftir að kaupa eða taka á leigu stillasa. Uppl. í s. 896 1074.




## Verslun




Buffpíta. Pítan Skipholti.

Kalkúnapíta. Pítan Skipholti.

Loftpressur. Sindri.

Veftilboð. 8.is

Nýja Húsasmiðjuverslunin í Ögurhvarfi við Breiðholtsbraut er opin alla virka daga til klukkan 21:00.

Skrúfur og boltar. Sindri.

Grænmetispíta. Pítan Skipholti.

Brettarekkar. Sindri.

Velkomin í nýja Húsasmiðjuverslun í Ögurhvarfi við Breiðholtsbraut.

Hamborgari, hamborgari, hamborgari. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Reiðhjól og línuskautar átilboðsverði. Opið í dag, sumardaginn fyrsta. Everest Skeifunni.

Opið til 9. Blómaval Skútuvogi.

Kerfisveita. Anza, öruggur rekstur tölvukerfa.

Bara flott gleraugu, Sjáðu Gleraugnaverslun Laugavegi 32.

Opið til klukkan 24 Lyf og heilsa, Austurveri

Hitapottar. Normex.

Kjúklingapíta, Pítan Skipholti.

Hamborgarabúlla Tómasar. Þú ert velkominn, Hamborgarabúlla Tómasar.

## Ýmislegt

**www.slattuvel.is**
Tilboðsdagar. S. 517 2010.

Til sölu 3-4 þúsund VHS spólur, 150 DVD, tölva með Videó forriti, tveir búðarkassar, Pylsupottur- grill, digital vog o.f.l. Selst allt saman, mjög ódýrt/skipti. Uppl. í s. 898 8822. Kristján Örn.

## Fyrirtæki



Til sölu 3 glæsilegir hestvagnar hentar vel fyrir ferðaþjónustuaðila. Uppl. í s. 898 6105.

# ÞJÓNUSTA

## Vöruflutningar

Tek að mér smávöruflutninga fyrir fyrirtæki og einstaklinga út um allt land. Upplýsingar í síma 661 8087.

## Hreingerningar




Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Garðyrkja




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist s. 554 1989, www.gardlist.is.




Trjáklippingar, garðsláttur, garðaúðun og önnur garðvinna. Nú er tíminn til að klippa og fá tilboð í garðslátt sumarsins! Garðar best, ánægðir viðskiptavinir frá 1988.




Garðsláttur, klippingar og önnur garðvinna. Sumarkveðja! Draumagarðar draumagardar@vortex.is






**Sláttuvélamarkaðurinn**
Traktor 18hp, 6 gíra, sláttubreidd 107 cm. Fylgihlutir: Grassafnari 180 L, ábreiða og bensínbrúsi. Vortilboð: 249.000. Sláttuvélamarkaðurinn Vagnhöfða 8, Rvk. S. 517 2010.




**Blómstrandi garðar**
Felli tré, klippi og önnur garðverk. Þið hringið og við komum. S. 695 5521.

**www.slattuvel.is**
Sláttuvélamarkaðurinn. S. 517 2010.

Tek að mér að klippa garða og snyrta. Uppl. í síma 616 1569.

Trjáklippingar og önnur garðyrkjustörf. Blómi. S. 896 7969.

Garðyrkjufr. geta bætt við sig verkefnum í vor og sumar. Trjáa og runnaklippingar, umhirða beða, sláttur o.fl. Uppl. í s. 661 0874 & gardverk@moldvarpan.is.

## Bókhald




Bókhaldsþjónusta, skattskil, laun, skattskýrslur og stofnun félaga. Rúnir bókhaldsþjónusta ehf. S. 578 8650. runir@runir.is

**Bókhald**
Bókhaldsþjónusta, laun, skattframtöl. Sveinbjörn, s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

## Fjármál

Framtalsþjónusta HR. Einfalt framtal kr. 2.700. Tímapantanir í s. 663 4141.

## TIL SÖLU









**Starfsfólk óskast.**
Óskum eftir starfsfólki á nýjan pizzastað og ísbúð í vesturbæ Reykjavíkur. Eftirtalin störf eru í boði.
( pizzabakarar),(bílstjórar),og (afgreiðslufólk í ísbúð). Ábyggilegir einstaklingar er skilyrði.
**Áhugasamir hafið samband í síma 824 2225..**

**Meiraprófsbílstjórar.**
Vífilfell hf óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í afsleysingastörf í sumar.
Hægt er að sækja um á heimasíðunni vifilfell.is auk þess liggja umsóknareyðublöð frammi í afgreiðslu Vífilfells Stuðlahálsi,
.
**Nánari upplýsingar gefnar í síma 525 2500.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Skeifan**
Við í Hagkaup Skeifunni erum stolt af okkar vinnustað. Hann er öruggur, starfsmenn eru á öllum aldri og vinnuandinn er skemmtilegur. Í boði eru hlutastörf í sérvöru-, matvöru- og kassadeild. Einnig full störf á kassa og í mjólkurdeild. Komdu og spjallaðu við Elínu rekstrarstjóra í Hagkaup Skeifu og við skulum athuga hvort við eigum samleið eða hringdu í síma 563 5000.

**Hressir strafsmenn á góðum aldri**
óskast til útiverka í sumar, góð laun og áframhaldandi vinna fyrir rétta menn. Kostur að hafa vinnuvélaréttindi eða meiraprófsréttindi.
**Upplýsingar í síma. 894 7010.**

**Ræsting fyrir hádegi.**
Vantar fólk til ræstingar á morgnana. Þarf að geta byrjað strax.
**Uppl. í síma 533 6020. eða raestir@raestir.is**

**Sagtækni auglýsir.**
Steinsteypusögun!
Góðir starfsmenn óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.
**Upplýsingar í s. 893 3236.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Atvinna - Vesturbær**
Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Þarf að vera vön að strauja. Unnið mánudaga - föstudaga. Ekki unnið á laugard. Uppl. á staðnum, Hraði fatahreinsun Ægissíðu 115. S. 552 4900.

**Just-Eat.is**
Óskum eftir vönum pizzasendlum á eigin bíl sem geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

**Sumarstafskraftar**
Óska eftir að ráða röska starfskrafta í kvöld, helgar og dagvinnu. Uppl. í s. 567 2880 á virkum dögum .

**Höfuðborgarsvæði/vélavinna**
Smágröfur-vélamenn. Vantar 2 lipra vélamenn til starfa á 2ja-4ra tonna gröfu og 4ra tonna liðstýrðum hjólaskóflum. Ásberg ehf. Uppl. í s. 894 2089.

**Járnabinding**
Vana járnamenn vantar, þurfa að geta unnið sjálfstætt. Næg vinna og góð laun í boði. S. 821 5959, Ingólfur.

Óskum eftir að ráða starfsfólk í almenna afgreiðslu og við kjötborð, um er að ræða kvöld og helgarvinnu. Þín Verslun Seljabraut 54. Upplýsingar gefur María Dögg á milli 8 og 16 eða í síma 557 1780.

**Enni ehf**
Óskar eftir að ráða vana bílstjóra og vélamenn (konur). Uppl. í s. 899 0012.

Hefur þú áhuga á hundum? Í boði er sumarstarf í hundahóteli í stór Reykjavíkur svæðinu. Reglusemi, snyrtimennska og einlægur áhugi á hundum skilyrði. Vinsamlegast sendið nafn, aldur og starfsreynsu á hundahotel@hundahotel.is Hundahótelið Leirum s. 566 8366 & 698 4967.

**Múrvinna!**
Múrklæðning Ehf óskar eftir vönum mönnum í múrvinnu. Mikil vinna framundan. Uppl. í síma 848 2576.

**Meiraprófsbílstjóri á trailer**
Ásberg verktakara óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra á trailer. Uppl. gefur Hallgrímur í s. 894 2089.

**Atvinna-Lagerstarfsmenn**
Lagerstarfsmenn óskast til starfa sem fyrst. Lifandi og skemmtilegt starf. Góð laun í boði fyrir rétta einstaklinga Upplýsingar gefur Örn í síma 820-8006 eða á staðnum Dalvegi 18 milli kl: 14:00 til 16:00. Einnig má senda á lager@rumfatalagerinn.is Rúmfatalagerinn.

Óskum eftir að ráða vanan gröfumann á nýja hjólagröfu. Uppl. í s. 897 6756.

**Þjónar.**
Veitingahús í miðbænum óskar eftir þjónum í fullt starf eða hlutastarf. Reynsla áskilin. Uppl. 692 1434 eða mystica @visir.is.

## Atvinna óskast

25 ára viðskiptafræðingur óskar eftir vinnu. Óska eftir krefjandi og skemmtilegu starfi. Hef reynslu af bankastörfum, ferðaþjónustu og störfum í heilbrigðisgeiranum. Áhugasamir hafið samband í síma 6633141

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Vorið gengur í garð! Starfsmenn borgarinnar leggja þér lið og hirða garðúrganginn, notaðu tækifærið! Lóðahreinsun í Reykjavík 21. til 29. apríl. Virkjum okkur. Reykjavíkurborg.

Tími nagladekkjanna er liðinn, 15. apríl! Reykjavíkurborg.

Endurvinnslan, Knarrarvogi er opin frá 10-18.

Vorið gengur í garð! Notaðu tækifærið! Settu garðúrganginn í poka og út fyrir lóðarmörk. Lóðahreinsun í Reykjavík 21. til 29. apríl. Virkjum okkur. Reykjavíkurborg.

Sumardaginn fyrsta verður opið hús í nýju íþróttamiðstöðinni við Lækjarhlíð Mosfellsbæ. Hægt verður að kynna sér aðstöðuna sem er í smíðum frá klukkan 14 til 17. Verið velkomin, Nýsir hf. og Ístak.

Kópavogsbúar athugið. Ný Húsasmiðjuverslun hefur opnað í Ögurhvarfi við Breiðholtsbraut

## ÞJÓNUSTA




**Þegar andlát ber að**
Alhliða útfararþjónusta í 16 ár
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

## ATVINNA

Thorvaldsen Bar

Óskar eftir að ráða vaktstjóra.
Þarf að hafa reynslu af bar / veitingastað.
Getur byrjað strax. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Upplýsingar veittar hjá Fanney í síma 697-9004

## ATVINNA

**BM Vallá ehf**
óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra á athafnasvæði félagsins í Reykjavik
Nánari upplýsingar gefur Þorlaugur í síma 898 4200 eða lager@bmvalla.is
BM·VALLÁ

## FASTEIGNIR

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### SUMARHÚS TJARNHOLTSMÝRI 15 GRÍMSNESI



Um er að ræða glæsilegt sumarhús nýtt í landi Bjarnastaða Grímsnesi á 10 ha eignarlandi. Sumarhúsið er ca 90 fm auk 20 fm gestahúss. Húsið verður á steyptri plötu byggt úr timbri, þak verður með bárujárni eða torfi. Húsið afhendist fullbúið að utan fokhelt að innan. **Verð 19,9 millj.**

### SUMARHÚS VAÐNESVEGUR



Hraunhamar fasteignasala hefur tekið í sölumeðferð glæsilegt frístundarhús í byggingu vel staðsett á frábærum stað við Vaðnesveg númer 6a, Vaðnesi, Grímsnesi. Húsið afh. fullbúið að utan með pöllum og tilheyrandi en að innan verður búið að einanagra húsið, sjá nánar skilalýsingu seljanda. Húsið er um 120 fm með um 150 fm verönd, sérsauna. Húsið stendur á ca 5000 fm eignarlóð og er í smíðum. Áætlaður afhendingatími er maí 2006. Uppl. veittir Þorbjörn Helgi.

### SUMARHÚS KJALBRAUT VAÐNESI



Stórglæsileg heilsárshús á þessum frábærra stað í landi Vaðness í Grímsnesi. Um er að ræða 5 sumarhús sem geta selst saman eða í sitt hvoru lagi. Húsin er öll 60 fm og eru innr. smekklega og fylgir þeim allt innbú. 3 sv.herb., stofa, eldhús, baðh. og geymsla eru í hverjum bústað. Rúmgóð verönd og heitur pottur. Gott aðgengi og frábær staðsetning. Stutt í alla þjónustu og útivist. Hentar vel fyrir félagasamtök eða einstaklinga. Eignarland. **Verð frá 15,9 millj.** Nánari uppl. veitir Hraunhamar fasteignasala.

### SUMARHÚS HÁAHLÍÐ 10



Um er að ræða 57,4 fm sumarhús í landi Vatnsholts við Apavatn. 3 svefnherb., stofa og eldhús í einu rými. Falleg eldhúsinnr. og góður borðkrókur. Nýleg heimilstæki þ.e. ískápur, eldvél og ýmis áhöld. Innaf forstofu er geymsla. Gott baðh., 27 fm svefnloft, 70 fm pallur. Húsið stendur á 5100 fm eignarlóð. Það vantar gólfefni og hurðir. Annars er bústaðurinn vel hirtur og gott leiksvæði fyrir börnin. Allt innbú fylgir. **Verð 9,1 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

Frum

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

## Laufás - sérh. Garðabæ





Í einkasölu mjög góða 144 fm efri hæð í tvíbýli þar af er bílskúr 29,8 fm vel staðsett í Ásahverfi í Garðabæ. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi, stofu, borðstofu, geymsluloft og bílskúr. Parket og flísar. Fallegur gróinn garður. **Verð 29,9 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

Frum

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

## Efstilundur - einb. Garðabæ



Sérlega fallegt einbýli á þessum vinsæla stað í Garðabæ. Húsið er 195,5 fm með bílskúr sem er um 45 fm. Skipting eignarinnar: 4 svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús með borðkróki, þvottahús, baðherbergi, gestasnyrting, forstofa, herbergi með sturtu og bílskúr. Húsinu hefur verið vel haldið og í góðu standi. Þetta er eign sem vert er að skoða. Húsið getur verið laust við kaupsamning. **Verð 46,9 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**



## VIÐ OPNUM Í REYKJANESBÆ

Ný arkitektastofa að nafni THG arkitektar Reykjanesbæ ehf hefur tekið til starfa og er til húsa að Brekkustíg 39 í Reykjanesbæ. Vegna mikilla verkefna framundan leitum við að arkitektum og byggingarfræðingum í framtíðarstörf.

THG ARKITEKTAR REYKJANESBÆ

S. 545 1660 | FAX 545 1669 | WWW.THG.IS

## Aðalfundur Íslandsdeildar Amnesty International

Aðalfundur Íslandsdeildar Amnesty International verður haldinn laugardaginn 22. apríl kl. 14.00 í Litlu Brekku við Bankastræti.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum deildarinnar.
Allir félagar Íslandsdeildar Amnesty International velkomnir.

## 34. aðalfundur SPOEX 2006

34. aðalfundur Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga verður haldinn miðvikudaginn 26. apríl nk. að Grand Hótel Reykjavík v/Sigtún og hefst fundurinn kl.20.00.

**Dagskrá:**
- Venjuleg aðalfundastörf.
- Kynning á psoriasismeðferð í lækningalind Blá lónsins
- Önnur mál.

*Mætið öll og fræðist um málefni samtakanna.*

Stjórnin.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
### – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um matsskyldu eftirtalinna framkvæmda samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmd ekki háð mati:
**Rannsóknarboranir í Hverahlíð í Sveitarfélaginu Ölfusi.**

Framkvæmd háð mati:
**Borun tveggja rannsóknarhola á austanverðum Ölkelduhálsi í Sveitarfélaginu Ölfusi.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is**.

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **18. maí 2006**.

Skipulagsstofnun

FASTEIGNIR

# BÚGARÐABYGGÐ Í ÁRBORG

Vegna mikillar sölu og stöðugrar eftirspurnar er 2. áfangi nú einnig til sölu.




Fjóra km frá Selfossi hefur verið skipulögð búgarðabyggð sem er nýjung í íslensku skipulagi. Tjarnabyggð er skipulögð á um 600 ha af frjósömu og góðu byggingarlandi og þar verða í boði 1-6 ha lóðir með öllum þægindum og þjónustu þéttbýlisins.

ÁRBORGIR FASTEIGNA MARKAÐURINN EIGNAMIÐLUN FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN LÖGMENN SUÐURLANDI

Nánari upplýsingar á www.tjarnabyggd.is eða í síma 898-0343

# Gleðilegt sumar



**SKÁTASTARFIÐ BLÓMSTRAR Í DAG, SUMARDAGINN FYRSTA** „Dagurinn er orðinn sem skátadagur í hugum fólks því þá birtumst við í okkar búningum og gerum vart við okkur. Þetta er uppskeruhátíð þegar vetrarundirbúningurinn fær að blómstra og við horfum fram á sumarið og útistarfið sem því fylgir,“ segir Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi. Skátar bjóða fólki upp í dans og aðra skemmtun í dag með því að fara fyrir hátíðarhöldum víða um land. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Vorið er komið

NÚ ER TÍMINN

Sumardekkin undir bílinn



- Eitt mesta úrval dekkja á lager
- Styttri biðtími
- Öruggur tækjabúnaður
- Fagleg og samræmd vinna
- Reynsla sem þú getur treyst

Við erum fagmenn í dekkjum

MICHELIN
COOPERTIRES
KUMHO TYRES

2336 / Takk 07.04.06

Þjónustustöð Esso
Geirsgötu 19
551 1968
mán.-fös. 8-18

HjólVest
Ægisíðu 102
552 3470
mán.-fös. 8-18
laugardaga 10-14

Gúmmívinnustofan
Réttarhálsi 2
587 5588
mán.-fös. 8-18
laugardaga 9-14

Hjólbarðahöllin
Fellsmúla 24
530 5700
mán.-fös. 8-18
laugardaga 9-14

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



**TÆPLEGA FJÓRTÁN GRÁÐU HITI** Einn heitasti sumardagurinn fyrsti sem íbúar á höfuðborgarsvæðinu hafa upplifað var árið 1998 þegar sól skein á háa sem lága og hitastigið náði 13,5 gráðum. Í dag fer hitinn samkvæmt spám vart yfir fimm gráður og lítið mun sjást til sólar.
FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR Þ. GUÐMUNDSSON

# Bið eftir sumrinu

**Sumarið er ekki komið þrátt fyrir að sumardagurinn fyrsti sé genginn í garð. Þessi tími er jafnan umhleypingasamur og svo mun einnig nú. Spámenn Veðurklúbbsins á Dalvík segja landsmenn þurfa að bíða í tvær vikur enn.**

Sumardeginum fyrsta er best lýst sem umhleypingatíma enda kemur hann upp á miðju vori og mikill munur er á veðurfari sunnanlands og norðanlands," segir Páll Bergþórsson, veðurfræðingur. Þrátt fyrir að þessi tímamót gefi fögur fyrirheit hefur reyndin verið sú undanfarin ár að veðurguðirnir hafa kært sig kollótta og menn og skepnur um landið allt oftar upplifað rigningu, golu eða slyddu þennan dag en sól og hlýindi. Spár dagsins eru á svipuðum nótum. Víða verður skýjað og hitastig fer vart yfir fimm stigin hvort heldur er sunnan- eða norðanlands.

Sumardagurinn fyrsti er táknrænn í hugum margra landsmanna en hann ber ávallt upp fyrsta fimmtudag eftir átjánda apríl og getur því verið breytilegt hvaða vikudag hann ber upp á. Segja má að vart geti tímasetningin verið betri því hann ber upp á þeim tíma sem vetri sleppir og sumarið tekur við en eðli málsins samkvæmt er sá tími umhleypingasamur þó mjög dragi úr afli veðurkerfa í háloftunum. Um þetta leyti er norðaustanátt ríkjandi og tíðust á landinu öllu og loftþrýstingur jafnan hvað hæstur.







Reykvíkingar hafa aldrei upplifað þennan dag heitari en árið 1998 þegar hitastigið mældist 13,5 gráður og skein sól skært mestallan þann dag. Sólríkastur var hann þó upp úr síðustu aldamótum þegar sól vermdi vanga borgarbúa í 14,6 klukkustundir. Þurrt er yfirleitt í veðri suðvestanlands og sjaldan rignir. Lágmarkshiti umrædds dags var árið 1949 þegar hitastigið var -8,9 gráður og fjórum sinnum frá þeim tíma hefur hitastig ekki farið upp fyrir frostmark þennan dag. Tvisvar sinnum síðustu 50 ár hefur jörð verið alhvít sumardaginn fyrsta í höfuðborginni.

Hæsti hiti þennan daginn á landsvísu mældist á Akureyri árið 1976 þegar hitinn fór í 19,8 stig. Lægst fór það árið 1988 í Miðfirði þegar frostið náði 18,2 gráðum.

Þórólfur Jónsson, forsvarsmaður Veðurklúbbsins á Dalvík, segir engar sérstakar spár gerðar vegna sumardagsins fyrsta. Aðeins sé spáð í lok hvers mánaðar fyrir þann næsta. „Við spáum að það verði áframhaldandi norðanáttir að mestu í veðrinu fram eftir aprílmánuði. Því ljúki þó þann 27. apríl og þá taki við hlýindi og sumarið fari að ganga í garð fyrir alvöru."

Hjá Vegagerðinni fengust þær upplýsingar að ástand vega væri í meðallagi miðað við árstíma. Langflestir fjallvegir landsins eru færir þó enn séu hálkublettir á stöku stað. Allir hálendisvegir eru lokaðir venju samkvæmt og ástandskannanir gefa ekki tilefni til annars en að þeir verði væntanlega opnaðir í júní eins og undanfarin ár.

albert@frettabladid.is








www.lyfja.is
LYFJA
- Lifið heil
10 ÁRA AFMÆLISBOÐ
Stærsta apótek landsins í afmælisbúningi
Lyfja er
10 ÁRA
og hefur af því tilefni fengið nýtt og glæsilegt útlit
Við bjóðum til afmælisveislu í Lágmúlanum á sumardaginn fyrsta, kl. 14.
Solla stirða mætir í veisluna og gefur börnunum blöðrur.
Boðið verður upp á þriggja metra langa köku og Egils Kristal.
Kristall
Kökuhornið
Fjölmörg tilboð og kaupaukar í boði
Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði
Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd
Selfossi - Laugarási



**FRÁ BLAÐAMANNAFUNDI DANADROTTNINGAR** „Ekki var nóg með að ég hefði aldrei ávarpað drottninguna sem „yðar hátign“ heldur hafði mér ekki dottið í hug að nota þéringar.“

# Dús við drottninguna

Líklega væru Íslendingar enn undir dönsku krúnunni hefðu Danir haft vit á að gera það sama og Bretar og Ameríkanar, gauka að okkur nammi og bjóða okkur upp í dans. Eftirfarandi grein **Gerðar Kristnýjar** rithöfundar birtist í danska blaðinu Weekendavisen um páskana.

Fyrir ári gerði breski grínistinn Eddie Izzard sér ferð til Íslands til að segja brandara. Hann hafði lagt það á sig að kynna sér sögu lands og þjóðar og komst þá meðal annars á snoðir um að landið hafði eitt sinn verið undir dönskum yfirráðum. „Ég sá að þið gripuð tækifærið þegar Danir voru undir stjórn Þjóðverja og lýstuð yfir sjálfstæði ykkar árið 1944,“ sagði hann í hljóðnemann, „en Danmörk var hernumin árið 1940. Hvað voruð þið eiginlega að gera þessi fjögur ár sem liðu á milli?“

Það þýddi lítið að spyrja salinn, enda virtist aðdáendahópur Eddies ekki það fjölbreyttur að þar mætti finna fólk fætt fyrir stríð sem man þetta svo glöggt. Hafi einhver verið nýbúinn að læra um stríðsárin í sögu nennti sá hinn sami ekki að fræða Eddie á því að Ísland hafi verið hernumið sama ár og Danmörk og það af hans eigin þjóð. Íslendingar þurftu ekki aðeins tíma til að átta sig á þessari nýju stöðu heldur áttu þeir líka fullt í fangi með að sækja dansleikina sem blómstruðu hér eftir að herinn kom og njóta alls súkkulaðisins sem Bretarnir úðuðu í þjóðina. Síðar tók bandarísk herseta við og þá fengum við ekki bara súkkulaði heldur líka tyggjó.

Íslendingar biðu síns tíma og höfðu erindi sem erfiði. Lýðveldi var stofnað með pomp og prakt og fæstir hafa nokkurn tíma séð eftir því. Fyrir tveimur árum voru 60 ár liðin síðan Ísland losnaði undan yfirráðum Dana en sama ár voru 100 ár liðin síðan við fengum heimastjórn. Íslendingum var alveg nákvæmlega sama um þessi tímamót. Okkur finnst nefnilega sjálfsagt að vera sjálfstæð þjóð. Í huga okkar gætu árin 60 allt eins verið 600, að minnsta kosti hef ég aldrei nokkurn tímann heyrt Íslending dásama sjálfstæðið eða hrósa happi yfir því að landið skuli ekki lengur vera dönsk nýlenda. Það hljómar eins og brandari í eyrum nútíma Íslendings að Danir, af öllum þjóðum, skyldu hafa yfirráð yfir landinu. Eru þeir ekki allt of ligeglad til að nenna svoleiðis löguðu?

Þegar ég var í starfsþjálfun hjá Danmarks Radio lenti ég aftur á móti einu sinni í þáttagerðarkonu á miðjum aldri sem fannst það ekkert fyndið. Hún las mér pistilinn þar sem ég sat yfir kjötbollunum í mötuneytinu í TV-byen fyrir að forfeður mínir skyldu hafa hrifsað til sín sjálfstæðið þegar Danir þjáðust undan hernámi Þjóðverja. Þessu hafði ég aldrei áður velt fyrir mér og eitt andartak fannst mér ég eiga að skammast mín. Auðvitað hefðum við bara átt að sýna staðfestu og bíða þess að Danir áttuðu sig á því hvað Íslendingar væru leiðinlegir og ákveddu svona upp á sitt einsdæmi að láta þá sigla sinn sjó.

## Hey, þú þarna með kórónuna!

Stundum held ég að Danir telji Íslendinga uppteknari af því að hafa verið dönsk nýlenda en er raunin. Einu sinni var ég meira að segja sökuð um það í dönskum fjölmiðlum að hafa vísvitandi niðurlægt frú Margréti Þórhildi til að ná mér niður á dönsku krúnunni fyrir meðferðina á íslensku þjóðinni, verslunareinokunina og allar dönskusletturnar. Ég vann þá sem blaðamaður og hafði verið send á blaðamannafund með drottningunni í Þjóðminjasafninu en þar stóð til að opna sýningu á hökklum sem hún hafði saumað. Að venju þótti það tíðindum sæta að drottningin væri komin til landsins og þarna var mættur fjöldinn allur af blaðamönnum frá öllum Norðurlöndunum. Áður en hún gekk í salinn spratt fram maður sem sagði að það væri stranglega bannað að spyrja drottninguna um sjálfstæðisbaráttu Færeyinga. Líklega hefur hann haldið að það væri það alversta sem gæti gerst á þessum blaðamannafundi en það var öðru nær.

Mér tókst að verða fyrst til að leggja spurningar fyrir drottninguna og það á þessari líka ágætu dönsku sem ég hafði lært í skóla og þjálfast síðan enn betur í þegar ég var í starfsþjálfuninni hjá Danmarks Radio. Ég var býsna stolt af að þurfa ekki að bregða fyrir mig ensku eins og finnski kollegi minn. Varla er hægt að sýna öðrum þjóðum meiri virðingu en með því að tala þeirra eigið tungumál – hélt ég.

Spurningar mínar fjölluðu almennt um dvöl drottningar hér á landi og hvernig Vestfirðir hefðu fallið henni í geð en þangað hafði hún farið daginn áður. Margrét Þórhildur varð svolítið kímileit á svipinn og hafði svörin frekar stutt. Líklega til að ég gæti lagt fyrir hana fleiri spurningar og ég var einmitt að fara að leggja fyrir hana þá þriðju þegar maðurinn, sem ekki vildi heyra minnst á Færeyjar, greip óðamála fram í fyrir mér og gaf danskri blaðakonu orðið.

Það var ekki fyrr en hún bar fram spurningar sínar að ég áttaði mig á því að ég hafði ekki verið jafn kurteis og ég hafði ætlað mér. Ekki var nóg með að ég hefði aldrei ávarpað drottninguna sem „yðar hátign“ heldur hafði mér ekki dottið í hug að nota þéringar. Ég hafði þúað drottninguna rétt eins og starfsmenn mötuneytisins í TV-byen hér um árið og höfðu þeir þó reitt fram betri kjötbollur en ég hafði áður bragðað. Blaðamennirnir stóðu upp hver á fætur öðrum og ávörpuðu drottninguna eftir ströngustu hirðsiðum, jafnvel þeir íslensku höfðu fullt vald á þeim. Og ég sem hafði alltaf verið best í dönsku í bekknum mínum og fengið Når snerlen blomstrer í verðlaun frá danska sendiráðinu þegar ég lauk grunnskóla. Kannski ekki undarlegt að drottningin skyldi hafa ekið sér í sætinu og danskir kollegar mínir gjóað til mín auga á meðan ég bar fram spurningarnar mínar svona líka kotroskin. Þeir gleymdu þessu heldur ekki svo glatt því að minnsta kosti einn þeirra skrifaði í blaðið um ósvífni Íslendingsins og var ekki að lengi að tengja hana meintu svekkelsi með yfirráð Dana yfir Íslandi.

Ástæðan fyrir háttalagi mínu var einfaldari en svo, hún átti sér skýringu í vondri dönskukunnáttu. Ég man bara ekki eftir því að hafa verið látin gera þéringaræfingar í barnaskóla. Enginn dönskukennara minna ímyndaði sér að ég ætti einhvern tímann eftir að sitja augliti til auglits við konungborinn Dana og hafði því ekki fyrir því að kenna mér að ávarpa einn slíkan. Samt man ég enn nafnið sem ég var látin nota í dönskutímum. Þar hét ég Gudrun. Fyrir fáeinum árum spurði ég manninn minn hvað hann hafði heitið og fékk að vita að það hefði verið Kaj. Maðurinn minn hafði hins vegar ekki skilið sem lítill strákur tilganginn með þessu nafni og hélt að þegar hann kæmi til Danmerkur yrði hann alltaf að heita Kaj. Hann veit betur núna.

## Þegar Michael Jackson flytur á Álftanesið

Það sem ég vildi sagt hafa, hennar hátign Margrét Þórhildur á allt gott skilið frá mér og ég vildi óska að ég hefði þérað hana. Ég er ekki frá því að ég hefði oft sofið betur. Á síðustu árum hafa Danir orðið svo miklir vinir Íslendinga að hér þykir enginn jafnmerkilegur og einmitt ef hann er talinn danskur. Þegar hefja á Einar Má Guðmundsson rithöfund almennilega upp til skýjanna er jafnan tekið fram að Danir séu farnir að telja hann með eigin höfundum. Sama virðist vera að gerast með Dag Kára kvikmyndagerðarmann. Það er til einhvers að eiga eitthvað ef enginn annar ásælist það.



**NÝIR ÍSLENDINGAR** Mun Michael Jackson gerast Íslendingur eins og Odd Nerdrum og Bobby Fischer?

Þetta er auðvitað bara eftirreitur af gamalli minnimáttarkennd sem á eftir að rjátlast af þjóðinni, sér í lagi nú þegar menn sem ekki þrífast í heimalandi sínu eru farnir að flytjast hingað unnvörpum. Það vill nefnilega svo til að á meðan Íslendingar vilja vera Danir vilja útlendingar helst vera Íslendingar. Listmálarinn Odd Nerdrum flutti hingað frá Noregi fyrir fáeinum árum og tók upp íslenskt ríkisfang og nú er skákmeistarinn Bobby Fischer líka orðinn Íslendingur. Þeir sem taldir eru stórskrýtnir í eigin heimalöndum þykja bara sérvitringar á Íslandi og falla vel inn í hópinn. Nú bíðum við þess bara að Michael Jackson kaupi sér hér hús með útsýni út á sjóinn og verði næsti fulltrúi okkar í Eurovision.

Unga fólkinu fyndist það algjörlega sjálfsagt því það man ekki neitt annað en að íslenskt næturlíf og náttúra hafi verið í stöðugri umfjöllun í Wallpaper, Euroman og FHM. Ég man aftur á móti þá tíma þegar ég þurfti sífellt í ferðalögum erlendis að endurtaka að ég væri frá Íslandi og jú, það væri víst til land með því nafni. Ég hefði allt eins getað sagst vera frá Narníu.

Ég man líka eins og gerst hefði í gær hvenær landið mitt varð til í augum alheimsins og þjóðin hætti að ganga með hausinn ofan í bringu og tók að finna aðeins til sín. Það var árið 1985 þegar íslenskur ljóshærður leikskólakennari vann titilinn Miss World. Þjóðin umturnaðist af gleði og stúlkan var látin flakka um heiminn og tala fallega um íslenskan fisk og lopa. Á sama tíma var íslenskur berserkur orðinn Sterkasti maður heims. Hann hafði sannað það svo ekki varð um villst með því að hlaupa um með tunnur og draga heilan trukk á eftir sér án þess að blása úr nös. Fjölmiðlar endurtóku í sífellu að við værum ekki aðeins fallegust, heldur líka sterkust. Íslendingurinn hljóp með tunnurnar til sigurs ár eftir ár og varla hafði fóstran fyrr skilað inn titlinum dýrmæta en önnur íslensk og ljóshærð stúlka hirti hann. Það hefði mátt halda að hér væri að hefjast eitt allsherjar boðhlaup í fegurð en svo var ekki, enda þurftum við ekki lengur á fegurð að halda. Í byrjun 10. áratugarins kom Björk nefnilega fram á sjónarsviðið og sýndi heiminum að íslenskt kvenfólk gat talað um annað en fisk og lopa. Að minnsta kosti hefur hún ekki þreyst á að tala um náttúru Íslands, álfa og tröll. Hvar hún hefur kynnst þeim hef ég aldrei getað skilið og er þó frá sama landi.

## Dansar við álfa

Eins og allir þeir vita sem aldir eru upp af kynslóðinni sem fæddist fyrir stríð og hafði oft ekki einu sinni súkkulaði á milli handanna er veröldin fallvölt. Allt getur hrunið á örskotsstundu og undir það verður maður að vera búinn. Í ævisögunni sem gefin var út um aðra fegurðardrottninganna fyrir fáeinum árum kom í ljós að hún hafði stundum verið óttalega óhamingjusöm, drukkið fullt af brennivíni og átt vondan kærasta, skoskan nota bene. Hin er orðin dökkhærð. Af sterkasta manni heims er það að segja að hann fékk hjartaáfall í æfingasalnum og dó.

Íslendingar þurfa ekki lengur að vinna neinar keppnir til að sanna fyrir sjálfum sér að þeir séu einhvers virði. Erlendir fjölmiðlar hafa komið heiminum endanlega í skilning um að hér býr sterk og óvenju falleg þjóð sem talar við álfa og tröll eins og ekkert sé. Áður létu heimsfrægar poppstjörnur ekki sjá sig hér fyrr en ferillinn var farinn að dala en fyrir tveimur árum komu til dæmis þau 50 Cent og Pink. Það væri gaman að vita hvaða dönsku nöfn þau hefðu haft fyrst þau ensku eru ekki skárri en þetta. Eddie Izzard var að koma hingað í annað sinn og veistu hvað, Eddie, fjögur ár eru fljót að líða. Í raun og veru er þetta bara sá lágmarkstími sem þjóð þarf til að ákveða hvort hún vilji frekar vera íslensk eða dönsk. Það vita líka allir sem reynt hafa að það getur verið erfitt að hefja máls á sjálfstæði með munninn fullan af Cadbury's, hvað þá tyggjói. Þá fyrst fara nú orðin að þvælast hvert fyrir öðru uppi í manni.

Og það er svolítið sérkennilegt að hugsa til þess að líklega yndu Íslendingar sér enn glaðir undir dönskum yfirráðum hefðu Danir haft vit á að gera það sama og Bretar og Bandaríkjamenn, boðið þeim upp í dans og gaukað kannski að þeim nammi af og til. Hver hefur svo sem fengið það af sér að slá hendinni á móti einstaka rjómakaramellu? Gefið mér dúsin og ég get lofað ykkur því að ég skal svara nafninu Gudrun hvenær sem er. ■




## Við fögnum sumri með MARBERT dögum í verslunum Hagkaupa dagana 20.- 26. apríl

Kynnum kærkomnar nýjungar í sólarlínunni, vatnshelda sólarvörn með úða!
Fallegt handklæði fylgir með kaupum á tveimur hlutum úr MARBERT sólarlínunni.




*Tilboðið gildir dagana 20.-26. apríl eða á meðan birgðir endast.

**Sólarlínan frá MARBERT er án rotvarnarefna (paraben free) og ofnæmisprófuð. Hún hentar því vel fyrir alla, einnig þá allra viðkvæmustu og yngstu.**

Öll húð á það til að verða viðkvæm í sól og hita. Sumir brenna og margir fá ofnæmi. Eitt það algengasta sem við fáum ofnæmi fyrir í sólinni eru rotvarnarefni (parabenar) í snyrtivörum. Þetta veit Marbert og hefur því þróað fullkomna línu af sólarvörum sem innihalda enga parabena og er sérstaklega ofnæmisprófuð fyrir viðkvæma húð. Það eiga því allir að vera öruggir í sólinni með Marbert, líka yngsta kynslóðin.

Línan inniheldur varnarkrem með stuðli frá SPF 2-30, kælandi og nærandi eftirsólarkrem, sjálfbrúnkandi krem og sólarfarða.

Gildir til 26. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Járnmaðurinn í Arizona




**MEÐ VATNSBRÚSANN Á HLAUPUM** Miklu skiptir að gæta þess að drekka og borða vel þegar lagt er í þríþraut á borð við þá sem Höskuldur tók þátt í.

**Höskuldur Kristvinsson, skurðlæknir og hlaupari, vann það afrek fyrir páska að taka þátt í þríþrautinni Járnmanninum, Ironman, í Arizona í Bandaríkjunum. Höskuldur synti 3,8 kílómetra, hjólaði 180 kílómetra og hljóp heilt maraþon, 42,2 kílómetra, á rúmlega sextán klukkustundum.**

Höskuldur sá sjónvarpsútsendingu frá Hawaii-þríþrautinni, sem er ein sú frægasta af þeim öllum, fyrir tuttugu árum og datt þá í hug að taka þátt í þríþraut. Hugmyndin blundaði í honum í mörg ár. Hann byrjaði að skokka um svipað leyti og hann sá þáttinn og hefur haldið sínu striki. Afrekalistinn er orðinn langur. Hann hefur tekið þátt í tíu maraþonum á Íslandi og í Bandaríkjunum, farið Laugaveginn fimm sinnum og hlaupið Lappland últra árið 2003. Árið 2004 tók Höskuldur þátt í hlaupi kringum Mont Blanc og hljóp þá 117 kílómetra. Í fyrra varð hann svo fyrstur Íslendinga til að ljúka 100 mílna hlaupi í Ohio í Bandaríkjunum.

Höskuldur ákvað fyrir tíu mánuðum að skrá sig í þríþrautina í Arizona og hóf markvissan undirbúning fyrir rúmlega hálfu ári. Hann keypti sér bók með æfingaáætlunum fyrir íþróttamenn sem eru misjafnlega langt komnir og fór að mestu leyti eftir henni, með aðlögun þó. Hann hefur hlaupið um 60 kílómetra á viku og segist ekki hafa tíma, þörf eða getu til að hlaupa yfir 100 kílómetra eins og sumir gera við undirbúning fyrir svona keppni.

„Undirbúningurinn er öðruvísi fyrir svona þríþraut en maraþon því að maður þarf að skipta æfingunum milli þriggja greina. Þetta var 30 vikna prógramm. Æfingarnar fara úr því að vera fimm til sex klukkustundir á viku upp í tíu klukkustundir á viku síðustu tvo mánuðina, sund, hjól og hlaup,“ segir hann.

### Æfði kappklæddur

Höskuldur segist aldrei hafa hjólað mikið, rétt kannski í vinnuna og með krökkunum sínum, „en ekkert að ráði þannig“. Hann kveðst ekki heldur vera mikill sundmaður en tók sundnámskeið til að undirbúa sig og synti meira en venjulega enda ekkert grín að synda tæplega fjóra kílómetra á innan við tveimur tímum fyrir óvanan sundmann.

„Það er að mörgu að huga í undirbúningi fyrir svona keppni. Maður verður til dæmis að íhuga veðurfarið á staðnum. Ég vissi að það gæti orðið heitt í Arizona á þessum tíma og sú varð raunin. Við þær aðstæður eiga hlauparar að æfa sig í heitu umhverfi til að venja sig við hitann og ég gerði það. Þrjár vikur fyrir þríþrautina æfði ég kappklæddur. Ég var til dæmis í sjö eða átta lögum af fötum á hjóli úti í bílskúr í klukkutíma í senn,“ segir hann.

Höskuldur kom til Bandaríkjanna í byrjun apríl. Hann hafði lítið sem ekkert æft síðustu vikuna, gætti þess bara að borða og drekka vel til að hafa næga orku. Veðurspáin hljóðaði upp á óvenjumikinn hita, mest 31 og minnst 15 gráður yfir daginn, og þannig reyndist það verða. Þátttakendur, sem voru um tvö þúsund talsins, voru ræstir klukkan sjö að morgni.

### Synti á tveimur tímum

Þríþrautin hófst með því að synda einn hring í stöðuvatninu í borginni Tesse. „Mér fannst ég eitthvað þungur fyrsta hálftímann, kannski vegna þess að ég hafði borðað svo mikið dagana á undan, en aðstæður voru ágætar, veðrið hagstætt og vatnshitinn alveg bærilegur. Ég kláraði sundið á innan við tveimur tímum en við höfðum tvo tíma og tuttugu mínútur til að synda þessa vegalengd,“ segir Höskuldur.

Flestir syntu skriðsund en Höskuldur segist aldrei hafa náð skriðsundstækninni nógu vel til að synda það. Hann segir að margir keppenda hafi synt skriðsund með lélegri tækni og verulegri áreynslu en sjálfur hafi hann synt bringusund og baksund. „Þeir fóru ekki hraðar yfir en ég. Ég var sáttur við að klára sundið því að ég var ekki viss um að ég myndi hafa það en það hefði verið skítt að ná því ekki.“

Höskuldur var með krampa í kálfunum eftir sundið og tók því góðan tíma, um 17 mínútna pásu, á



**Á HJÓLINU** Hitinn var mestur yfir daginn meðan hjólaþrautin stóð yfir.




**KOMINN Í MARK** Höskuldur Kristvinsson sést hér kominn í mark.inga til að ljúka




**EFTIR AFREKIÐ** Í góðu ástandi eftir þrautina, aðeins ein nögl brotin eftir afrekið.



**UM 2.000 ÞÁTTTAKENDUR** Þríþrautin fór fram í borginni Tempe í Arizona.










**LEIÐIRNAR SEM FARNAR VORU Í ÞRÍÞRAUTINNI** Höskuldur synti 3,8 kílómetra í Tempe vatni. Þegar því var lokið hjólaði hann 180 kílómetra. Hjólaleiðin var tiltölulega flöt en þó var 150 metra mismunur á hæsta og lægsta punkti. Síðasta þrautin var maraþonhlaup sem Höskuldur lauk á innan við sex klukkustundum.

skiptisvæðinu áður en hann steig á hjólið. Framundan var 180 kílómetra vegalengd, tiltölulega flöt og malbikuð en þó með 150 metra mismun á hæsta og lægsta punkti. Leiðin var í þremur lykkjum, þrisvar sinnum 60 kílómetra vegalengdum.

Hjólaþrautin tók tæpar átta klukkustundir og stóð einmitt yfir heitasta tíma dagsins. Höskuldur kveðst hafa gætt þess að næra sig vel á leiðinni og hellt reglulega yfir sig vatni til að kæla sig. Hann miðaði við að hjóla 60 kílómetra á tveimur tímum og það stóðst nokkurn veginn.

Höskuldur var stirður eftir hjólaþrautina enda var klukkan orðin fimm síðdegis og þrautin búin að standa í tíu tíma. Hann tók sér aftur tæplega tuttugu mínútur á skiptisvæðinu og lagði svo í hann. Lofthitinn var ekki jafnmikill og áður og aðstæður því betri að því leyti. Höskuldur fór hægt af stað af því að hann var stirður nýkominn af hjólinu. Hann var búinn að setja sér það markmið að hlaupa fjórtán kílómetra á innan við tveimur tímum og það stóðst. Hann lauk hlaupabrautinni á innan við sex tímum.

*Það getur orðið ansi heitt í Arizona á þessum árstíma og því æfði Höskuldur kappklæddur úti í bílskúr í þrjár vikur til að venja sig við hitann.*

**Óglatt fyrst eftir hjólaþrautina**

„Ég var nokkurn veginn viss um að ég myndi klára þrautina þegar þarna var komið því að þetta gekk vel og ég lenti aldrei í neinum vandræðum en maður veit svo sem aldrei fyrr en yfir lýkur, maður getur alltaf fengið krampa, dottið eða tæmt sig af orku,“ segir hann.

Höskuldur var þreyttur þegar þríþrautinni var lokið en samt ekki þannig að hann væri að gefast upp. „Maður leikur sér við sjálfan sig með hugarleikfimi og svo reyndi ég að drekka og borða á öllum drykkjarstöðvum. Mér var óglatt fyrst eftir hjólaþrautina en ákvað að borða ógleðina úr mér þannig að það kæmi ekki niður á hraðanum,“ segir hann.

Höskuldur Kristvinsson var stoltur og ánægður þegar hann kom í mark eftir sextán klukkustundir og korter í þrautinni. Hann segir að skrokkurinn komi vel út úr afrekinu og sennilega missi hann bara eina nögl. „Skrokkurinn er allur stirður en ég losnaði að mestu við sólbruna. Ég er vissulega svolítið stirður eftir þetta en hef verið miklu stirðari eftir styttri vegalengdir,“ segir Höskuldur.

Næstu markmið eru þegar farin að skýrast. Fyrst verður það Laugavegurinn í sumar og svo veltir hann fyrir sér að reyna að ná þátttökumarkmiði í Boston-maraþoninu 2007. Til þess þarf hann að bæta tíma sinn um átta mínútur eða svo í heilu maraþoni og það er mikil áskorun.

Talið er að Höskuldur sé fyrstur Íslendinga til að ljúka Ironman-þríþraut en ungur maður ku vera skráður til þátttöku í Ironman-þríþraut í Sviss í sumar.

ghs@frettabladid.is




Pantaðu glæsilega
handbók okkar í síma 800 5050

www.bmvalla.is

Nú er tími vorverkanna.

Fyrstu skrefin að sælureit fjölskyldunnar liggja í Fornalund.
Landslagsarkitekt okkar aðstoðar þig við að breyta garðinum
þínum í sannkallaðan sælureit.

Hringdu í 585 5050 og fáðu tíma í ráðgjöf.
Það kostar ekki neitt.

BM·VALLÁ

Söludeildir BM•Vallá: Í Fornalundi 110 Reykjavík Sími: 585 5050 • Suðurhrauni 6 210 Garðabæ Sími: 585 5080
V/Súluveg 600 Akureyri Sími: 460 2200 • Ægisgötu 6 730 Reyðarfirði Sími: 477 2050 • Höfðaseli 4 300 Akranes Sími: 433 5600



# Í heimi ævintýranna

Fjallaleiðsögumaðurinn **Ívar F. Finnbogason** segir frá ferð sinni til grunnbúða Pumori í Nepal.

Katmandú iðar af lífi þótt komið sé langt fram á kvöld. Það sama verður ekki sagt um mig og félaga mína frá Bretlandi. Ferðalagið er búið að vera langt, hátt í sólarhringur fyrir mig frá Íslandi.

Það er samt ómögulegt að heillast ekki strax af borginni. Göturnar eru fullar af fólki, eina lýsingin kemur úr fjölda lítilla verslana sem allar virðast selja það sama.

Næsta dag skal haldið til fjalla. Ég er spenntur yfir að fá loks að sjá Lukla. Þennan fræga bæ þar sem ævintýrin byrja. Flugvélin er lítil en ég sofna í 3.000 m og vakna ekki fyrr en við stefnum beint á fjallshlíðina. Flugvöllurinn er nefnilega í hlíðinni, brautin er örstutt en bætir upp lengd með því að halla um 15 gráður.

Núna tekur við vikulöng ganga upp í grunnbúðir Pumori. Gangan er ekki nema 65 km en við þurfum að taka því rólega til að aðlagast hæðinni. Fyrsta daginn er því ekki gengið nema í tvo tíma. Stoppað í 2.700 m hæð og gist á einu af fjölmörgum gistiheimilum á svæðinu.

Næsta stopp er höfuðborg Sherpanna, Namche Bazaar. Auður Namche kemur af tvennu. Borgarbúar höfðu áður einkarétt á verslun við Tíbet. Burðarmenn báru þá 40 kíló af nepölskum vörum, oftast pappír, til Tíbet og keyptu þar salt sem var selt fyrir aðrar vörur í Namche. Ferðamannaiðnaðurinn er hin auðlind Namche Bazaar. Það ævintýri byrjaði þegar Vesturlandabúum datt í hug að klífa hæsta fjall jarðar, Everest. Sherparnir sjálfir sáu aldrei neina ástæðu til að sigrast á fjöllum. Og enn þann dag í dag skilja þeir ekki fullkomlega hvers vegna einhverjir greiða fyrir að klífa fjöll. Ekki frekar en við skiljum hvað rekur okkur áfram.

Í Namche hvílumst við einn dag til að ná hæðaraðlögun. Það er nóg að gera við að skoða bæinn, skoða Sherpa-safnið og prútta við kaupmennina.

Á næstu dögum heldur hópurinn svo lengra upp í fjöllin, eftir því sem hærra er komið verða allar aðstæður spartneskari og vörur verða dýrari. Sérstaklega athyglisvert er að fylgjast með því hvernig verð á flöskuvatni stígur í hlutfalli við hæð. Skiljanlega þar sem einhver þarf að bera allt á bakinu.

### Stökkpallur á fjallið

Eftir 10 daga ferðalag frá Íslandi komum við í grunnbúðir. Einmanalegur staður í miðri jökulurðinni. Háfjallasherparnir og kokkarnir okkar tveir hafa þegar verið þarna í nokkra daga og öll tjöldin eru uppi.

Næsta skref er að færa sig rólega upp í svokallaðar Advance Base Camp-búðir eða ABC. Þessum búðum er ætlað að vera eins konar stökkpallur á fjallið. Oftast eru ABC-búðirnar settar upp við snjólínu, þar sem enn er tiltölulega þægilegt og öruggt að hafast við. Á fjalli eins og Pumori eru venjulega fjórar búðir: grunnbúðir eða Base Camp (BC), ABC, búðir 1 og búðir 2. Þegar við komum til Katmandú tilkynnti leiðangursstjórinn okkur að ekki yrðu sett upp tjöld í camp 1 þar sem eini góði tjaldstaðurinn væri í skotlínu frá íshruni. Reyndar voru uppi sögusagnir að níu manna kóreskur leiðangur sem hafði reynt við fjallið nokkrum mánuðum áður hefði nánast verið þurrkaður út í búðum 1. Þessar fréttir komu nokkuð á óvart þar sem skortur á búðum 1 leiðir til þess að aðlögunin verður mun erfiðari og hættulegri þar sem ferðast verður mun oftar um hættulegasta og brattasta hluta fjallsins. Auk þess verður flutningurinn frá ABC í 5.750 m hæð og upp í búðir 2 í 6.700 m afar erfiður. Við þetta bætist svo að leiðangursstjórinn Andy, sem er afar fær klifrari, hafði nánast enga reynslu í háfjallaklifri.

Flutningurinn upp í ABC fór fram í þrem skrefum. Tvo daga í röð bárum við lítilræði af mat og búnaði upp í ABC. Skutluðum því þar inn í tjöld sem Sherparnir okkar höfðu sett upp og komum okkur svo niður. Fyrir mig og fleiri leiddi þetta til mikilla höfuðverkja sem löguðust fljótlega aftur í grunnbúðum. Eftir einn hvíldardag var haldið upp í ABC í þriðja skiptið. Í þetta sinn voru svefnpokar í bakpokunum. Áætlunin var að sofa þar í tvær nætur og reyna um leið að ná í aukna aðlögun með því að klífa eins hátt og mögulegt var á fixuðu línunum sem Sherparnir höfðu sett upp. Við sex sem gistum uppi þessa nótt sváfum öll vært. Um morguninn fóru þrjú okkar á fætur til að klífa hærra. Leiðangursstjórinn Andy fór fyrstur en ég var hress og tók fljótlega fram úr honum. Hann og Patricha, sem hafði reynt árangurslaust við ótrúlegan fjölda fjalla, þar á meðal tvisvar við Everest, komust um 100 m áður en þau sneru við. Þetta var hins vegar minn dagur og ég hækkaði mig jafnt og þétt eftir klifurlínum sem Sherparnir höfðu komið fyrir daginn áður. Veðrið var fullkomið og eftir því sem ofar dró opnaðist nýtt landslag. Sérstaklega var spennandi að sjá Kumbu-jökulinn í hlíðum Everest. Eftir honum liggur vinsælasta leiðin á þetta hæsta fjall heims. Eftir um tvo tíma enduðu fixuðu línurnar í ríflega 6.100 m hæð. Þar sem mér leið enn vel hugleiddi ég að halda áfram en ákvað svo að láta það bíða næsta dags.

Á niðurleiðinni mætti ég Sherpunum. Þegar þeir fréttu hvað ég hafði farið hátt brostu þeir og sögðu: „You are very strong!“ Ég vissi ekki alveg hvort ég ætti að vera stoltur af þessu þar sem þeir komu alla leið úr grunnbúðunum og ætluðu samt 200 m hærra en ég hafði farið, með alvöru birgðir! Ég ákvað þó að þetta væri hól fyrir einstakling af mínum kynþætti og þakkaði þeim stoltur fyrir.

Stuttu eftir að ég kom niður í ABC kváðu við ógurlegar drunur í fjallinu og við sáum hvar stærðar ísstykki fór af stað úr litlum skriðjökli í 7.000 m hæð. Hrunið byrjaði langt vestan við leiðina okkar og því kom það mjög á óvart þegar meginhluti þess fór yfir leiðina í um 6.300 m, þar sem búðir 1 áttu að vera, og kom svo niður austan megin við okkur. Í smá stund voru allir örvilnaðir að reyna að finna Sherpana okkar sem voru á fjallinu. Fljótlega sáum við þá örugga töluvert fyrir neðan flóðið. Allir önduðu léttar og héldu áfram að gera ekki neitt. Allir nema Andy. Nokkru seinna kom hann til okkar og sagðist hafa kallað Sherpana niður. Ég yppti öxlum, Andy var ekki að hugsa rökrétt, fjallið var eins öruggt og hægt var núna, það sem einu sinni er fallið fellur ekki aftur. En þá skildi ég hvað hann var að segja, hann var ekki búinn að kalla Sherpana niður í dag. Hann var einfaldlega búinn að kalla þá alfarið niður og skipa þeim að hreinsa burtu stuðningslínurnar. Hann var búinn að blása leiðangurinn af! Ég hristi bara hausinn, best að bíða og sjá hvað Sherparnir segja. Sherparnir komu niður og virtust litlar áhyggjur hafa af þessu, en voru svo sem ekki að ögra valdi leiðangursstjórans vitandi það að þeir ættu rólega daga í vændum ef við værum ekki á Pumori. Flestir voru sammála um það að Andy væri rangur maður á röngum stað. Hann var frá fyrsta degi hræddur við fjallið og hræddur við að bera ábyrgð á fólki þar. Snjóflóðið virtist aðeins vera afsökunin sem Andy þurfti til að blása allt af.

### Island Peak klifinn

Þegar við svo komum niður í grunnbúðir var búið að gera allt klárt fyrir undanhald okkar. Einn af Sherpunum, sá sterkasti, bauðst til að fara með þeim sem vildu í eina tilraun við fjallið. Eina nótt í ABC (5.750 m), þaðan beint í búðir 2 (6.700 m), á toppinn. Ég gat ekki stillt mig að reyna og fór aftur upp í ABC eftir eina nótt í grunnbúðunum. Því miður komst ég fljótlega að því að ég hafði ekki náð nægri aðlögun í svo hraða yfirferð og sneri aftur við.

Sem uppbót stóð okkur til boða að klífa vinsælasta tind svæðisins, Island Peak (6.189 m).

Þriggja daga ganga skilaði okkur upp í þéttsetnar grunnbúðir Island Peak. Þar sem hópurinn okkar var nú þegar vel aðlagaður var sjálfgefið að klífa fjallið á einum degi frá grunnbúðum og sleppa nótt í svokölluðum Atlögubúðum (e. Attackcamp). Morguninn eftir lögðum svo á fjallið. Veðrið var fallegt, stillt og vægt frost. Eftir því sem ofar dró jókst kuldinn til muna og fljótlega voru allir komnir í belgvettlinga og dúnúlpur. Þvílíkan kulda hef ég aldrei upplifað. Að vera á göngu í dúnúlpu af stærstu gerð, tvöföldum skóm og með hlýjustu vettlingana mína og vera samt skítkalt! Ég, tjaldfélagi minn Ed og brosmildi Sherpinn Jamling leiddum hópinn Á toppnum fór fram hefðbundin myndataka með fána styrktaraðilanna, KB banka og Kaupþings banka. Á niðurleiðinni mætti ég restinni af hópnum. Aldursforsetinn, hinn sextugi Peter, var heillum horfinn og vissi varla hvar hann var en komst samt á toppinn. Hið sama gilti um ástralska námuverkamanninn Tony sem hafði ekki æft neitt í sex ár, síðan hann fór á McKinley, hæsta fjall Norður-Ameríku.

Dvöl minni í landi ævintýranna var lokið að sinni. Á þremur dögum röltum við aftur til flugvallarins og flugum til Katmandú. Á leiðinni voru næstu verkefni rædd, en það verður önnur saga! ■

## Nepal

**Formlegt heiti:** Konungdæmið Nepal
**Íbúafjöldi:** 22,3 milljónir.
**Höfuðborg:** Katmandú
**Flatarmál og staðsetning:** 140,800 ferkílómetrar með landamæri að Kína og Indlandi.
**Lægsti og hæsti punktur yfir sjávarmáli:** Kanchan Kalan 70 metrar og Everest-fjall 8.850 metrar.
**Þjóðhöfðingi:** Gyanendra Bir Bikram Shah konungur.
**Stjórnkerfi:** Þingbundið lýðræði og stjórnarskrábundið konungdæmi. Þing var rofið árið 2002 og völdin hafa verið í höndum konungs síðan í febrúar í fyrra. Sjálfstætt ríki frá 1768 og fékk stjórnarskrá árið 1990.
**Þjóðhátíðardagur:** 7. júlí, afmælis-

# sumargjafir í nettó

## sjón er sögu ríkari

gaskútur fylgir með

frábær grill



Rollsinn í sumar
-3 brennarar
-Hliðarhella
-Hitamælir
-Stálfrontur
-Steypt járn í grillgrind

**29.990** kr.stk

Uniflame grill



Grill á viðráðanlegu verði
-Tveir brennarar
-Neistakveikja
-Engin verkfæri nauðsynleg við samsetningu

**12.990** kr.stk

Verð áður 16.990 kr/stk

Char-Broil grill



26" Roadmaster fjallahjól
- 15 gírar
-Fyrir 15 ára og eldri
-Skipting í handfangi

**16.990** kr.stk

26" Roadmaster fjallahjól



26" Roadmaster fjallahjól
- 15 gírar
-Fyrir 14 ára og eldri
-Skipting í handfangi

**16.990** kr.stk

26" Roadmaster fjallahjól



24" Tiara fjallahjól
- 21 gír
-Fyrir 14 ára og eldri
-Demparar að framan og aftan

**16.990** kr.stk

24" Tiara fjallahjól



- 21 Shimano gír
-Fyrir 12 ára og eldri
-„Quick release" sæti

**23.990** kr.stk

24" Mongoose fjallahjól



20" Freestyle hjól
- Ál grind
-Ál pedalar
-Freestyle stýri

**14.990** kr.stk

20" Freestyle hjól



20" Next stúlknahjól
- taska á stýri
-Pedalabremsur
-Fyrir 6 ára og eldri

**14.990** kr.stk

20" Next stúlknahjól

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingadeild Víkurfrétta

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 20. apríl til 23. apríl eða á meðan birgðir endast.

nettó

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# Réttu tækin í þrifin

Nilfisk-ALTO háþrýsti-dælur á tilboðsverði




**6.888 kr.**
Nilfisk-ALTO C 100
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst.

**48.888 kr.**
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA
Þrýstingur: 150 bör
Vatnsmagn: 610 l/klst.

**Bjarnþór Þorláksson**
bílstjóri RV

Tilboðið gildir út maí 2006
eða meðan birgðir endast.

**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV62068






FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Fíton/SÍA



550 5000
**Hringdu ef blaðið berst ekki**

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið


# STUÐ MILLI STRÍÐA Frúin ætti að skammast sín

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** BREGÐUR SÉR Í KVÖRTUNARGÍRINN.



Ég dýrka kvörtunardálka. Þar skrifar mestmegnis eldra fólk og stundum jafnvel ungir krakkar sem býsnast yfir hlutum í dálkunum. Kvart getur oft verið mjög fyndið, sérstaklega ef manni finnst það vera út af engu. Nú ætla ég að breyta mér í slíkan kvörtunardálkaskrifara og kvarta yfir svolitlu sem ég er tryllt yfir.

Skyr er eitt það besta sem maginn minn fær. Honum finnst það svo stórkostlega gott að hann kvartar ekkert með verkjum eins og hann getur nú verið mikill leiðindaseggur við mig ef ég voga mér að gefa honum eitthvað sem honum hugnast ekki. Best finnst honum að fá skyr og smá lifrarpylsu eða rúgbrauð með osti. Og te. Sjálfri finnst mér þetta svosum ágætt enda er svo auðvelt að elda skyr og er það að jafnaði á boðstólum einu sinni í viku á mínu heimili.

Ég og fjölskylda mín keyptum alltaf skyr frá Frú Mjólkursamsölu enda passaði ein stór dós af hvítu skyri fullkomlega fyrir okkur öll ef við hrærðum það upp með örlítilli mjólk og smá púðursykri. Undanfarna mánuði höfum við þó lent í klípu í hvert sinn sem við eldum skyr í matinn. Þegar tveir eru búnir að fá sér nægju sína á diskinn er nánast ekkert eftir fyrir hina tvo. Hmmm..... stórskrítið fannst okkur þetta í byrjun þangað til við tókum eftir því að við gátum ekki lengur blandað mjólk út í skyrið því það var orðið svo þunnt! Frúin stóra sem margir Íslendingar elska og versla mikið við hefur þynnt skyrið í skyrdósinni hvítu og að sjálfsögðu án þess að lækka verðið, nema hvað.

Ég veit ekki með ykkur en sjálfri finnst mér þetta skrambi lúalegt bragð til að græða peninga. Auk þess vanmetur fyrirtækið viðskiptavini sína með því að halda að þeir taki ekki eftir því að minna er af skyri í dollunni en áður. Þetta er bragð sem fær trausta viðskiptavini til að versla við annað fyrirtæki. Fuss og svei segi ég.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Överli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Knúsaðu mig



Knúsaðu mig
já kysstu mig,
kreistu mig
svolítið...

**Engilráð andarungi**
úr Stundinni okkar kemur
í heimsókn til Hagkaupa
á sumardaginn fyrsta.

**Fagnaðu sumri með Engilráð í Hagkaupum:**
Spönginni kl. 14
Skeifunni kl. 15
Kringlunni kl. 16
Smáralind kl. 17

OPIÐ Í DAG
frá kl. 10




**Engilráð stór dúkka**
400 kr. af verði renna til Sjónarhóls

Gott verð
2.499 kr

**Engilráð handbrúða**
300 kr. af verði renna til Sjónarhóls

Gott verð
1.499 kr

**Engilráð** er boðberi náungakærleika og umburðalyndis og á erindi við öll börn. Hún er þekkt sjónvarpsstjarna úr Stundinni okkar en þættir um hana voru framleiddir í samstarfi Sjónarhóls og Stundarinnar okkar með styrk frá Velferðarsjóði barna.

SJÓNARHÓLL
Fyrir sérstök börn
til betra lífs
www.sjonarholl.net

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Kl. 20.00**
*Graduale Nobili heldur tónleika í Langholtskirkju. Á efnisskránni eru íslensk og erlend Maríuverk. Stjórnandi er Jón Stefánsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Kjarakaup í bókabúðum

Í tilefni af viku bókarinnar mættu þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, í bókabúð Máls og menningar í gærmorgun til þess að innleysa þjóðargjöf Glitnis og Félags íslenskra bókaútgefenda. Þjóðargjöf þessi datt inn um lúgur landsmanna í gær í formi ávísunar sem lesendur geta notað til bókakaupa en hver sá sem kaupir bækur útgefnar á Íslandi fyrir andvirði 3.000 króna eða meira getur nýtt sér ávísunina sem innborgun.

Þorgerður Katrín og Bjarni voru kampakát í gærmorgun en í verslunina var einnig mætt Ronja nokkur ræningjadóttir sem reyndi ítrekað að hafa áhrif á bókakaup þeirra og annarra gesta. Nýlega kom út bók um ævintýri Ronju og því fannst henni viðeigandi að fólk fjárfesti í henni en sannfæringarkraftur hennar mun vera töluverður og er sagt að menntamálaráðherra hafi farið út með fangið fullt af Ronjubókum.

Þeim sem vilja nýta sér þessa kjarabót er bent á að hægt er að innleysa ávísunina hjá bóksölum, í bókaverslunum og í völdum stórmörkuðum til 3. maí.



**BJARNI KVITTAR, RÁÐHERRANN BÍÐUR** Hagsýnir lesendur nýta sér þjóðargjöfina.FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

**> Ekki missa af...**

Verkum finnsku listakonunnar Elinu Bortherus, Þórs Vigfússonar og Rúríar í Gerðarsafni. Leiðsögn verður um sýninguna á sumardaginn fyrsta kl. 15. Síðasta sýningarhelgi.

Fjölskyldudegi í Minjasafninu á Akureyri. Fjölbreytt dagskrá í dag - eitthvað fyrir alla aldurshópa.

Djasshátíð í Garðabæ. Fremstu djasslistamenn þjóðarinnar spila fjölbreytta dagskrá í sal Tónlistarskóla Garðabæjar í Kirkjulundi 11. Hátíðin stendur fram á laugardag.

# Franska matarleyndarmálið komið út

Franskar konur fara aldrei í megrun og þola ekki líkamsrækt. Þær borða osta, rjómasósur, bakkelsi og súkkulaði og drekka rauðvín en virðast þó flestar vera í kjörþyngd. Nú hefur JPV útgáfan gefið út í íslenskri þýðingu bókina Franskar konur fitna ekki eftir Mireille Guiliano sem situr nú í fyrsta sæti á metsölulista New York Times. Í bókinni segir höfundur frá matarleyndarmáli Frakka, frönsku þversögninni sem hefur ruglað næringarsérfræðinga í ríminu í fleiri áratugi. Mireille, sem er frönsk og stjórnarformaður Veuve Clicquot Inc., fór sem skiptinemi til Bandaríkjanna þegar hún var unglingur og kom feit til baka. Til allrar hamingju kom franski heimilislæknirinn henni til bjargar. Hann fræddi hana um sígildar reglur í franskri matargerðarlist og gaf henni góð ráð sem heimakonur hafa í áranna rás nýtt sér og hjálpaði henni að grenna sig með nýjum skilningi á mat, drykk og lífinu í heild. Lausn hennar er að lifa ekki við eilífa sektarkennd og megrunarkúra heldur að njóta þess að borða góðan og vel saman settan mat, þrisvar sinnum á dag. Hún kemst að því að matur er ástríða hjá Frökkum en ekki nauðsyn, að matmálsstundir séu heilagur tími til að njóta góðs matar ásamt fjölskyldu og vinum, en alls ekki fyrir framan sjónvarpið eða á hlaupum, og mikilvægi þess að elda mat úr góðum hráefnum í stað þess að falla fyrir skyndibitamenningunni. Bókin er skemmtileg aflestrar og Mireille lýsir lífsspeki sinni með ljúfum minningum: þegar hún smakkaði kampavín í fyrsta sinn (sex ára gömul), fór í sveppa- og berjamó og nánast andlegu stefnumóti við ostrur, svo fátt eitt sé nefnt. Hún segir okkur einnig sögu annarra kvenna sem hafa uppgötvað dásemdir þess að fara að dæmi franskra kvenna, borða af skynsemi og meiri nautn. Mireille hefur alla tíð síðan notið lífsins og látið eftir sér án þess að blása út, leyft sér að borða það sem hana hefur langað í án þess að fitna og grennast á víxl og borðað þrjár máltíðir á dag. Franskar konur fitna ekki er skynsamleg og skemmtileg bók með jákvæði og heilbrigðri aðferð við að halda sér grönnum og heilbrigðum þrátt fyrir að njóta brauðs, osta, rauðvíns og og súkkulaðis.




**- amb**


Birta er komin út!

Klippt og skorið í Hlíðunum




Pastamáltíð með humri
Húmorinn í Sigtinu
Öflugasta sjónvarpsdagskráin

birta
MEST LESNA TÍMARIT LANDSINS


# Ætíð heilla ævintýrin

**Áslaug Jónsdóttir hlaut barnabókaverðlaun Menntaráðs Reykjavíkurborgar í gær fyrir bókina Gott kvöld.**

Áslaug er rithöfundur og myndskreytir en hún hefur gefið út töluvert af barnabókum, „Ég er menntaður myndlýsir og grafískur hönnuður í Danmörku og kom hingað heim með von um vinnu. Ég fór með sýnishorn til Máls og menningar fyrir einhverjum hundrað árum síðan og þeim leist vel á verkin,“ segir hún og útskýrir að fyrsta bókin hafi upphaflega verið textalaus en hún hafi verið beðin um að skrifa „í eyðurnar“. Sem Áslaug og gerði en fyrsta barnabókin hennar, Gullfjöðrin, kom síðan út árið 1989.

Í bókinni Gott kvöld segir frá afdrifaríku kvöldi í lífi ungs drengs sem skilinn er eftir heima þegar pabbi skreppur frá að sækja mömmu en við sögu koma kunnuglegar furðuverur eins og hungurvofan, tímaþjófurinn og hræðslupúkinn.

Nú fæst Áslaug bæði við skrit-ir og skreytingar ásamt því að brjóta um bækur enda er hún titluð bókverkakona í símaskránni. Hún hefur gefið út eða komið að útgáfu á annan tug verka. Hún segir að það sé enginn eiginlegur samnefnari með barnabókunum sínum og hugmyndirnar komi úr ýmsum áttum. „Ævintýrið er alltaf jafn heillandi. Útkoman er alltaf blanda af einhverju sem maður hugsaði sjálfur sem barn og mótað af umgengni við börn.“

Áslaug las mikið sem barn og er viss um að það hafi haft drjúg áhrif og hún segist enn vera hrifin af Múmínálfunum. „Á hverju þroskastigi eru einhverjar bækur sem maður les í tætlur og svo eru bækur sem fylgja manni gegnum lífið, persónur sem allir geta talað um eins og þær séu bræður manns, systur og vinir. Ég gríp enn í Múmínálfana - það eru bækur sem ekki hafa glatað neinu,“ segir Áslaug og nefnir líka að bækur Astridar Lindgren og þjóðsögurnar hafi verið í uppáhaldi hennar.

Áslaug er með fleiri bækur í smíðum og ungir lesendur geta glaðst því með haustinu er til dæmis að vænta fleiri ævintýra um Litla skrímslið sem Áslaug semur og teiknar ásamt Rakel Helmsdal og Kalle Güettler.

Í gær voru einnig veitt verðlaun fyrir þýðingu barnabóka og hlaut Sigrún Árnadóttir þau að þessu sinni fyrir þýðingu á sögunni Appelsínustelpan eftir norska höfundinn Jostein Gaarder.

kristrun@frettabladid.is



**ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR** Verðlaunuð bókverkakona.




**VERÐLAUNABÓKIN** Ungur maður aleinn heima.

## [METSÖLULISTI]

**HEILDARLISTI**

| | |
|---|---|
| 1 | **DRAUMALANDIÐ** ANDRI SNÆR MAGNASON |
| 2 | **FLUGDREKAHLAUPARINN - KILJA** KHALED HOSSEINI |
| 3 | **MUNKURINN SEM SELDI...** ROBIN SHARMAN |
| 4 | **VÍSINDABÓKIN** MÁL OG MENNING |
| 5 | **TÍMI NORNARINNAR - KILJA** ÁRNI ÞÓRARINSSON |
| 6 | **ÍSPRINSESSAN** CAMILLA LÄCKBERG |
| 7 | **109 JAPANSKAR SUDOKU - BÓK 1** GIDEON GREENSPAN |
| 8 | **HROKI OG HLEYPIDÓMAR** JANE AUSTEN |
| 9 | **GÆFUSPOR - GILDIN Í LÍFINU** GUNNAR HERSVEINN |
| 10 | **FERMIÐ OKKUR** HUGLEIKUR DAGSSON |

**SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR**

| | |
|---|---|
| 1 | **SÁLMABÓK** ÝMSIR HÖFUNDAR |
| 2 | **PERLUR Í SKÁLDSKAP LAXNESS** HALLDÓR LAXNESS |
| 3 | **LJÓÐASAFN TÓMASAR G.** TÓMAS GUÐMUNDSSON |
| 4 | **GOÐHEIMAR BERNSKUNNAR** EINAR MÁR GUÐMUNDSSON |
| 5 | **PASSÍUSÁLMAR** HALLGRÍMUR PÉTURSSON |
| 6 | **BREKKUKOTSANNÁLL** HALLDÓR LAXNESS |
| 7 | **DÁIÐ ER ALLT ÁN DRAUMA OG...** HALLDÓR LAXNESS |
| 8 | **ÞRIÐJA TÁKNIÐ** YRSA SIGURÐARDÓTTIR |
| 9 | **ÓMAR FRÁ HÖRPU DAVÍÐS...** SIGURBJÖRN EINARSSON RITST. |
| 10 | **SKUGGI VINDSINS** CARLOZ RUIZ ZAFÓN |

Listarnir eru gerðir út frá sölu dagana 05.04.06 - 11.04.06 í Pennanum Eymundsson og Bókabúð Máls og menningar.

## Biblíuljóð

Margrét Bóasdóttir söngkona flytur biblíuljóð eftir tékkneska tónskáldið Antonin Dvorák á dagskrá Kirkjulistahátíðar í Seltjarnarneskirkju í dag ásamt Hrefnu Eggertsdóttur píanóleikara. Frumfluttir verða textar Kristjáns Vals Ingólfssonar en þeir eiga uppruna sinn í Davíðssálmum Biblíunnar og spanna tilfinningar frá sárustu örvæntingu til innilegustu gleði.

Tónleikarnir hefjast kl. 17.



**MARGRÉT BÓASDÓTTIR FLYTUR BIBLÍULJÓÐ DVORÁK** Hátíðleiki á Seltjarnarnesi.

# GLEÐILEGT SUMAR!




## Tökum höndum saman og leggjum grunninn að góðu sumri!

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið höndum saman í hreinsunarátaki í upphafi sumars. Bæjarstarfsmenn munu leggja íbúum lið við að fjarlægja garðaúrgang sem settur hefur verið út fyrir lóðamörk á tilteknum dögum. Við hvetjum íbúa höfuðborgarsvæðisins til að ganga snyrtilega um og óskum þeim gleðilegs sumars.

- ***Stór tré og trjástofnar verða ekki fjarlægðir.***
- ***Mikilvægt er að fólk setji garðaúrgang í poka en ekki í sorptunnur.***
- ***Einstaklingar jafnt sem stofnanir og fyrirtæki eru hvött til að taka þátt í átakinu.***



698 Móa kjúklingapíta kr./pk.
3 FYRIR 2
FRESCETTA PI
2 TEG.
599 kr./pk.
30% Afsláttur
Gourmet rauðvínslegið lambalæri 1.312 kr./kg.
30% Afsláttur
Móa Gordon bleu 965 kr./kg.
Fjörfiskur frosin línuýsa
398 kr./kg.
25% Afsláttur
Goða lamba- og nautahakk 798 kr./kg.
Myllan Brallarabrauð
99 kr./stk.
Oreo Nabisco hjúpað 2 teg.
199 kr./pk.
Oreo Nabisco
119 kr./pk.
Dvergbítur / zuccini
199 kr./kg.
30% Afsláttur
Álegg 3 tegundir
Konfektepli 1,36 kg
119 kr./pk.
Greip hvítt / rautt
99 kr./kg.
Kostar minna
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-18
virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar lokað
virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21
virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21
virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21
Allir dagar 12-23
virkir dagar 11-19 föstudagar 11-20 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar lokað
virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar lokað


Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% Afsláttur
Ali BBQ steik
Grísa hryggjarvöðvi
1.539 kr./kg.
30% Afsláttur
Ali
Pork Roast steik
1.049 kr./kg.
GOTT Á GRILLIÐ
Happy Day 2 L
ávaxtasafar 3 teg.
249
kr./stk.
Hunt's grillsósur 4 teg.
198
kr./stk.
30% Afsláttur
SS Kaj P's
Lambamjaðmavöðvi
1.643 kr./kg.
Gleðilegt sumar!
Góðir kaupaukar fylgja Scholl fótavörunum
Leikföng fyrir sumarið
FÖRUM ÚT AÐ LEIKA
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - Nokkur sæti laus
Sun. 14. maí kl. 19 - Lau. 20. maí kl. 19
Lau. 27. maí kl. 19 - Lau. 3. júní kl. 19
Lau.10. júní kl. 19 - AÐEINS SÝND Í MAÍ OG JÚNÍ
TÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK - MÆRÞÖLL
Lau. 22. apríl kl. 20 - Sun. 23. apríl kl. 20
Miðaverð kr. 1.000 - Aðeins tvær sýningar
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
8. sýn. í kvöld fim. 20/4 nokkur sæti laus, 9. sýn. fös. 21/4 nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 22/4 nokkur sæti laus, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4 örfá sæti laus, fim. 4/5 nokkur sæti laus, fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld fim. 20/4 uppselt, fös. 21/4 uppselt, lau. 22/4 nokkur sæti laus, sun. 23/4, fim. 27/4 örfá sæti laus, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4.
Aðeins þessar 7 sýningar eftir.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 21/4 uppselt, lau. 22/4 uppselt, sun. 23/4 uppselt, þri. 25/4 uppselt, mið. 26/4 uppselt, fim. 27/4 uppselt, fös. 28/4 uppselt, lau. 29/4 uppselt, fös. 5/5 uppselt, lau. 6/5 uppselt, sun. 7/5 uppselt, lau. 13/5 uppselt. Sala hafin á sýningar í september. Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Su 23/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KALLI Á ÞAKINU
Í dag kl. 14 UPPS. í dag kl. 17, AUKAS.
Lau 22/4 kl. 14 UPPSELT

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS Su 21/5 kl. 20 UPPS
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500 kr.
Fö 12/5 kl. 20 Lau 13/5 kl. 20
Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Su 30/4 kl. 14 Su 7/5 KL. 14
Su 14/5 kl. 14 MIÐAVERÐ 1.900 kr.

TYPPATAL
Su 30/4 kl. 20 Fö 5/5 KL. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Í kvöld kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 27/4 kl. 20 AUKASÝNING
Su 30/4 kl 20 AUKASÝNING
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN
Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20
Fö 19/5 kl. 20 Su 21/5 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fö 28/4 kl. 20
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

FORÐIST OKKUR
Í kvöld kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 17 & 20 Su 23/4 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!

DANSleikhúsið
Su 23/4 KL. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20

HLÁTURHÁTIÐ
Opnunarhátíð fö 28/4 kl. 16-18
Grín til góðs! Til styrktar Umhyggju, félagi langveikra barna. Miðaverð 1.000 kr

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Ný íslensk ópera á fjölunum

Það kann ekki góðri lukku að stýra þegar konungsdætur breytast í forðæður við það eitt að faðma prins. Ekki er á allt kosið í ævintýrunum og þau enda misvel en á laugardaginn munu áhorfendur komast að því hvernig fer fyrir Mærþöll.

Nemendur Tónlistarskóla Reykjavíkur frumsýna nýja íslenska óperu eftir Þórunni Guðmundsdóttur í leikstjórn Hrefnu Friðriksdóttur nú um helgina en yfir óperunni um Mærþöll er sannkallaður ævintýrabragur. Hrefna hefur starfað með höfundinum Þórunni Guðmundsdóttur um árabil í leikfélaginu Hugleik. „Ég vissi að hún var að vinna að óperu, við höfum verið saman í höfundasmiðju hjá Hugleik og mér fannst þetta óskaplega spennandi verkefni,“ segir Hrefna. „Ég ákvað að slá til þegar hún bað mig um að taka að mér leikstjórnina. Fyrir það fyrsta finnst mér það alltaf dálítið skemmtilegt þegar það koma frumsamdar íslenskar óperur, þær eru nú ekkert sérstaklega margar.“

Hrefna segir að sagan sé skemmtileg. „Það er gaman hvernig hún vinnur úr og sækir í ævintýraminni,“ segir Hrefna og útskýrir að Þórunn spinni út frá ólíkum ævintýrum og þjóðsögum en úr verður tragíkómísk saga og heilmikil ævintýraópera þar sem



ÁLFAMEYJAR HAFA MISKÆRLEIKSRÍKAR HVATIR Nemendur Tónlistarskóla Reykjavíkur sýna nýja óperu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

álfkonur leika lausum hala og leggja misgóð álög á hertogadóttirina Mærþöll.

Ellefu söngvarar og hátt í tuttugu manna hljómsveit taka þátt í sýningunni. „Tónlistin er með klassískum brag en léttleikandi og skemmtileg með alvarlegum undirtóni svona eins og gengur og gerist,“ segir Hrefna. Verkið var skrifað með nemendahópinn í huga og því fá allir að spreyta sig. Höfundurinn er sjálfur söngstjóri sýningarinnar en um hljómsveitarstjórn sér Kjartan Óskarsson.

Aðeins tvær sýningar eru fyrirhugaðar, næstkomandi laugardags- og sunnudagskvöld. **- khh**

# Loftbrú fyrir sviðslistafólk

Það var stór dagur í húsi Félags íslenskra leikara í gær þegar skrifað var undir samning um loftbrú fyrir sviðslistamenn. Sjóðurinn Talía - Loftbrú Reykjavík er stofnaður til þess að styðja við bakið á framsæknum leikurum, dönsurum, söngvurum og leikmynda- og búningahöfundum sem hefur verið boðið að sýna list sína á erlendri grund. Reykjavíkurborg, Icelandair og Glitnir standa að sjóðnum ásamt FÍL.

Sjóðurinn er ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum og mun hann úthluta ferðastyrkjum, farmiðum og hafa fyrirgreiðslu um yfirvigt sem fylgir flutningum. Að sögn Eddu Þórarinsdóttur, leikkonu og fyrrverandi formanns FÍL, er þetta svip-



AÐSTANDENDUR THALÍU - SJÓÐS TIL STYRKTAR SVIÐSLISTAFÓLKI FÖGNUÐU INNILEGA Í GÆR Íslenskt listafólk fær byr undir vængina. FRÉTTABLAÐIÐ/ HÖRÐUR

að fyrirkomulag og hjá tónlistarfólki sem nýtt hefur sér Loftbrú til tónleikahalds erlendis.

Að sögn Eddu hefur undirbúningurinn tekið rúmt ár en nú er málið loks í höfn og segist hún vona að margir nýti sér þetta tækifæri og sæki um til sjóðsins enda séu íslenskir sviðlistamenn í stöðugri sókn hvort sem er hérlendis eða erlendis. „Þetta er tilraunaverkefni til þriggja ára sem fer á fulla ferð í maí en fyrsti úthlutunarfundirinn verður væntanlega haldinn í júní og síðan á þriggja mánaða fresti,“ segir Edda.

Fimm fulltrúar munu sitja í stjórn sjóðsins, einn tilnefndur af Reykjavíkurborg, einn af Glitni, einn af Icelandair og tveir frá Félagi íslenskra leikara.

Nánari upplýsingar um sjóðinn og úthlutunarreglur hans verður að finna á heimasíðu FÍL, www.fil.is. **- khh**

VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
Föstud. 21. apríl kl. 20.00
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is




IÐNÓ
Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir leikritið
GLÆPIR OG GÓÐVERK
Byggð á verki Antons Delmer, “Don´t utter a note”
Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson
leikgerð: Sigrún Valbergsdóttir
Sýningar í IÐNÓ
12. sýning fös. 21. april kl. 14.00
13. sýning sun. 23. april kl. 14.00
14. sýning mið. 26. april kl. 14.00
15. sýning sun. 30. april kl. 14.00
Ath síðasta sýning
Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700 og við innganginn www.midi.is
Miðaverð kr. 1.200



# Hýrna brár landans



ÓVÆNTAR UPPÁKOMUR OG ENDURKOMUR Í BORGARLEIKHÚSINU Guðmundur Ólafsson fer á kostum í Tenórnum.

Sumarið er lögformlega komið og með síhækkandi sól rennur upp hláturtíð í Borgarleikhúsinu. Til stendur að kæta geð leikhúsgesta með ýmsum hætti en í næstu viku hefst dagskráin með pompi og prakt með sérstakri opnunarhátíð. Í tilefni þessa koma meðal annars gestir frá Leikfélagi Akureyrar og sýna gamanleikinn Fullkomið brúðkaup, farsinn Viltu finna milljón? verður frumsýndur og helstu grínarar landsins munu troða upp á Stóra sviðinu.

Á opnunarhátíðinni verður opnuð skopmyndasýninga á verkum Hugleiks og Sigmund og mun Ilmur Stefánsdóttir myndlistarkona taka lagið með hljómsveit sinni og sýna ýmsa gjörninga/hluti sem fjöllistahópurinn CommonNonsense hefur búið til. Allur ágóði af opnunarhátíðinni rennur síðan til Umhyggju - félags til stuðnings langveikum börnum.

Leikarar úr Leikfélagi Reykjavíkur verða með óvænta uppákomu sem tengist gömlum áramótaskaupum Sjónvarpsins og mun félagið einnig etja kappi við Leikfélag Akureyrar í keppninni um Bananabikarinn í leikhússportkeppni. Borgarleikhúsið mun líka standa fyrir sérstöku hláturnámskeiði í umsjón Ástu Valdimarsdóttur í tengslum við hátíðina. Tenórinn, hin vinsæla sýning Guðmundar Ólafssonar verður sýnd á ný á Litla sviðinu og leikritið Belgíska Kongó eftir Braga Ólafsson verður sýnt á Nýja sviðinu en sýningin er að ljúka sínu þriðja leikári fyrir fullu húsi. -khh







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

17 18 19 **20** 21 22 23

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

17.00 **Margrét Bóasdóttir** söngkona flytur 10 Biblíuljóð eftir tékkneska tónskáldið **Antonin Dvorák** á dagskrá **Kirkjulistahátíðar í Seltjarnarneskirkju** ásamt Hrefnu **Eggertsdóttur** píanóleikara.

20.00 **Graduale Nobili** heldur tónleika í **Langholtskirkju**. Á efnisskránni eru Maríuverk - íslensk og erlend. Stjórnandi er **Jón Stefánsson**.

20.00 **Kvartett Sigurðar Flosasonar** heldur útgáfutónleika ásamt **Kristjönu Stefánsdóttur** á **Jazzhátíð í Garðabæ**. Tónleikarnir verða haldnir í sal **Tónlistarskóla Garðabæjar í Kirkjulundi 11.**

21.00 **Djasskvartettinn Skófílar** spilar á **Kaffi Kúltúr** í **Alþjóðahúsinu**. Aðgangseyrir 1000 kr.

21.15 **Ragnheiður** og **Haukur Gröndal** leika íslensk þjóðlög í nýjum útsetningum á **Jazzhátíð í Garðabæ**. Tónleikarnir verða haldnir í sal **Tónlistarskóla Garðabæjar** í **Kirkjulundi 11**.

22.00 Hljómsveitin **Fræ** heldur sína fyrstu tónleika á skemmtistaðnum **Sirkus** við **Klapparstíg**.

### OPNANIR

**Harpa Hrund Njálsdóttir** opnar sýninguna **Hvað er einn litningur á milli vina?** og sýnir fallegar og skemmtilegar ljósmyndir af börnum með Downs-heilkenni á **Veggnum** á 1. hæð, framan við **myndasal Þjóðminjasafnsins**.

### SKEMMTANIR

**Hammond-hátíð** verður sett á **Djúpavogi**, fjölbreytt dagskrá alla helgina.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

15.00 Síðasta sýningarhelgi á verkum finnsku listakonunnar **Elinu Bortherus, Þórs Vigfússonar** og **Rúríar** í **Gerðasafni**. Leiðsögn verður um sýninguna á sumardaginn fyrsta kl. 15 en sýningum lýkur á sunnudag.

### UPPÁKOMUR

14.00 Dagskrá í **Listasafni Sigurjóns Ólafssonar** í Laugarnesi. **Dúó Stemma** flytur nokkur lög, **Berglind Gunnarsdóttir** les eigin ljóð og **Helga Pálína Brynjólfsdóttir** sýnir silkisjöl.

15.00 Fjölskyldudagur í **Minjasafninu á Akureyri**. Fjölbreytt dagskrá fyrir alla aldurshópa.

11.00 Sungið og leikið á **Þjóðminjasafni Íslands**. Opið hús verður allan daginn og fjölbreytt dagskrá fyrir fjölskyldur, blöðrur og sumargjafir. Opið frá 11-17 og aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.











**SKELLTU...**

*kjöti á grillið. Nú er komið sumar, sama hvað veðrið segir, og ekki eftir neinu að bíða.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN HALLDÓR GYLFASON LEIKARI

## *Svikinn af sviknum héra*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Það mun vera fiskur.
**Fyrsta minningin um mat?**
Mamma fór á spítala þegar ég var sex ára og pabbi þurfti að elda ofan í okkur bræðurna, og þá var iðulega Maggi-súpa í matinn. Mér fannst hún mjög góð og finnst enn.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Ætli það sé jólamaturinn þegar ég var lítill. Það voru alltaf rjúpur á jólunum. Þær hef ég hins vegar ekki bragðað í mörg í ár.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég borða allt sem er sett á minn disk, en ef ég á að nefna eitthvað sem ég er ekki hrifinn af kemur rauðsúpa í hugann.
**Leyndarmál úr eldhússkápunum?**
Ég geri sérstaka kryddblöndu í túnfisksalatið mitt, en eðli málsins samkvæmt gef ég hana ekki upp.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ís. En hann er bara í boði á sunnudögum.
**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Ég á alltaf til ávaxtasafa.
**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?**
Kjötsúpu sem ég gæti borðað dögum saman.
**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Einu sinni var ég að vinna í Sundahöfn þar sem við fengum að panta mat. Mér fannst svikinn héri hljóma eitthvað svo vel, en svo var þetta bara einhver hakkbúðingur. Það fannst mér skrýtið.



**VEITINGASTAÐURINN**

**SALTHÚSIÐ**

STAMPHÓLSVEGI 2, GRINDAVÍK SÍMI: 426 9700



## *Lífið er gratíneraður saltfiskur*

Veitingastaðurinn Salthúsið í Grindavík er staðsettur í fallegu tvílyftu bjálkahúsi. Eins og nafn staðarins gefur til kynna þá er þar boðið upp á mikið úrval af saltfiskréttum í hinum ýmsu útgáfum en þrátt fyrir að saltfiskur sé aðalsmerki staðarins þá er vissulega hægt að fá þar ýmislegt annað. Þar sem húsið er timburhús er stemningin svolítið sumarbústaðarleg sem gerir staðinn að góðum valkosti fyrir borgarbúa sem vilja bregða sér út fyrir bæjarmörkin. Það er þó ekki endilega nein rólegheitastemning á staðnum því þar er reglulega boðið upp á böll með hljómsveitum, boltakvöld og aðrar uppákomur. Staðurinn er einnig kjörinn undir hinar ýmsu veislur.

**Matseðillinn?** Samanstendur aðallega af ýmsum spennandi saltfiskréttum eins og hráum saltfiskþynnum með kóríander-chilliolíu, gratíneruðum saltfiski að hætti katalóníubúa og ofnbökuðum saltfisksteik.

**Vinsælast?** Þeir sem eru að koma í fyrsta sinn á staðinn fá sér að sjálfsögðu einhvern saltfiskrétt en aðrir velja, lamb, ristaðan kjúkling eða nautalundir.

**Verð?** Aðalréttirnir eru á verðbilinu 2.000-5.000 en forréttirnir eru flestir undir 1.000 krónum. Hægt er að fá fiskrétt dagsins á 1.790 krónur og er hann þá eldaður eftir kenjum kokksins. Sjá nánar á www.salthusid.is.




# Sannkölluð veislumáltíð fyrir grænmetisæturnar

**Ómar R. Valdimarsson, framkvæmdastjóri Íslenskra almannatengsla, er afar hrifinn af grænmetisfæði. Hann eldar þó oftar fyrir hundinn en sjálfan sig sem fúlsar ekki við nautahakki.**

„Égerekkihreinræktuðgrænmetisæta en borða mikið af grænmetisfæði. Bæði finn ég hvað mér líður betur af slíkum mat og svo er líka svo miklu skemmtiegra að elda grænmetismat heldur en kjötrétti. Grænmetið er fallegra, litríkara, áferðarfallegra og bragðmeira," segir Ómar og bætir við að þegar kemur að matseldinni þá sé Solla á Grænum kosti hans átrúnaðargoð og hann noti mikið matreiðslubókina hennar Grænn kostur Hagkaupa. Uppskriftin sem hann gefur hér á síðunni af fylltum paprikum er einmitt úr þeirri bók og segir hann að hún sé sannkölluð veislumáltíð fyrir grænmetisætur.

Ómar segist þó alls ekki elda nógu oft, a.m.k. ekki fyrir sjálfan sig, en sambýlingur hans, hundurinn Húgó, sem er ársgömul ungversk vizla, nýtur þó reglulega góðs af matreiðsluhæfileikum hans því Ómar er duglegur að dekra við hundinn með nýsteiktu nautahakki. „Húgó er standandi fuglahundur og mun fljótlega fá að reyna á sig því ég er á leið á skotfiminámskeið og planið er að fylla frystinn af gæs, önd og rjúpu," upplýsir Ómar sem segist vera tíður gestur á veitingahúsum bæjarins, sérstaklega þeim sem bjóða upp á grænmetisfæði.

„Fleiri góðir veitingastaðir mættu bjóða upp á „take away" þjónustu því það er gaman að borða góðan mat heima hjá sér," segir Ómar.

-snæ



**GALSI Í ELDHÚSINU** Ómar og Húgó búa saman í Vesturbænum en deila þó ekki sama matarsmekk. Ómar er hrifnastur af grænmetisfæði en Húgó veit fátt betra en nýsteikt nautahakk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FYLLTAR PAPRIKUR**

4 rauðar paprikur
150 gr sólþurrkaðir tómatar
150 gr þistilhjörtu(í krukku)
150 gr möndlur eða hnetur
150 gr tófú
150 gr soja mozarellaostur
1 lúka ferskt kóríander
smá salt og cayennapipar

Skerið paprikurnar í tvennt og hreinsið. Setjið allt annað hráefni í matvinnsluvél og hrærið saman. Fyllið paprikurnar með maukinu og bakið í ofni við 180 gráður í 15-20 mín.

Með þessu er gott að hafa ofnbakaðar rauðrófur og sætar kartöflur. Skerið grænmetið í bita og setjið í eldfast mót ásamt olífuolíu, rósmarín og sítrónusafa og bakið í 45 mín. Klettasalat með fetaosti passar einnig afar vel við þetta.

# Lífrænt og vænt fyrir sumarið

Vín er náttúruleg afurð, og það er umhugsunarefni með vín, eins og með mat, hvaða óæskilegu aukaefni við gætum verið að innbyrða þegar við drekkum gott vín. Það er eflaust ekki mjög æskilegt að neyta áburðar, eiturs og brennisteins í miklu magni en þetta eru allt efni sem gætu leynst í víni. Lífræn ræktun á vínvið tryggir að jarðvegurinn er ómengaður og að náttúrulegt umhverfi plantnanna sé í góðu jafnvægi. Bóndinn vinnur mun meira á ekrunum og þarf að slá og plægja allt að 8 sinnum á ári. Því verður meira loft í jarðveginum sem þýðir að ræturnar ná lengra niður og draga þar með meiri jarðvegsnæringarefni í þrúgurnar en við hefðbundna ræktun. Í lífrænni ræktun verða plönturnar mikið eldri en í hefðbundinni vínrækt sem þýðir að þrúgurnar verða alltaf færri og færri og betri og betri til víngerðar. Lífrænt ræktuð vín frá Roussillon-héraðinu frá Pujol eru með bestu kaupum í vínbúðum og eru lífrænt vottuð. Uppskera hjá Pujol stendur yfir í tæplega tvo mánuði og þrúgurnar eru allar handtíndar og flokkaðar til þess að eingöngu heilbrigðar og góðar þrúgur fari í vinnsluna. Á meðal þeirra vína sem fást hérlendis frá Pujol framleiðandanum er verðlaunavínið Côtes du Roussillon 2001 Futs de Chêne sem er gert úr fjórum þrúgum - syrah, mourvèdre, rauðu grenache og carignan. Það er einstaklega fíngert og bragðgott og hefur frábæra fyllingu. Það er með sólberja- og skógarilmi og er kryddað í munni, með keim af svörtum berjum og plómum. Það passar einkar vel með grilluðu eða steiktu kjötu, saltfiski og er ljúffengt með mjúkum ostum. Fæst í flestum vínbúðum og kostar 1490 krónur.



# Gleðilegt sumar

## Ertu með?

- Þjóðarsátt um flugvöll á Lönguskerjum
- Spornum gegn einelti og efnamun með skólafatnaði
- Fjögurra akreina Sundabraut í botngöngum alla leið
- Fjölskyldugreiðslur til foreldra barna 9 til 18 mánaða
- Samþætting grunnskóla, listnáms og íþrótta
- 40 þúsund króna frístundakort með hverju barni 5-18 ára
- Vatnagarður – skemmtigarður fyrir alla fjölskylduna
- 1.200 lóðir fyrir sérbýli á næstu átján mánuðum
- Aukin hverfalöggæsla og öflugri forvarnir
- Ókeypis í strætó fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja
- Aukin heimaþjónusta, uppbygging hjúkrunarheimila
- Allir eiga rétt á heimilislækni



exbé

**Kosningaskrifstofa B-listans**
**í Reykjavík**
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími: 599-3900
Netfang: reykjavik@xb.is

*„You ever listen to K-Billy‘s „Super Sounds of the Seventies“ weekend? It‘s my personal favorite.“*



-Michael Madsen fór hamförum sem brjálæðingurinn Mr. Blonde í Reservoir Dogs. Hér ræðir hann tónlist við ólánsömu lögguna Marv sem hann biður svo að ljá sér eyra í bókstaflegri merkingu.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Ógleymanlegur brjálæðingur

Stórleikkonan Kathy Bates leikur móður Matthew McConaughey í myndinni Failure to launch. Þessi heillandi og svipmikla brussa hefur sett sterkan svip á fjölda bíómynda og nægir þar að nefna jafn ólíkar myndir og Titanic, Dolores Claiborne og The Waterboy með Adam Sandler.



Magnaður leikur hennar í Misery, sem byggði á spennusögu eftir Stephen King, er ógleymanlegur en þar fór hún með hlutverk snargeðveikrar og morðóðrar hjúkrunarkonu, Annie Wilkes, sem hélt rithöfundinum Paul Sheldon, leiknum af James Caan, í gíslingu og neyddi hann til þess að skrifa skáldsögu sérstaklega fyrir sig. Bates hlaut bæði Óskarsverðlaunin og Golden Globe fyrir frammistöðu sína í Misery en hún hefur auk þess verið tilnefnd til Óskarsverðlaunanna í tvígang sem besta leikkonan í aukahlutverki fyrir About Schmidt og Primary Colors. Þá fór Bates einnig á kostum í Fried Green Tomatoes eftir Jon Avnet en fyrir leik sinn þar hlaut hún einnig tilnefningu til Golden Globe.

Bates hóf feril sinn á leiksviði og gerði mikla lukku á Broadway á sínum tíma en hún var tilnefnd til Tony-verðlaunanna fyrir leik sinn í Night, Mother og hlaut Obie verðlaunin fyrir túlkun sína á Frankie í upprunalegu uppfærslunni á Frankie and Johnny in the Clair de Lune.

Bates hefur ekki slegið slöku við undanfarið en hún lék í Rumor has it á móti Jennifer Aniston og Kevin Costner. Þeirri mynd var leikstýrt af Rob Reiner sem leikstýrði Bates í Misery fyrir 16 árum. Þá er Bates væntanleg í Relative Strangers ásamt Danny DeVito auk þess sem hún ljær kúnni Bitsy rödd sína í dýramyndinni hugljúfu Vefur Karlottu. Bates hefur á seinni árum fengist nokkuð við leikstjórn og stýrði meðal annars fimm þáttum í hinni vinsælu þáttaröð Six Feet Under og var einn þeirra tilnefndur til Directors Guild-verðlaunanna.

### > Ekki missa af...

V for Vendetta er tvímælalaust ein besta myndin sem boðið er upp á í bíó þessa dagana. Hugo Weaving kemur firnasterkur inn sem grímuklæddi byltingarmaðurinn V en sér til halds og trausts hefur hann hina heillandi Natalie Portman. Myndin byggir á samnefndri myndasögu Alans Moore og heldur uppreisnarandi frumtextans sér merkilega vel. Töff mynd.



# Slímuseta á Hótel mömmu

Sjarmatröllið Matthew McConaughey og beðmálastúlkan Sarah Jessica Parker leiða saman hesta sína í gamanmyndinni Failure to launch. Þar leikur McConaughey 35 ára gamlan mann sem hefur ekki séð ástæðu til þess að flytja að heiman þar sem hann hefur allt til alls í foreldrahúsum.

Foreldrar hans hafa þó fengið sig fullsadda af ósjálfstæði unga mannsins og leita því á náðir sérfræðings til þess að koma kauða úr húsi. Það kemur svo í hlut hinnar glæsilegu og gáfuðu Paulu að táldraga McConaughey úr hreiðrinu en foreldrarnir ráða hana til þess að heilla soninn í þeirri von að ástin verði til þess að hann finni hjá sér löngun til þess að koma undir sig fótunum.

„Þetta er ókeypis, hann er með frábært herbergi og mamma sér um að þvo þvottinn hans. Þetta er frábært hótel,“ segir McConaughey þegar hann útskýrir ástæður þess að persóna hans lætur sér ekki detta til hugar að flytja að heiman. „Af hverju að laga eitthvað sem er ekki bilað?“



**MATTHEW MCCONAUGHEY OG SARAH JESSICA PARKER** Smella saman eins og flís við rass í gamanmyndinni Failure to launch.

Ráðabruggið vindur vitaskuld upp á sig eins og lög gera ráð fyrir í rómantískum gamanmyndum og málin taka óvænta stefnu ekki síst þar sem letihaugurinn sér ekkert athugavert við það að nýja konan í lífi hans flytji bara líka inn til mömmu og pabba.




# Þeir heppnu deyja fyrst

**Ekki sér fyrir endann á straumi blóðugra hryllingsmynda í bíó og um helgina verður ein svæsnasta hryllingsmynd ársins, The Hills Have Eyes, frumsýnd á Íslandi. Myndin er endurgerð samnefndrar myndar eftir hrollvekjumeistarann Wes Craven frá árinu 1977.**

Leikstjórinn Wes Craven hefur verið iðinn við hryllingskolann í rúm þrjátíu ár en hann vakti mikla athygli og almennan viðbjóð árið 1972 með The Last House on the Left. Þar þótti Craven fara langt út yfir öll velsæmismörk í ruddalegri frásögn af konu sem hefnir sín grimmilega á hyski sem hafði áður nauðgað henni. Hann fylgdi myndinni eftir með The Hills Have Eyes og dró nokkuð úr subbuskapnum en tókst samt að hrella áhorfendur með blóðugum limlestingum og djöfulskap.

The Hills Have Eyes fjallar um stórfjölskyldu; ömmu, afa, tvær dætur, son, tengdason og kornungt barnabarn sem eru á leið til Kaliforníu með hjólhýsi í eftirdragi. Bíllinn þeirra bilar í miðri eyðimörk og fyrr en varir eru þau ofsótt af stökkbreyttum mannætum sem halda til í fjöllunum í kring. Fjölskyldumeðlimirnir týna svo tölunni einn af öðrum, á ógeðfelldan hátt, þar til eftirlifendurnir snúa vörn í sókn og gjalda mannætunum auga fyrir auga.

Það fer ekkert á milli mála að Craven skrifaði The Hills Have Eyes undir sterkum áhrifum frá The Texas Chainsaw Massacre sem fjallaði einnig um ferðalanga sem lentu í klónum á úrkynjuðum mannætum. Texas Chainsaw var endurgerð árið 2003 og í kjölfar vinsælda endurgerðarinnar fékk Craven þá flugu í höfuðið að endurgera einnig The Hills Have Eyes. Hann gerði myndina á sínum tíma með 15 manna hópi , fyrir lítinn pening og tilhugsunin um að eyða meiri tíma og peningum í þessa gömlu sögu kitlaði hann.

Craven lætur sér þó nægja að framleiða myndina og fékk hinn unga Alexandre Aja til þess að leikstýra. Aja vakti athygli Cravens með hryllingsmyndinni High Tension frá árinu 2003 en handbragð hans þar sannfærði Craven um að Aja væri rétti maðurinn til að úthella blóði í The Hills Have Eyes.



**MICHAEL BERRYMAN** Þessi sérstaki leikari á eitt eftirminnilegasta andlit hryllingsmyndanna. Hann lék mannætuna Pluto í The Hiills Have Eyes frá árinu 1977 og sýndi þar tilþrif sem seint munu gleymast.

Sjálfur segir Aja að Craven hafi verið æskuhetjan sín. „Ég ólst upp við myndirnar hans og það voru þær sem ýttu mér út í hryllinginn til að byrja með,“ segir hann og bæti því við að myndir Cravens, Shocker og The Last House on the Left hafi haft mikil áhrif á sig.

The Hills Have Eyes gefur ekkert eftir í viðbjóðnum og myndin sver sig í ætt við Hostel eftir Eli Roth. Áhorfendum er ekki hlíft við neinu og báðir þessir ungu leikstjórar ganga svo langt í limlestingum og óhuggnaði að nánast ekkert er skilið eftir fyrir ímyndunaraflið. Þessi nýja, bersögla hryllingsmyndabylgja er kennd við „horrorporn“ eða hryllingsklám og það er óhætt að fullyrða að sá stimpill segi allt sem segja þarf. Þeir sem kunna að meta yfirgengilegan hrylling ættu því að fá stóran skammt með The Hills Have Eyes, aðrir ættu hins vegar að hugsa sig þrisvar um áður en þeir fara á fund mannætanna í fjöllunum.



**ÖRVÆNTING** Þeir fáu sem lifa af fyrstu árásir úrkynjuðu mannætanna þurfa heldur betur að komast í snertingu við villidýrið innra með sér eigi þeir að lifa af enda fjallar The Hills Have Eyes öðrum þræði um hversu langt venjulegt fólk getur gengið þegar því er ógnað.


NAMUS EST LIFSTRUM
NÁM ER LÍFSSTÍLL
„Albert Newton fékk námsstyrk til að rannsaka eplalögmálið"
KB banki veitir námsstyrki til KB Námsmanna.
3 framhaldsskólanemar fá 150.000 kr. hver.
6 háskólanemar innanlands fá 250.000 kr. hver.
4 háskólanemar erlendis fá 350.000 kr. hver.
Aflið ykkur nánari upplýsinga og sækið um á www.kbnamsmenn.is
KB Námsmenn
Umsóknarfrestur er til 1. maí 2006
KB BANKI




# Hringurinn um Sigurskáldið þrengist

Í dag birtast næstu tvö ljóðin í Sigurskáldinu 2006, ljóðakeppni Fréttablaðsins og Eddu útgáfu, og lýkur þar með þriðju umferð. Í gær fengu lesendur tækifæri til að gera upp á milli ljóða Óttars Martins Norðfjörð og Atla Bollasonar en nú stendur valið milli Unnar Andreu Einarsdóttur og Lubba klettaskálds (Björgvins Gunnarssonar) en það er á valdi lesenda hvort þeirra kemst áfram í undanúrslit keppninnar um Sigurskáldið. Þó svo að ummæli dómnefndar fylgi með, er það á ykkar valdi, lesendur góðir, að velja það ljóð sem ykkur þykir skara fram úr.

Í kvöld standa eftir sex ljóð sem keppa í undanúrslitum á fimmtudag og föstudag. Úrslitaslagurinn fer svo fram um helgina og sjálft Sigurskáldið verður krýnt í lok Viku bókarinnar.

## HVERNIG VELUR ÞÚ LJÓÐ?

Til að kjósa þitt ljóð sendir þú einfaldlega SMS-skeyti, eitt eða fleiri.

Ef þú kýst ljóð **Lubba** sendir þú SMS-skeytið **JA L5** í númerið 1900*.

Ef þú kýst ljóð **Unnar** sendir þú SMS-skeytið **JA L6** í númerið 1900*.

* Hvert skeyti kostar 99 krónur.




Dregið verður úr innsendum SMS skeytum á hverjum degi. Vinningshafi dagsins fær bókina Yosoy eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur.



**UNNUR ANDREA EINARSDÓTTIR**
Fædd 1981.

### Æðar Japans

Meðan þú bróderar dreka í dúnúlpuna þína, plokka ég af mér píkuhár til þess að þú verðir ekki uppiskroppa með tvinna. Þú gerir lítið úr fórn minni og segir frá því hvernig fyrrverandi kærasta þín frá Japan hafi eytt fjórum klukkutímum á dag í að plokka æðarnar úr rækjunum sem hún hafi vandlega valið í rækjusalatið þitt. Ólýsanlegur glæsibragur hafi verið yfir agaðri beitingu hennar á flísatönginni sem hún hafði sjálf steypt úr skartgripum ömmu sinnar.

Þegar þú sefur stelst ég til að strengja tippahárin þín í litla hörpu og spila á þau lag sem ég hef samið um þig. Svo dansa ég í takt við andardrátt þinn. Þú vaknar meðan ég er að slamma við þungarokkshroturnar í þér. Þú hlærð einsog freðinn risarostungur og eftir hálftíma af óbærilega sársaukafullum þrumuhlátri, hjóla ég rakleiðis á barinn og þamba að botninum á viskíflösku.
Þú finnur mig næsta morgun þar sem ég ligg dauð á framrúðunni á bláum Volvo. Þú starir inní blóðhlaupin augu eftir hamfaraflóð af áfengum tárum.

Þú segist vilja slíta sambandinu því þú sért eiginlega meira fyrir japanskar konur.

**Álit dómnefndar**

**Kristján B. Jónasson:**
Sambandsslit sett í algerlega nýtt og magnað samhengi. Frumleiki, kraftur og fyndnir taktar.

**Ragnheiður Eiríksdóttir:**
Eins og súrrealísk bíómynd, eða manneskja á barmi sturlunar. Það tvennt er bæði mjög spennandi og þetta ljóð er það líka. Fær mig til að hugsa um eldrauðan varalit.

**Þórarinn Þórarinsson:**
Það er eitthvað ómótstæðilegt við skapahár í ljóðum. Erótík og dauði er svo auðvitað sígildur dúett þannig að þetta kveikir vel í manni.



**LUBBI KLETTASKÁLD (BJÖRGVIN GUNNARSSON)**
Fæddur 1980.

### hnýttir endar

þú segir
að þú hafir
hnýtt alla lausa enda

að fortíðin hafi
verið gerð upp

og að þú horfir
fram á veginn

þú sverð
að þú hafir
lokað öllum dyrum

afhverju finn ég þá dragsúg?

**Álit dómnefndar**

**Kristján B. Jónasson:**
Haganlega gert ljóð um grundvallarspurningu sem allt nýfrelsað fólk verður að spyrja sig.

**Ragnheiður Eiríksdóttir:**
Þetta ljóð er í laginu eins og sverð, og orðið sverð kemur fyrir í því, en í annarri merkingu. Það er dularfullt og eitthvað draugalegt við það líka.

**Þórarinn Þórarinsson:**
Skemmtileg pæling í nettu ljóði um þá óþolandi staðreynd að fortíðin verður aldrei grafin.



DEBENHAMS

# vorútsala

í ellefu daga

50% afsláttur

af völdum vörum

Sjóðheit tilboð:

Leður-bakkar
Nú: 800 kr.
~~1.990 kr.~~

Barna-leður-jakkar
Nú: 4.900 kr.
~~18.900 kr.~~

Baðsalt
Nú: 200 kr.
~~699 kr.~~

Casual Club dömubolir
Nú: 500 kr.
~~1.590 kr.~~

Maine herrabolir
Nú: 600 kr.
~~1.690 kr.~~

Casual Club kvartbuxur
Nú: 1.000 kr.
~~3.490 kr.~~

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 32269 04/2006

AUK ÞESS AÐEINS FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS:

20% afsláttur af ilmvötnum og baðhandklæðum




DEBENHAMS

SMÁRALIND




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 2, 4 og 6 |
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 1.30, 3.50, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 1.30 og 3.50 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 3, 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 | kl. 3, 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 2.40, 5.15, 8 og 10.45 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 4, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 6 M/ÍSL. TALI |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







**FRÆ** Hljómsveitin Fræ heldur sína fyrstu opinberu tónleika í kvöld.

# Fyrstu tónleikarnir

Hljómsveitin Fræ kemur í fyrsta sinn fram opinberlega á tónleikum á Sirkus í kvöld.

Lag sveitarinnar, Freðinn fáviti, hefur fengið mikla spilun í útvarpi upp á síðkastið og náði meðal annars efsta sæti X-listans.

Frumburður sveitarinnar er væntanlegur í lok maí og nefnist hann Eyðileggðu þig smá. Til að flytja lögin af plötunni á tónleikum hefur Fræ bætt við sig þeim Friðfinni og Danna, sem einnig er í hljómsveitunum Maus og Sometime.

Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 22.00. ■

# Brunninn eldveggur

**[KVIKMYNDIR]**

UMFJÖLLUN



**FIREWALL**

LEIKSTJÓRI: RICHARD LONCRAINE
AÐALHLUTVERK: HARRISON FORD, PAUL BETTANY, VIRGINIA MADSEN

**Niðurstaða:** Firewall er bæði leiðinleg og litlaus mynd sem ristir ekki dýpra en svo að mér var slétt sama hvort Harrison Ford kæmist lífs af úr hremmingum sínum eða ekki.

Tilkoma internetsins breytti mörgu, ekki síst hjá fjármálafyrirtækjum. Þeirra helsta vá er ekki lengur grímuklæddir kónar, vopnaðir byssum sem ógna lífi og limum viðskiptavina heldur tölvuþrjótar í heimahúsum. Bankar hafa því neyðst til að koma sér upp öflugu öryggisneti til varnar þessum nútímaþjófum.

Hollywood hefur reynt að gera þessum heimi ágætis skil og er kvikmyndin Sneakers með gamla brýninu Robert Redford ágætis dæmi. Í Firewall kemur inn í söguna önnur kempa sem hefur í gegnum tíðina malað kvikmyndaframleiðendum gull.

Harrison Ford leikur Jack Stanfield, öryggisráðgjafa hjá banka í Seattle, sem hannað hefur fullkomið öryggisnet en það hindrar óæskilega tölvuþrjóta frá því að brjótast inn á reikninga hjá viðskiptavinum. Hann er giftur tveggja barna faðir og hefur komið ár sinni vel fyrir borð. Hins vegar hefur glæpamaðurinn Bill Cox fylgst með hverju skrefi hans undanfarið ár og lætur loks til skarar skríða. Ætlunin er að nýta þekkingu Stanfields til að brjótast inn í bankann og er fjölskyldan tekin í gíslingu á meðan á öllu þessu stendur, en í upphafi skyldi endinn skoða.

Líkt og allar aðrar persónur Fords er Stanfield með hjartað á réttum stað, hefur sterka réttlætiskennd og er umfram allt góður náungi. Í Firewall er þessi persóna hins vegar það litlaus og leiðinleg að mér var eiginlega orðið slétt sama um örlög hans sem er afrek út af fyrir sig. Ekki á hverjum degi sem örlög Harrison Ford á hvíta tjaldinu snerta mig lítið sem ekkert. Paul Bettany leikur þrjótinn Cox sem nær einhvern veginn aldrei að verða nógu vondur til þess að honum sé trúandi til alvöru illgerða þrátt fyrir háskammdar yfirlýsingar. Honum virðist vera meira í mun að drepa samverkamenn sína en að meiða einhvern úr fjölskyldunni. Virginia Madsen lætur hafa sig út í að leika eiginkonu hetjunnar en það hlutverk er hannað fyrir smástirni sem eru að feta sig áfram á framabrautinni.

Handrit myndarinnar er gloppótt, klisjukennt og hugmynd leikstjórans að láta rigna allan tíma til að fá fram einhverja spennu úr umhverfinu misheppnast algjörlega.

Miðað við plakatið hefði Firewall átt að steinliggja en þar sem Harrison virkar hálfþreyttur á þessu síendurtekna hlutverki sínu á hún eftir að enda á myndbandaleigunum innan skamms. Síðustu myndir leikarans neyða Ford til að fara og finna aftur svipuna og hattinn ef hann vill komast hjá því að sverta glæsta fortíð sína.

# Safnaði 95 milljónum

Söngvarinn Elton John safnaði rúmum 95 milljónum króna handa alnæmissamtökum sínum með því að selja föt úr einkasafni sínu í New York.

Alls voru um tíu þúsund flíkur af honum til sölu og stóð útsalan yfir í fimm daga. Meðal annars voru þar föt hönnuð af Versace og Louis Vuitton auk polka-jakkafata sem hann klæddist í dúetti með Eminem á Grammy-verðlaununum árið 2001.



**ELTON JOHN** Söngvarinn góðkunni seldi föt úr einkasafni sínu í New York fyrir 95 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Madonna** mun hefja tónleika á nýja tónleikaferðalaginu sínu á því að vera látin síga niður úr loftinu á stórum krossi líkt og búið sé að krossfesta hana. Krossinn verður gerður úr demöntum og Swarovski-kristöllum og mun sennilega kosta um sex milljónir punda. Þó að söngkonan aðhyllist nú kabbalah trú virðist hún ekki setja það fyrir sig að nota trúartákn á þennan hátt. Madonna hefur áður móðgað trúarhópa með myndbandinu Like A Prayer þar sem hún naut ásta með dýrðlingi í kirkju.



**Elizabeth Hurley** segist munu búa hluta ævinnar í Indlandi eftir að hún giftist kærasta sínum, Arun Nayar. „Þegar við giftumst er ég viss um að Indland mun verða mitt annað heimili," sagði Hurley sem nýtur þess að dvelja í Indlandi ásamt syni sínum og Arun. „Okkur kemur dásamlega vel saman og við eyðum miklum tíma með fjölskyldum okkar. Mér finnst ég afar heppin að hafa hitt hann."



**Kevin Federline** segir að hann og eiginkona hans, Britney Spears, muni verða saman að eilífu enda trúir Kevin ekki á skilnað. „Ég ætla sko ekki að skilja, fjandinn hafi það!" sagði hann í viðtali við US tímaritið. „Ég trúi ekki á skilnað. Þegar maður er búinn að giftast þá er maður í hjónabandinu og berst fyrir því," sagði Kevin en þau giftu sig í september 2004.



Leikarinn **David Hasselhoff** segir gamla þáttinn sinn Baywatch hjálpa kvenréttindabaráttunni í Íran þar sem þátturinn sé stútfullur af hörðum kvenímyndum og góðum fyrirmyndum fyrir konurnar. „Þær sitja þarna og eru niðurbældar. Þær mega ekki kjósa og mega ekki gera neitt. En svo munu þær rísa upp og segja: Þetta er heimurinn! Af hverju getum við ekki tekið þátt? Svo taka þær niður skýlurnar sínar og þá eru þær ljóshærðar," sagði Hasselhoff sannfærandi.





SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FAILURE TO LUNCH | KL. 3:50-6-8-10:10 | |
| FAILURE TO LUNCH VIP | KL. 2-5-8-10:10 | |
| FIREWALL | KL. 3-5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| ÍSÖLD 2 ísl. tal | KL. 1-3-5-7 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 8:10-10:30 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | KL. 9 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 3-5:30-8 | |
| LASSIE | KL. 1-3-5 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FAILURE TO LUNCH | KL. 8-10 | |
| WHEN A STRANGER CALLS | KL. 8 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | KL. 10 | B.I. 16 |
| ICE AGE ísl. tal | KL. 4-6 | |
| DATE MOVIE | KL. 6 | B.I. 14 |
| PINK PANTHER | KL. 4 | |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FAILURE TO LUNCH | KL. 6-8-10 | |
| FIREWALL | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:50 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FAILURE TO LUNCH | KL. 6-8:15-10:20 | B.I. 16 |
| FIREWALL | KL. 6-8:15-10:30 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | KL. 8:15-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 6 | |

KRINGLAN S: 588-0800

| | | |
|---|---|---|
| FIREWALL | KL. 5:45-8-10:15 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 10 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8 | |
| LASSIE | KL. 6 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Pottþétt 40 kemur út

Nýjasta safnplatan í Pottþétt-röðinni vinsælu, Pottþétt 40, kemur út á þriðjudaginn. Á plötunni, sem er tvöföld, er að finna flest af vinsælustu lögunum, bæði innlendum sem erlendum.

Á meðal íslenskra laga eru „Allt sem ég á“ með Snorra Snorrasyni, sigurvegara Idol-stjörnuleitar, „Til hamingju Ísland“ með Silvíu Nótt, „Ég á heima í Reykjavík“ með Stuðmönnum og Stefáni Karli, „Clown“ með Ampop, „Kokaloca“ með Dr. Mister & Mr. Handsome og „Full Circle“ með Jet Black Joe.

Þess má geta að Jet Black Joe áttu lag á fyrstu Pottþétt-plötunni „Pottþétt 1“ sem kom út árið 1995 en það var lagið „I Know“. Pottþétt 40 er 77. Pottþétt-platan í Pottþétt-útgáfuröðinni.



**POTTÞÉTT 40** Pottþétt 40 er 77. Pottþétt-platan sem er gefin út hér á landi.



**TOMKAT** TomKat eins og þau Tom Cruise og Katie Holmes eru kölluð vestan hafs hafa eignast sitt fyrsta barn saman. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Prinsessa í heiminn

Hollywood-parið skrítna, Tom Cruise og Katie Holmes, eignaðist dótturina Suri síðastliðinn þriðjudag í Los Angeles. Að sögn upplýsingafulltrúa Cruise var líðan mæðnanna góð.

Nafnið Suri er fengið úr hebresku og persísku. Á hebresku þýðir það prinsessa en á persísku þýðir það rauð rós. Suri er fyrsta barn hinnar 27 ára Holmes. Cruise, sem er 43 ára, á fyrir ættleiddu börnin Isabellu og Connor með fyrrverandi eiginkonu sinni Nicole Kidman.

Ekki er vitað nánar um fæðinguna en hún átti að fara fram á hljóðlátan hátt undir merkjum Vísindakirkjunnar sem bæði Cruise og Holmes tilheyra. Ekki er heldur vitað hvort Cruise hafi borðað fylgjuna og naflastrenginn eftir fæðinguna eins og hann hafði lýst yfir.

Suri fæddist sama dag og leikkonan Brooke Shields eignaðist dóttur sína, Grier Hammond Henchy. Shields og Cruise deildu hart á síðasta ári eftir að Cruise gagnrýndi leikkonuna fyrir að hafa notað þunglyndislyf eftir fæðingu fyrsta barnsins síns. Taldi hann betra fyrir hana að stunda líkamsrækt og taka inn vítamín.

# Hitman snýr aftur

Tölvuleikurinn Hitman: Blood Money verður gefinn út í Evrópu þann 26. maí á vegum Eidos Interactive fyrir allar helstu leikjatölvurnar.

Leikurinn er sá nýjasti í Hitman-seríunni sem fjallar um hinn alræmda leigumorðingja Agent 47 og þykir mun fullkomnari en fyrri leikirnir. Í leiknum ferðast Agent 47 til Bandaríkjanna þar sem hann undirbýr sig fyrir sitt stærsta verkefni til þessa. ■



**HITMAN** Leigumorðinginn ógurlegi er mættur aftur í Hitman: Blood Money.











## Ísland stendur í stað

Íslenska karlalandsliðið stendur í stað á nýútgefnum styrkleikalista FIFA og er áfram í 97. sæti listans. Íslenska liðið hefur fallið um tvö sæti frá því á sama tíma á síðasta ári. Brasilía er í efsta sæti listans, þar á eftir koma Tékkar í 2. sæti, Hollendingar í því 3. og þá eru Bandaríkin komin upp í 4. sæti listans.

# sport

sport@frettabladid.is

JÓN ARNÓR STEFÁNSSON: Í VIÐTALI VIÐ HEIMASÍÐU ALÞJÓÐA KÖRFUBOLTASAMBANDSINS

# *Hjúkkurnar vildu ekki að ég færi*

Körfuboltamaðurinn Jón Arnór Stefánsson segist ekki líta á sig sem kyntákn í einkar skemmtilegu og áhugaverðu viðtali við opinbera heimasíðu Alþjóða körfuboltasambandsins sem birtist í gær. Um er að ræða vikulegan dálk á heimasíðunni þar sem tekið er viðtal við einhvern þjálfara eða leikmann í Evrópu, en Jón Arnór hefur skapað sér nokkuð stórt nafn í Evrópuboltanum eftir að hafa leikið í Þýskalandi, Rússlandi og nú með Carpisa Napoli á Ítalíu með góðum árangri.

Mikið er gert úr meintum kynþokka Jóns Arnórs í viðtalinu og er meðal annars haft eftir Mario Maione, forseta Carpisa, að koma íslenska leikmannsins til liðsins valdið aukinni aðsókn kvenna á leiki liðsins. Jón Arnór segir kvenhyllina ekki hafa áhrif á sig. „Ég lít ekki mig sem kyntákn, jafnvel þrátt fyrir að ég hafi nýlega farið á sjúkrahús í rannsókn og hjúkrunarkonurnar vildu ekki að ég færi,“ segir Jón Arnór í viðtalinu en einnig er minnst á að hann sé hávaxinn, ljóshærður og með blá augu. Hann greinir sömuleiðis frá því að hann hafi hlotið hinar ýmsu gjafir frá stuðningsmönnum sínum sem hann fer ekki með heim til sín af ótta við að kærastan verði afbrýðisöm, en sú er Embla Grétarsdóttir, knattspyrnukona úr KR, sem býr með Jóni Arnóri í Napolí. Í viðtalinu segir að hún hafi flutt út til að hafa auga með manninum sínum. „Hvort sem það er á Íslandi eða á Ítalíu, þá vilja konur vera við stjörnvölinn.“



Í viðtalinu er farið yfir stuttan en viðburðaríkan feril Jóns Arnórs og segir hann meðal annars frá ævintýrum sínum með Dallas í NBA-deildinni. Þá segir hann að margir ungir leikmenn með mikla hæfileika séu að koma upp á Íslandi og eftir 10 ár verði landsliðið hugsanlega orðið samkeppnishæft á alþjóðavísu.

## > Við fordæmum...

...ömurlega hegðun knattspyrnudeildar FH í garð Jónasar Grana Garðarssonar. Þessi 33 ára leikmaður hefur þjónað félaginu dyggilega í átta ár og ekki kvartað þótt spilatíminn væri oft á tíðum lítill (86 mínútur í fyrra), heldur gefið sig alla í þær mínútur sem hann fékk að spila og oft á tíðum kom hann liðinu til bjargar með mikilvægum mörkum. Í stað þess að þakka honum fyrir frábæra þjónustu á síðustu metrum ferilsins ákveður félagið að „binda enda“ á feril Jónasar með því að leyfa honum ekki að spreyta sig með öðru liði í Landsbankadeildinni og vill þar að auki fá veglegu greiðslu sem fá neðrideildarlið ráða við. Þessi framkoma er flottu félagi eins og FH til háborinnar skammar.





**JEB IVEY** Gæti vel komið aftur til Njarðvíkur á næsta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslandsmeistarar Njarðvíkur:

## Vilja Einar og Ivey áfram

**KÖRFUBOLTI** „Það væri fásinna að ætla sér ekki að halda manni eins og Einari,“ sagði Valþór Jónsson, formaður körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur, við Fréttablaðið í gær. Einar Árni Jóhannsson, þjálfari liðsins, er samningslaus en leiða má líkur að því að hann framlengi samning sinn við Njarðvíkinga.

Einar stýrði liðinu til Íslandsmeistaratitilsins á mánudaginn en auk þess að vonast til að fá Einar áfram til starfa, eru Njarðvíkingar vongóðir um að halda einum af lykilmönnum liðsins, Jeb Ivey.

„Við höfum enn ekki rætt málin og gerum það ekki fyrr en í næstu viku. Þá ætlum við að tryggja þá sem við viljum tryggja. Jeb Ivey er þeirra á meðal. Við ætlum að ræða við hann áður en hann fer heim í frí,“ sagði Valþór. - hþh

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

17 18 19 **20** 21 22 23

**Fimmtudagur**

**SJÓNVARP**

- 17.05 **US PGA í nærmynd** á Sýn. Fréttaþáttur um bandarísku mótaröðina í golfi.
- 18.35 **Evrópukeppni félagsliða** á Sýn. Bein útsending frá leik í keppninni.
- 20.35 **Leiðin á HM** á Sýn.

# Hermann í þriggja leikja bann fyrir olnbogaskot

**Landsliðsmaðurinn Hermann Hreiðarsson hefur verið dæmdur í þriggja leikja bann af enska knattspyrnusambandinu fyrir að hafa veitt Luis Boa Morte olnbogaskot í leik Charlton og Fulham á mánudaginn. Óviljaverk, segir Hermann.**

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson, leikmaður Charlton og íslenska landsliðsins, var í gær úrskurðaður í þriggja leikja keppnisbann af enska knattspyrnusambandinu fyrir að hafa gefið hinum portúgalska Luis Boa Morte, leikmanni Fulham, olnbogaskot í andlitið í viðureign liðanna sl. mánudag.

Dómari leiksins sá ekki ástæðu til að gera neitt úr atvikinu á meðan leiknum stóð en dómur FA byggist á myndbandsupptökum frá leiknum sem sýna glögglega að olnbogi Hermanns fer í andlit Boa Morte.

„Þetta var alls ekki með vilja gert. Hann var hangandi í mér þegar ég var að hlaupa inn í teiginn og ég var bara að reyna að hrista hann af mér,“ sagði Hermann við Fréttablaðið í gær og bætti því við að hann væri að líða fyrir smæð Boa Morte. „Hann er nú ekki hár í loftinu og því miður fór olnboginn í andlitið á honum. Hefði þetta verið stærri leikmaður hefði höndin líklega farið í bringuna á honum. Þetta var algjört slys.“

Hermann kveðst hafa beðist Boa Morte afsökunar og allir hafi skilið sáttir. „Við töluðum saman eftir leikinn og tókumst í hendur. Þess vegna skil ég ekki af hverju FA sé að skipta sér að þessu,“ segir Hermann, en þess má geta að Boamorte skoraði bæði mörk Fulham í 2-1 sigri liðsins og fór illa með varnarmenn Charlton í ófá skiptin í leiknum.



**BARÁTTA UM BOLTANN** Hermann Hreiðarsson sést hér í baráttu við Luis Boa Morte í leik Charlton og Fulham í ensku úrvalsdeildinni sem fram fór í október á síðasta ári. Þá gerðu liðin 1-1 jafntefli og náði Hermann að hafa góðar gætur á Boa Morte. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

„Ég hef leikið fjölmarga leiki í úrvalsdeildinni og aldrei fengið rautt spjald. Þetta tilvik var einfaldlega stíf barátta inni á vellinum sem var gleymd og grafin eftir leikinn. Þess vegna er leiðinlegt að svona skuli fara,“ segir hann, en leikbannið þýðir að Hermann mun ekki spila meira á þessari leiktíð, enda á Charlton aðeins þrjá leiki eftir af deildarkeppninni. Charlton er í 11. sæti ensku deildarinnar og á neinast enga möguleika á Evrópusæti.

„Við hefðum getað áfrýjað en það er ekki áhættunar virði þar sem þá ætti ég á hættu að missa af upphafi næstu leiktíðar. Það eru þrír leikir eftir og við siglum lygnan sjó um miðja deild svo að það er líklega besti kosturinn að taka út þetta bann núna.“

vignir@frettabladid.is



**ÁTÖK** Það verður hart barist í Faxafeni næstu tvo daga og svo í Kaplakrika á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/PALLI

Hnefaleikar um helgina:

## Hálfrar aldar bið á enda

**HNEFALEIKAR** Meistaramót Íslands í hnefaleikum fer fram í Kaplakrika á laugardaginn en þetta er fyrsta íslandsmótið í fimmtíu ár. Sýnt verður beint frá keppninni á laugardaginn klukkan 20.00. Miðar eru til sölu hjá hnefaleikafélögunum, sem og á undankeppninni en aðeins kostar 1.500 krónur á öll þrjú kvöldin.

Undankeppni hefst í dag, í húsnæði Hnefaleikafélags Reykjavíkur í Faxafeni 8, en alls eru skráðir 45 keppendur á mótið. Á úrslitakvöldinu verða tólf bardagar og því kemst aðeins helmingur keppenda þangað.

Keppt verður í karlaflokki, unglingaflokki drengja (16-19 ára) og kvennaflokki. Í kvennaflokki eru fjórir keppendur skráðir í tveimur þyngdarflokkum. Í unglingaflokki drengja eru 19 keppendur skráðir í sex þyngdarflokkum og í karlaflokki eru 22 keppendur skráðir í sex þyngdarflokkum.

Þetta er fyrsta meistaramót sem haldið hefur verið á Íslandi í ólympískum hnefaleikum og því um sögulegan viðburð að ræða. Þá eru rúmlega fimmtíu ár frá því að síðasta meistaramót í hnefaleikum var haldið á Íslandi. Það fór fram 6. maí 1953. - hþh




Snæfell enn að jafna sig á brotthvarfi Bárðar:

## Óvissa með framhaldið

**KÖRFUBOLTI** Leikmenn og stjórn körfuknattleiksdeildar Snæfells var enn að jafna sig á því að Bárður Eyþórsson hefði ákveðið að yfirgefa félagið þegar Fréttablaðið heyrði hljóðið í Hólmurum í gær.

„Þetta er að sjálfsögðu mikið áfall enda áttum við von á því að halda Bárði,“ sagði Gissur Tryggvason, formaður körfuknattleiksdeildar Snæfells, sleginn í gær. „Við erum engu að síður vanir því að fá kjaftshögg hér á hverju ári og það þýðir ekki að gráta Björn bónda heldur safna liði.“

Einn besti leikmaður félagsins, Magni Hafsteinsson, var einnig í áfalli yfir fréttunum af brotthvarfi Bárðar en hans framtíð er í kjölfar þessara fregna í nokkurri óvissu. Magni segist vilja vera áfram í Hólminum en auðvitað skipti máli hver verði þjálfari og hvernig umgjörðin verði næsta vetur. Hann muni því bíða eftir næstu skrefum stjórnarinnar áður en hann taki ákvörðun um framhaldið en stjórnin fundaði með leikmönnum seinni partinn í gær.



**MAGNI HAFSTEINSSON** Mörg lið myndu vilja næla í kappann en hann vill helst vera áfram í Hólminum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

- hbg



Enginn aðgangseyrir
Sýningin
VORBOÐINN
2006
Skipuleggjum
framkvæmum
upplifum
Smáralind
20.-23. apríl
Sumardagurinn fyrsti kl. 13-18
Föstudagurinn 21. apríl kl. 14-19
Laugardagurinn 22. apríl kl. 11-18
Sunnudagurinn 23. apríl kl. 12-18
GARÐHÚSGÖGN, GRÓÐUR, BLÓMAKER, SKRAUTMUNIR, SÓLPALLAR, HELLUR, GARÐHÚS, HEITIR POTTAR, BJÁLKAHÚS, SVALALOKANIR, LEIKTÆKI, GRILL, GIRÐINGAR, VIÐARVÖRN, KLÆÐNINGAR, MÁLNING, SLÁTTUVÉLAR, GESTAHÚS, HORNBAÐKÖR, REIÐHJÓL, SÓLSTOFUR, VERKTAKAR, GARÐARÁÐGJÖF, PALLASLÍPUN, GRANÍT, GARÐLJÓS, GOSBRUNNAR, GÓÐGÆTI Á GRILLIÐ ................
HÚSBÍLAR, HJÓLHÝSI, FELLIHÝSI ..............

Leikmenn Barcelona eru niðri á jörðinni þrátt fyrir frækinn sigur á AC Milan:

# París enn ekki í augsýn Börsunga

**FÓTBOLTI** Frábært tímabil hjá Barcelona er í augsýn en liðið er með aðra höndina á spænska titlinum og hina á úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Liðið sýndi og sannaði hvers það er megnugt með 1-0 sigri á AC Milan á San Siro, einum allra erfiðasta útivelli í Evrópu. Ludovic Giuly skoraði sigurmarkið eftir undirbúning Ronaldinho, en hann átti þá snilldarlega sendingu inn fyrir vörn Milan.

„Við spiluðum frábæran leik. Við náðum að nýta okkur plássið sem okkur var gefið, sem þýddi að við lékum vel. Það eru þó enn níutíu mínútur eftir af einvíginu og við megum ekki gleyma okkur. Við þurfum að halda áfram að virða Milan þar sem það er frábært lið. París er enn ekki í augsýn, ég sé bara Camp Nou og sterkt Milan liðið,“ sagði Ronaldinho eftir leikinn en hann spilaði frábærlega og uppskar lófaklapp frá stuðningsmönnum Milan þegar hann var tekinn af velli undir lok leiksins.

Fyrirliðinn Carles Puyol stjórnaði vörn Barcelona af stóískri ró og sinni alkunnu snilld. Puyol fékk gult spjald í leiknum og á í hættu að missa af úrslitaleiknum, fái hann gult spjald í síðari leiknum og Barcelona komist áfram.

„Þetta var sigur liðsheildarinnar en við vitum að það er einn leikur eftir gegn einu af sterkustu liðum Evrópu. Ég held áfram mínu striki, ég veit hvað við þurfum að gera til að komast áfram. Ef ég þarf að brjóta af mér í síðari leiknum þá geri ég það, ég geri allt til þess að liðið vinni, jafnvel þó svo að ég gæti misst af úrslitaleiknum,“ sagði Puyol. - hþh



**SNILLDARTAKTAR** Ronaldinho sýndi á tíðum frábær tilþrif í leiknum á þriðjudaginn eins og búast mátti við af brasilíska snillingnum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**SARUNAS MARCIULIONIS** Verður heiðursgestur á lokahófi KKÍ annað kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Lokahóf KKÍ á morgun:

# Marciulionis heiðursgestur

**KÖRFUBOLTI** Litháíski körfuboltamaðurinn fyrrverandi, Sarunas Marciulionis, sem margir körfuboltaáhugamenn muna eftir frá því að hann lék með Golden State, Sacramento, Seattle og fleiri liðum í NBA-deildinni, verður heiðursgestur á lokahófi Körfuboltasambandsins sem fram fer annað kvöld.

Marciulionis þykir einn albesti leikmaður frá Evrópu sem leikið hefur í NBA-deildinni en alls lék hann 363 leiki á ferli sínum í NBA og skoraði í þeim 12,8 stig að meðaltali í leik. Auk þess var Marciulionis lykilmaður í sovéska og síðar litháíska landsliðinu um árabil og náði þar frábærum árangri. Hann varð meðal annars ólympíumeistari með Sovétríkjunum árið 1988 og var í silfurliði Litháen á EM árið 1995 þar sem hann var einnig valinn besti leikmaður keppninnar. Frá því að ferlinum lauk hefur hann unnið mikið starf fyrir körfuboltann í heimalandi sínu.

Marciulionis kemur til landsins að mestu leyti fyrir tilstilli Ólafs Rafnssonar, formanns KKÍ, en hann situr með honum í stjórn FIBA, Alþjóða körfuboltasambandsins. Hann mun flytja hátíðarræðu kvöldsins í lokahófinu en þess má geta að Marciulionis hefur boðið sig fram til forseta FIBA, en þing sambandsins fer fram um miðjan næsta mánuð. - vig

Leikmenn Philadelphia:

# Mættu of seint

**KÖRFUBOLTI** Allan Iverson og Chris Webber, tvær af skærustu stjörnum Philadelphia 76ers í NBA-deildinni, urðu sér til skammar í fyrrinótt þegar þeir mættu of seint í síðasta heimaleik liðsins á leiktíðinni gegn New Jersey. Samkvæmt reglum eiga leikmenn að vera mættir í hús 90 mínútum fyrir leik en vitni sáu þá félaga mæta fimm mínútum fyrir leik. Hvorugur leikmannanna lék leikinn þar sem Philadelphia á ekki möguleika á að komast í úrslitakeppnina.

Búist er við því að Webber og Iverson verði refsað með sektum og jafnvel leikbanni. - vig

# Þetta er furðulegt félag

**Handknattleikskappinn Einar Örn Jónsson er að öllum líkindum á leiðinni frá spænska félaginu Torrevieja, sem hann lýsir sem furðulegum klúbbi. Þýska félagið Minden hefur verið í viðræðum við Einar sem verður laus allra mála í sumar.**

**HANDBOLTI** Einar býr í strandbænum Torrevieja við Miðjarðarhafið og spilar með samnefndu liði sem er í tíunda sæti spænsku úrvalsdeildarinnar, í þéttum pakka sem er að berjast um Evrópusæti. Einar var á rölti um þennan líflega bæ í tuttugu stiga hita þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær en íbúafjöldi hefur sexfaldast í Torrevieja á undanförnum árum en vinsælt er að kaupa sér íbúðir á svæðinu.

Einar var markahæsti leikmaður liðsins fyrir jól en er nýstiginn upp úr liðþófameiðslum sem héldu honum utan vallar í átta vikur. Klúbburinn er ekki stór en hefur þó byggt nýja keppnishöll með glæsilegri aðstöðu. Þrátt fyrir það lítur allt út fyrir að Einar sé á förum frá Spáni.

„Ég hef takmarkaðan áhuga á að vera hérna áfram. Þjálfarinn er hálf furðulegur og klúbburinn er það einnig. Þeir borga mánaðarlega en allt annað situr á hakanum. Ég er nokkuð viss um að ég verði ekki hérna áfram,“ sagði Einar sem verður laus allra mála í sumar og er líklegt að hann fari aftur til Þýskalands þar sem hann lék með Wallau við góðan orðstír í þrjú ár.

„Ég talaði við forráðamenn Minden, þeir lýstu yfir áhuga sínum á mér en við ræddum ekki mikið meira en það þar sem þetta var hvorki staður né stund. Þeir ætla að hafa samband við mig aftur fljótlega en það er greinilegt að þeir hafa áhuga þar sem þeir voru þegar farnir að tala um læknisskoðun áður en einhverjar upphæðir voru nefndar,“ sagði Einar.

„Ég hefði áhuga á að fara aftur til Þýskalands enda leið mér mjög vel hjá Wallau og ætlaði að vera þar áfram áður en félagið varð gjaldþrota. Mér líst vel á Minden og Snorri Steinn ber liðinu vel söguna. Þetta veltur þó einnig á samningnum sem þeir bjóða mér,“ sagði Einar en lið í Sviss hafði einnig sýnt honum áhuga. Einar Örn naut sín vel í Þýskalandi þegar landsliðið kom aftur saman en Einar hafði ekki verið viðloðinn landsliðið um nokkurt skeið.

„Það var gaman að koma aftur til svona 100 prósent atvinnumannalegan þjálfara. Í samanburði við Alfreð er þjálfarinn hérna skelfilegur og heilt yfir var þetta frábær vika. Ég stefni á að vera kominn á fullt skrið þegar landsliðið kemur aftur saman eftir nokkrar vikur og vonast vissulega til þess að ég komist í hópinn,“ sagði Einar Örn Jónsson að lokum.

hjalti@frettabladid.is



**Í LANDSLIÐIÐ Á NÝ?** Einar hefur verið í frábæru formi með liði sínu Torrevieja og var með landsliðinu í æfingabúðum í Þýskalandi í síðustu viku. Hann vonast til að tryggja sér sæti í landsliðinu á ný. Hér er hann í leik gegn Sviss á EM 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

UEFA bikarinn í kvöld:

# Boro í vanda

**FÓTBOLTI** Mark Viduka verður ekki með Middlesbrough gegn Steaua Búkarest í undanúrslitum UEFA-bikarkeppninnar í kvöld en það er ekki eina skarðið sem höggvið er í enska liðið. Emanuel Pogatetz, Gaizka Mendieta og Lee Cattermole, leikmenn Middlesbrough, eru einnig frá vegna meiðsla og varnarmaðurinn Chris Riggott getur ekki heldur spilað þar sem hann er í leikbanni.

Þetta er fyrri viðureign liðanna en leikurinn fer fram í Rúmeníu. Schalke mætir Sevilla í hinum undanúrslitaleiknum. - hþh



**SEPP BLATTER** Forseti FIFA hefur ákveðið að taka harkalega á fordómum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Hertar reglur á HM í sumar:

# Hörð refsing fyrir fordóma

**FÓTBOLTI** FIFA hefur ákveðið að taka mjög harkalega á kynþáttafordómum á Heimsmeistaramótinu í Þýskalandi í sumar. Ef þjóðir verða uppvísar að fordómum verða umsvifalaust dregin þrjú stig af viðkomandi liði. Forráðamenn átaksins Kick it Out, gegn kynþáttafordómum, fagnar ákvörðun FIFA.

„Þetta er frábært og algjörlega nauðsynlegt. Vonandi kemur ekki til þess að grípa þurfi til aðgerðanna en það er einnig forvitnilegt að sjá hvort hart verði tekið á málinu. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að aðstoða FIFA og miðla af okkar reynslu,“ sagði talsmaður samtakanna. - hþh

Hollenska úrvalsdeildin:

# Kuyt bestur

**FÓTBOLTI** Hollenski landsliðsframherjinn Dirk Kuyt var í gær valinn leikmaður ársins í hollensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu en hann leikur með Feyenoord þar í landi sem hafnaði í 3. sæti deildarinnar. Í öðru sæti varð Philip Cocu, fyrirliði PSV, en Tim de Cler, samherji Grétars Rafns Steinssonar hjá AZ Alkmar, var í því þriðja.



**DIRK KUYT** Valinn bestur í Hollandi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES






Yfirmaður knattspyrnumála hjá Real Madrid birtir óskalistann fyrir sumarið:

# Steven Gerrard er efstur á blaði

**FÓTBOLTI** Fyrirliði Liverpool, Steven Gerrard, er efstur á óskalista spænska stórliðsins Real Madrid fyrir sumarið ásamt brasilíska sóknarmanninum Adriano hjá Inter Milan. Þetta var haft eftir Benito Floro, yfirmanni knattspyrnumála hjá Real, í gær en fyrir skemmstu afhenti hann forsetanum, Fernando Martin, formlega lista sem innihélt nöfn þeirra leikmanna og þjálfara sem hann vildi helst sjá hjá félaginu á næstu leiktíð.

„Ég hef mælt með því til forseta félagsins að kröftugur framherji, eins og Adriano, og heimsklassa miðjumaður, sem gæti leyst Zinedine Zidane af hólmi, verði í forgangi þegar kemur að leikmannakaupum í sumar. Gerrard er á þessum lista en hann er leikmaður sem við höfum áður reynt að fá til okkar,“ sagði Floro.

Zidane á eitt ár eftir af samningi sínum við Real en er með klásúlu í honum þar sem segir að hann megi fara í sumar óski hann eftir því. Franski landsliðsmaðurinn hefur áður sagt að hann muni taka ákvörðun um næstu leiktíð eftir HM í sumar, en fari svo að hann yfirgefi félagið má telja líklegt að forráðamenn Real geri allt sem í sínu valdi stendur til að klófesta Gerrard.

Þá staðfesti Floro að Bernd Schuster, fyrrverandi landsliðsmaður Þýskalands og núverandi þjálfari Getafe á Spáni, kæmi til greina sem þjálfari liðsins á næsta tímabili. „Nafn Schusters er að finna á þessum lista því hann er þjálfari sem þekkir vel spænskar knattspyrnu.“ - vig



**STEVEN GERRARD** Er enn og aftur undir smásjánni hjá stórliði Real Madrid. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES




**Dagskrá sumardaginn fyrsta í Mosfellsbæ**

| | |
|---|---|
| 12:00 | Skrúðganga frá Lágafellsskóla að Varmá, skátar leiða gönguna |
| 12:45 | Hugvekja í skátatjaldi að Varmá |
| 13:00 | Skólahljómsveit Mosfellsbæjar kemur okkur í sumarskap |
| 13:30 | Ratleikur í boði skátafélagsins Mosverja |
| 14:00 | Frambjóðendur keppa í fitness |
| 14:30 | Vítaspyrna, ungir Mosfellingar reyna með sér gegn meistaraflokksmarkmanni |
| 15:00 | Keppt í reipitogi og pokahlaupi |

Að Varmá verða hoppukastalar fyrir krakka og veitingasala.
Hestamannafélagið Hörður hefur opið hús frá kl. 14.

AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK - DAGSVERK.IS | NY0406

# ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN VIÐ LÆKJARHLÍÐ Í MOSFELLSBÆ

**verður opin frá klukkan 14 til 17, í dag, sumardaginn fyrsta. Hægt verður að skoða þessa glæsilegu íþróttamiðstöð okkar Mosfellsbæinga sem opnuð verður á árinu.**

Íþróttamiðstöðin verður 5.000 $m^2$ að flatarmáli með inni- og útisundlaug, heitum pottum, rennibraut, íþróttasal, gufubaði, nuddaðstöðu, veitingaaðstöðu o.fl.

Boðið verður upp á léttar veitingar og sumrinu fagnað.

ÍSTAK MOSFELLSBÆR NÝSIR

## Gleðilegt sumar!

Arkitekt: Ari Lúðvíksson | Byggingaverktaki: Ístak hf. | Rekstrarumsjón: Nýsir hf.

Krísa hjá Gummersbach:

# Kallar félagið á Alfreð?

**HANDBOLTI** Það gengur illa hjá þýska úrvalsdeildarfélaginu Gummersbach þessa dagana og steininn tók úr þegar liðið tapaði gegn Grosswallstadt á þriðjudag með tólf marka mun, 32-20. Um leið fauk nánast öll von félagsins um meistaratitilinn en í byrjun mánaðarins varð liðið einnig fyrir áfalli er það tapaði óvænt í undanúrslitum bikarkeppninnar fyrir Kronau/Östringen.

Í kjölfarið er framtíð þjálfarans Velimir Klajic í óvissu en hann er ráðinn fram á sumar 2007 þegar Alfreð Gíslason á að taka við liðinu. Nú er spurning hvort félagið reyni að hóa fyrr í Alfreð en það er ekki bara staða þjálfarans sem er í óvissu því óttast er að stuðningsaðilar hverfi á braut takist félaginu ekki að rétta úr kútnum. **- hbg**



**BENEDIKT GUÐMUNDSSON** Þjálfaði KR fyrir áratug og hans gamla félag vill fá hann heim á nýjan leik.

Línur að skýrast í þjálfaraleit körfuboltaliðs KR:

# KR staðfestir áhuga sinn á Benedikt Guðmundssyni

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleiksdeild KR leitar enn logandi ljósi að arftaka Herberts Arnarsonar í þjálfarastólinn og ku hringurinn vera farinn að þrengjast. Nafn Benedikts Guðmundssonar, þjálfara Fjölnis, hefur verið nefnt í því sambandi og sögusagnirnar fóru á flug síðasta þriðjudagskvöld þegar Benedikt var staddur í KR-heimilinu ásamt Böðvari Guðjónssyni, formanni körfuknattleiksdeildar KR.

„Benni er gamall og góður KR-ingur og hefur alltaf gaman að því að kíkja í kaffi vestur í bæ. Við fengum okkur kaffi saman, það er ekkert leyndarmál en þetta var alls ekki formlegur fundur eða neitt slíkt,“ sagði Böðvar um fund þeirra í KR-heimilinu en er hann á höttunum eftir honum? „Benedikt er mjög hæfur þjálfari og hann er þar að auki uppalinn KR-ingur. Auðvitað er hann inni í myndinni hjá okkur.“

Böðvar sagði erlendan þjálfara einnig koma til greina en hann hefði samt meiri áhuga á að fá góðan innlendan þjálfara. KR hefur aðeins átt einn formlegan fund með íslenskum þjálfara en sá þjálfari gaf málið frá sér nokkrum dögum síðar. Böðvar vildi ekki gefa upp hver sá þjálfari væri.

Benedikt hafði ekkert um málið að segja þegar eftir því var leitað. **- hbg**



**BÖÐVAR GUÐJÓNSSON** Segir ekkert óeðlilegt við óformlegt kaffisamsæti sitt og Benedikts. Hann fer samt ekki leynt með áhuga sinn á Benedikt.

# Arsenal í bílstjórasætinu

**Arsenal er í góðri stöðu í undanúrslitum Meistaradeildarinnar eftir sigur gegn Villarreal í fyrri leik liðanna. Varnarmaðurinn Kolo Toure skoraði eina markið í síðasta Evrópuleiknum á Highbury en Arsenal flytur á nýjan völl eftir tímabilið.**

**FÓTBOLTI** Arsenal hafði leikinn í hendi sér frá fyrstu mínútu þegar þeir tóku öll völd á vellinum. Með léttleikandi spili héldu þeir boltanum vel innan liðsins og hvað eftir annað sköpuðu þeir hættur við mark Villarreal með Thierry Henry fremstan í flokki.

Sókn Villarreal komst lítt áfram gegn ógnarsterkri Arsenal vörninni sem hélt Juan Roman Riquelme vel í skefjum en hann hefur verið hvað atkvæðamestur í spænska liðinu í Meistaradeildinni. Hann skapaði einu hættur Villarreal með tveimur aukaspyrnum en þrátt fyrir að vera þéttingsfastar rötuðu þær beint á Jens Lehmann.

Aðeins vantaði herslumuninn hjá Arsenal til að opna markareikninginn en Henry hélt að hann hefði komið Skyttunum yfir eftir fimmtán mínútuna leik en mark hans ranglega dæmt af vegna rangstöðu. Markið lá í loftinu og eftir að íkorni nokkur hafði stolið senunni í nokkrar mínútur náðu Arsenal loksins forystunni eftir að hafa sett vörn Villarreal undir mikla pressu allan hálfleikinn.

Eftir hornspyrnu barst boltinn út á Henry sem laumaði honum á Alexander Hleb sem hafði stungið sér á bak við Villarreal vörnina. Hvít-Rússinn renndi boltanum fyrir markið á Kolo Toure sem stýrði boltanum yfir marklínuna og allt ætlaði um koll að keyra á Highbury.

Úrúgvæinn Diego Forlan sá ekki til sólar í leiknum, enda rigndi nánast allan leikinn, og fór ekkert fyrir honum í framlínu Villareal. Spænska liðinu gekk illa að finna glufur á þéttu liði Arsenal sem varðist vel úti um allan völl og pressuðu andstæðinga sína ótt og títt til að missa boltann.

Stórskotahríð Skyttanna hélt áfram í síðari hálfleik en þeim til óhapps gengu rangstöðugildrur Villarreal fullkomlega upp. Hvað eftir annað lét Arsenal grípa sig í landhelgi en sóknir þeirra héldu áfram að valda spænsku vörninni höfuðverk.

Þegar líða tók á leikinn róaðist hann niður til muna en bæði lið fengu færi til að bæta við marki í leikinn. Riquelme skallaði yfir úr fínu færi en Henry hélt áfram að skapa hættur við spænska markið. Það náði Arsenal þó ekki að nýta sér og leiknum lauk því með 1-0 sigri heimamanna. Þeir kvöddu Highbury með stæl en Evrópustundir liðsins á vellinum hafa reyndar ekki verið til þeim til framdráttar en liðið hefur aldrei komist lengra í Meistaradeildinni en í ár. **hjalti@frettabladid.is**



**FÖGNUÐUR** Leikmenn og stuðningsmenn Arsenal fögnuðu marki Kolo Toure vel og innilega í gærkvöldi. Toure gaf tóninn í leik sem var eign Arsenal frá upphafi til enda. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**CESC FABREGAS** Var illviðráðanlegur á miðju Arsenal. Hér gerir Alessio Tacchinardi sitt besta til að stöðva Spánverjann unga. NORDICPHOTOS/AFP

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Meistaradeild Evrópu:*

| | |
|---|---|
| ARSENAL-VILLARREAL | 1-0 |

1-0 Kolo Toure (41.).

*Þetta var fyrri leikur liðanna í undanúrslitum.*

*Þýski handboltinn:*

| | |
|---|---|
| LEMGO-GÖPPINGEN | 32-23 |

Logi Geirsson skoraði 3/2 mörk fyrir Lemgo sem og Ásgeir Örn Hallgrísson. Jaliesky Garcia Padron var markahæstur hjá Göppingen með 7 mörk.

| | |
|---|---|
| WILHELMSHAVENER-MAGDEBURG | 30-32 |

Gylfi Gylfason skoraði 5 mörk fyrir Wilhelmshavener. Sigfús Sigurðsson komst ekki á blað hjá Magdeburg en Arnór Atlason skoraði tvö mörk.

| | |
|---|---|
| LUBBECKE-KIEL | 31-40 |

Þórir Ólafsson skoraði 6 mörk fyrir Lubbecke og var markahæstur hjá liðinu.

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| BIRMINGHAM-BLACKBURN | 2-1 |

1-0 Nicky Butt (62.), 1-1 Robbie Savage (78.), 2-1 Mikael Forssell (87.).



**LOGI GEIRSSON** Skoraði þrjú mörk í gær fyrir Lemgo rétt eins og Ásgeir Örn Hallgrímsson.

Þýski handboltinn:

# Lemgo lagði Göppingen

**HANDBOLTI** Lemgo og Göppingen hituðu upp fyrir úrslitaleikinn í EHF-keppninni í gær og ef eitthvað er að marka þann leik verður Lemgo Evrópumeistari án vandræða því liðið rúllaði yfir Garcia Padron og félaga í Göppingen en Padron var sá eini með meðvitund hjá liðinu í gær. Fyrri úrslitaleikur liðanna fer fram um helgina en sá síðari viku síðar.

Lemgo náði samt ekki að minnka muninn í töflunni á Magdeburg því Skylmingaþrælarnir lögðu Gylfa Gylfason og félaga í Wilhelmshavener með tveim mörkum. Magdeburg heldur því fjögurra stiga forskoti á Lemgo í fjórða sæti deildarinnar en Lemgo mjög öruggt í fimma sætinu. **- hbg**

Kimi Raikkönen:

# Ennþá óvissa um framhaldið

**FORMÚLA** Finnski ökuþórinn Kimi Raikkönen hefur ekki samið við Ferrari, eins og sumir fjölmiðlar hafa greint frá, heldur er allt eins líklegt að hann verði áfram í herbúðum McLaren á næsta ári. Þetta segir Nobert Haug, framkvæmdastjóri McLaren. „Staða Raikkönens er sú sama. Við erum í viðræðum við hann og umboðsmenn hans hafa staðfest að hann er ekki búinn að semja við Ferrari,“ sagði Haug og bætti því við að hann tryði því ekki að Raikkönen myndi semja við ítalska liðið án vitundar forráðamanna McLaren.

Haug stóðst ekki mátið að koma höggi á Ferrari og benti á að liðinu hefði vegnað afar illa í síðustu keppnum, eða allt frá því að Raikkönen var orðaður við liðið á ný fyrir nokkrum vikum. „Annars hefur hann svo oft verið sagður á leið til Ferrari að það væri hægt að búa til jólabók úr þeim fréttum.“ **- vig**




**IAN WOOSNAM** Verður fyrirliði Evrópuliðsins í ár. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ryder bikarinn í golfi:

# Fyrirkomulagi mótsins breytt?

**GOLF** Forráðamenn Ryder-bikarsins munu að öllum líkindum breyta fyrirkomulagi keppninnar þannig að hún verði spiluð á fjórum dögum í stað þriggja. Í Ryder-bikarnum mætast úrvalslið Bandaríkjanna og úrvalslið Evrópu annað hvert ár en mótið fer fram 22.-24. september á K-klúbbnum á Írlandi.

„Við erum að skoða að breyta keppninni til að gera hana enn meira spennandi. Auk þess gætum við þurft að færa hana þar sem veður og skyggni hamla keppninni á tíðum, sér í lagi þegar keppt er í Evrópu,“ sagði Sandy Jones, sem er í skipulagsnefnd mótsins.

Mótið hefur iðulega aðeins tekið þrjá daga en ekki fjóra eins og flest golfmót. Með því að byrja keppnina einum degi fyrr vonast skipuleggjendur til að dreifa álaginu á keppendur en einnig væri möguleiki á að halda mótið fyrr en nú er gert í framtíðinni. **- hþh**



*Nýtt!*

# *Tapini*
## *tapaskex*




## *Gómsætt með tapas*



*...eða bara eitt og sér!*

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„A toast... to us, to our last summer of immature, adolescent decadence.“**

Svar: Barry úr I Know What You Did Last Summer frá 1997.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON BÍÐUR EFTIR VIKU SJÓNVARPSSINS

# Flatskjá á hvert á heimili!

Aldrei þessu vant stilli ég stundum viljandi á Sýn þessa dagana til að horfa á þátt sem heitir Sænsku nördarnir. Skemmtilegur þáttur sem gengur út á að sænskir nördar eru látnir spila fótbolta við menn sem hafa aldrei komið nálægt knattspyrnu, heldur varið tímanum í eitthvað nytsamlegt.

Á þriðjudagskvöld hélt ég að ég væri að veikjast, lagðist upp í rúm, kveikti á sjónvarpinu og bjóst við að hringja mig inn veikan í vinnu morguninn eftir. Þá blönduðu sjálfsagt æðri máttarvöld sér í málið og létu mig horfa á lélegan bandarískan „fréttaskýringaþátt“ um upprisu Jesú Krists. Í eirðarleysi mínu ákvað ég að blaða aðeins í Biblíunni til að sannreyna nokkrar vafasamar fullyrðingar nokkurra vafasamra sérfræðinga í þættinum. Eitt leiddi af öðru og fyrr en varði var ég kominn í Jobsbók. Eftir að hafa lesið Jobsbók þarf mikið að ganga á til að hringja sig inn veikan.



**ÚR SÆNSKU NÖRDUNUM** Almenns misskilnings virðist gæta um hverjir séu raunverulegu töffararnir í þáttunum.

Vika bókarinnar hófst í gær. Ætli sjónvarpsframleiðendur hafi aldrei reynt að sammælast um að halda viku sjónvarpsins? Menningarsinnaður banki myndi senda öllum landsmönnum ávísun sem hægt væri að nota sem innborgun á afnotagjöld RÚV eða áskrift að Digital Íslandi eða Skjánum. Hámarkinu yrði náð á Degi sjónvarpsins, sem væri annað hvort afmælisdagur Ómars Ragnarssonar eða Hemma Gunn. Þá myndi Ólafur Ragnar Grímsson flytja innblásið sjónvarpsávarp um gildi sjónvarpsmenningar og segja sögur úr æsku sinni þegar ekki var til neitt sem hét SCART-tengi. Ríkisstjórnin myndi blása til átaks sem miðaði að því að stórefla sjónvarpstækjakost þjóðarinnar. „Ég heiti flatskjá á hvert heimili!“ myndi Halldór segja. Að gömlum íslenskum sið væri dagskrárgerðin vitaskuld látin mæta afgangi.



▶ **20.35** *Heimild*

FRANK SINATRA



▶ **22.30** *Spenna*

LIFE ON MARS



▶ **22.30** *Drama*

EXTRA TIME – FOOTBALLERS' WIVE



▶ **21.00** *Spjall*

SIGTIÐ



▶ **21.00** *veruleiki*

SÆNSKU NÖRDARNIR

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Bú! (4:52) **8.12** Kóalabræður (4:13) **8.24** Prinsessan sem átti 365 kjóla **8.32** Andarteppa (4:4)

**8.45** Barbí – Prinsessan og betlarinn **10.05** Dularfulla náttskrímslið **11.25** Upp í sveit (1:4) **11.35** Hlé **16.15** Íþróttakvöld **16.30** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Latibær** Textað á síðu 888 í Textavarpi. e.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Matarveislan mikla 2006** Textað á síðu 888 í Textavarpi.
▶ **20.35** **Frank Sinatra (1:2)** (Icon: Frank Sinatra – Dark Star) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum um söngvarann Frank Sinatra.
**21.25** **Sporlaust (9:23)** (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.15** **Aðþrengdar eiginkonur (35:47)** (Desperate Housewives II)Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**23.00** Aðþrengdar eiginkonur – Aukaþáttur **23.45** Lífsháski (37:49) **0.30** Lífsháski – Aukaþáttur **1.15** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Litlu vélmennin, Með afa, Teenage Mutant Ninja Turtles) **9.40** Fame

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** 3rd Rock From the Sun **12.50** My Wife and Kids **13.10** Martha **13.55** Home Improvement (12:25) **14.20** Talk of Angels **15.55** Serendipity **17.20** Wife Swap (12:12) (e) **18.05** The Simpsons (12:23)

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.10** **Strákarnir**
**19.35** **What Not To Wear On Holiday**
**20.35** **Meistarinn (17:21)**
**21.20** **How I Met Your Mother (14:22)** Þættirnir fjalla um ungt fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ítrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki kominn sé tími til að finna lífsförunautinn.
**21.45** **Nip/Tuck (15:15)** (Klippt og skorið)
▶ **22.30** **Life on Mars (4:8)** (Líf á Mars) Breskir þættir sem slegið hafa rækilega gegn í heimalandinu á síðustu vikum.

**23.15** American Idol **23.55** American Idol **0.20** The Kiss **1.50** Trance (Stranglega bönnuð börnum) **3.30** Session 9 (Stranglega bönnuð börnum) **5.05** Everbody's Doing It **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.25** **Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
**19.30** **Bernie Mac (2:22)** (Love Thy Nephew) Þriðja þáttaröðin um grínistann Bernie Mac og fjölskylduhagi hans. Bernie tekur að sér þrjú börn og á ekki auðvelt með að aðlagast breyttum aðstæðum.
**20.00** **Friends (14:24)**
**20.30** **Splash TV 2006**
**20.55** **Þrándur bloggar**
**21.00** **Smallville** (Blank) Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent.
**21.45** **X-Files** (Ráðgátur)
▶ **22.30** **Extra Time – Footballers' Wive**

**23.00** Invasion (15:22) (e) **23.45** Þrándur bloggar **23.50** Friends (14:24) (e) **0.15** Splash TV 2006 (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fyrstu skrefin (e)

**16.10** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Cheers**
**19.25** **Fasteignasjónvarpið**
**19.35** **Game tíví**
**20.00** **Family Guy**
**20.30** **The Office**
▶ **21.00** **Sigtið** Sjónvarpsmaðurinn Frímann Gunnarsson leitast við að dýpka skilning áhorfenda á lífinu. Markmið hans er, líkt og Opruh Winfrey og Kofi Annan, að gera heiminn að betri stað fyrir mig og þig... og ekki síst sjálfan sig.
**21.30** **Everybody loves Raymond**
**22.00** **The Bachelor VI – lokaþáttur**
**22.50** **Jay Leno**

**23.35** Law & Order: SVU (e) **0.20** Cheers (e) **0.45** Top Gear (e) **1.35** Fasteignasjónvarpið (e) **1.45** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.40** Meistaradeildin með Guðna Bergs **8.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**17.05** US PGA í nærmynd **17.30** Gillette HM 2006 sportpakkinn **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Súpersport 2006** Supersport er ferskur þáttur sem sýnir jaðarsportið og háska frá öðrum sjónarhornum en vant er.
**18.35** **UEFA Cup leikir**
**20.35** **Leiðin á HM 2006** (Destination Germany)
▶ **21.00** **Sænsku nördarnir** (FC Z)Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið? Þeir eru þjálfaðir af topp þjálfara í þrjá mánuði og að lokum mæta þeir besta liði Svíþjóðar.
**21.50** **Saga HM** (1970 Mexico) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990.

**23.25** Fifth Gear **23.55** UEFA Cup leikir

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Runaway Jury (Bönnuð börnum) **8.05** Beautiful Girl **10.00** Just Visiting **12.00** Looney Tunes: Back in Action **14.00** Beautiful Girl **16.00** Just Visiting **18.00** Looney Tunes: Back in Action **20.00** **Runaway Jury** (Spilltur kviðdómur) Bönnuð börnum. **22.05** **Point of Origin** (Brennuvargur) Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Hard Cash (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** White Oleander (Bönnuð börnum) **4.00** Point of Origin (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Big Hair Gone Bad **13.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **15.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Big Hair Gone Bad **17.30** Number One Single **18.00** E! News **18.30** Fashion Police **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** The Soup **21.30** Number One Single **22.00** Gastineau Girls **22.30** Gastineau Girls **23.00** E! News **23.30** Fashion Police **0.00** The Soup **0.30** Party @ the Palms **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Bolton – Chelsea frá 15.04 **16.00** Man. Utd. – Sunderland frá 14.04 **18.00** Man. City – Arsenal frá 17.04

**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“**
**21.00** **Saga stórþjóðanna á HM: Ítalía (e)**
**22.00** **Newcastle – Wigan frá 15.04**

**0.00** Middlesbrough – West Ham frá 17.04 **2.00** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Frank Sinatra **Ríkissjónvarpið** kl. 20.30

## *Ástir og ævi Sinatra*



Frank Sinatra var án efa einn af mest áberandi einstaklingum 20. aldarinnar. Ekki nóg með að plötur hans seldust í massavís og leikferill hans blómstraði heldur var mikið fjallað um einkalíf Sinatra og pólitíska afstöðu hans og tengsl við mafíuna í heimspressunni. Myndin í kvöld er bresk heimildarmynd í tveimur hlutum og verður fyrri hlutinn sýndur í kvöld og sá seinni að viku liðinni. Í myndinni er rætt við marga samtímamenn Sinatra auk fjölskyldu hans til þess að reyna að gefa áhorfendum betri innsýn í skrautlegt lífshlaup Franks Sinatra.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | 9 | | 2 | | |
| | | 5 | 3 | | 1 | | | |
| 1 | | 4 | | | 5 | | | |
| 7 | | 3 | | | 6 | | | 1 |
| | | | | | | | | |
| 4 | | | 9 | | | 3 | | 8 |
| | | | 5 | | | 1 | | 9 |
| | | | 2 | | 3 | 7 | | |
| | | 8 | | 6 | | | | 2 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 3 | 2 | 6 |
| 1 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 | 4 | 7 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 9 | 4 |
| 9 | 2 | 8 | 4 | 1 | 7 | 5 | 6 | 3 |
| 5 | 1 | 4 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 9 | 1 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 7 | 2 | 8 | 9 | 4 | 3 | 1 |
| 3 | 8 | 1 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 9 |



▶ 14.00 *dægurmál*

MIKLABRAUT

NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/markaðurinn **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. ▶**14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/ veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Þetta fólk** (Fréttaljós) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heimshornaflakkara.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Bæn **8.10** Bachsveitin í Skálholti **9.03** Lamentatio **10.15** Sagnaslóð **11.00** Guðsþjónusta

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Er einhver frá Fairwood hérna inni? **14.00** Á vængjum strengsins **15.00** Fallegast á fóninn **16.08** Mozart á íslensku leiksviði **17.08** Fiðlukonsert Beethovens

**18.00** Fréttir **18.21** Stúlka með sólhlíf **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Kirkjulistahátíð 2005: Matteusarpassía eftir Trond Kverno **22.15** Orð kvöldsins **22.22** Útvarpsleikhúsið

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **14.00** 1966

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.21** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **20.30** Konsert **22.10** Tónlist að hætti hússins

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fær Köntrísveit Baggalúts sem er nýkomin frá Rússlandi þar sem meðlimir hennar kynntu íslenska köntrítónlist fyrir Rússum.*

# Helgin okkar...





**Morgunmaturinn:** Það er frábært að byrja daginn á einhverju heitu í kroppinn og þar klikkar gamli góði hafragrauturinn ekki, auk þess sem ódýrari morgunverður fæst varla. Poppa má grautinn upp með rúsínum og kanel.

**Hreyfingin:** Það er kominn tími til að vekja línuskautana af vetrardvala. Hafið samt augun opin, það er ekki búið að sópa alla stíga eftir veturinn og því nokkuð um steina sem þarf að beygja fram hjá.

**Hressingin:** Það er nýbúið að taka kaffihúsið 10 dropa við Laugaveg 27 í gegn. Tilvalið að kíkja þangað og fá sér gamaldags kaffibolla og ekki sakar að taka fartölvuna með því þráðlaust net er komið á staðinn.

**Kvikmyndin:** Ekki missa af Kórnum, heimildarmynd eftir Silju Hauksdóttur um Léttsveit Reykjavíkur sem er 120 kvenna kór. Sýnd á RÚV á sunnudagskvöldið.

**Tónlistin:** Það er færeysk tónlistarveisla á Nasa á laugardag þar sem fjöldi færeyskra tónlistarmanna koma fram. Alveg tilvalið fjárfesta í geisladisk með einhverjum af þessum frændum vorum.

**Dekrið:** Farðu út í apótek og kauptu þér vaxtæki fyrir heitt vax. Fáðu svo vini/vinkonu í heimsókn og bjóddu upp á að vaxa bak og/eða fætur. Fáðu hann/hana til þess að gera það sama



við þig. „Beauty is pain" - og það er gott að deila sársaukanum með öðrum.

**Skemmtunin:** Það er óvitlaust að taka sér ferð á hendur í Kópavoginn um helgina og fá ekta sveitaballastemmningu í kroppinn á Players þar sem hljómsveitin Á móti sól leikur fyrir dansi. Það er fátt sumarlegra en sveitaböll - og sumarið er jú komið. Síðan má einnig kíkja á sýninguna Sumar 2006 í Laugardalshöllinni.



**LÁRÉTT:**
2 vera með 6 ógrynni 8 meðal 9 blaður 11 tveir eins 12 tildur 14 vegahótel 16 tímabil 17 viður 18 galdrastafur 20 klaki 21 lítill.

**LÓÐRÉTT:**
1 viðhöfn 3 bor 4 drykkjuskapur 5 kraftur 7 lest 10 sæ 13 stefna 15 dó 16 tímabils 19 komast.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** 2 hafa, 6 of, 8 lyf, 9 mas, 11 ll, 12 prjál, 14 mótel, 16 ár, 17 tré, 18 rún, 20 ís, 21 smár.

**LÓÐRÉTT:** 1 pomp, 3 al, 4 fyllerí, 5 afl, 7 farmrúm, 10 sjó, 13 átt, 15 lést, 16 árs, 19 ná.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Tvær þyrlur
2. New York Times
3. Tuttugu


**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ**

á hverju fimmtudagskvöldi kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.

**ORATOR,** félag laganema við Háskóla Íslands.




FALLEG DÝR Anna Marín dæmir gæludýrakeppnina en hér er hún ásamt hestinum Litla Skjóna og kettinum Nölu sem búa í hestamiðstöð Íshesta. Þau fá þó ekki að taka þátt í keppninni á morgun en verða á staðnum og fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ALMENN GÆLUDÝRAKEPPNI: Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

# Gæludýr keppa í hamingju

Í dag, sumardaginn fyrsta, verður haldin óvenjuleg gæludýrakeppni í húsakynnum Íshesta í Hafnarfirði í samstarfi við Dýraland og Dýralæknastofuna í Garðabæ.

„Þetta er í fyrsta sinn sem almenn gæludýrakeppni er haldin hér á Íslandi. Öll gæludýr geta tekið þátt í keppninni en þau verða að hafa skráð sig til þátttöku fyrir klukkan 11 í dag," segir hundaþjálfarinn Anna Marín Kristjánsdóttir sem dæmir keppnina.

Hér á landi hafa hunda- og kattaeigendur getað sýnt gæludýr sín á sérstökum sýningum og hestaeigendur hafa einnig möguleika á því að taka þátt í ýmsum keppnum. Aðrir gæludýraeigendur hafa þurft að halda sig heima með sín gæludýr en með gæludýrakeppninni á morgun opnast þeim nýjir möguleikar.

„Við stefnum á að hafa þetta árlegt. Nú þegar hafa einhverjir gæludýraeigendur skráð sig til leiks en það er enn pláss fyrir fleiri dýr," segir Anna Marín og hvetur sem flesta gæludýraeigendur til þess að skrá dýr sín til leiks.

Gæludýrakeppnir sem þessi eru haldnar víða erlendis og hefur Anna Marín séð um dómgæslu í slíkum keppnum í Skotlandi. Keppt verður í fimm flokkum: hundar, kettir, nagdýr, hestar og fuglar - en Anna segist vera opin fyrir því að bæta við flokkum ef þurfa þyki, til dæmis ef einhver gullfiskaeigandi skráir sig. „Við veljum sigurvegara í hverjum flokki fyrir sig og af þeim stendur svo einn uppi sem Gæludýraeigandi ársins," upplýsir Anna Marín sem sjálf á bæði hund og kött. „Dæmt verður eftir því hversu hamingjusöm og heilbrigð dýrin virðast vera. Allir gæludýraeigendur sem taka þátt fá viðurkenningarskjal og sigurvegararnir fá glæsileg verðlaun frá Dýralandi. „Tekið skal fram að gæludýrin sem taka þátt í keppninni þurfa ekki að vera hreinræktuð, með ættbók eða neitt slíkt heldur eru dýrin dæmd út frá því hvernig þau eru hirt, sambandi þeirra við eiganda sinn og hvernig þau eru í holdum.

Sumardagurinn fyrsti hefur verið haldinn hátíðlegur hjá Íshestum ár hvert og þar hefur alltaf verið boðið upp á fjölbreytta fjölskyldudagskrá. Auk gæludýrakeppninnar geta krakkar látið teyma frítt undir sér, kökuhlaðborð verður á staðnum, hægt verður að fara í reiðtúr og fimleikafélagið Björk sýnir listir sínar en þess má geta að gæludýrakeppnin hefst klukkan 14. -snæ

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þótt **Silja Aðalsteinsdóttir** menningarskríbent verði seint dregin í dilk með stækum æsingamönnum, fór hól hennar um Draumaland Andra Snæs Magnasonar, sem birtist á heimasíðu TMM á dögunum, fyrir brjóstið á bókstafstrúuðum bóksölum. Í dómi sínum um bókina sagði Silja meðal annars: „Fáið ykkur Draumalandið, takið hana að láni á bókasafninu, kaupið hana í bókabúðinni, lesið hana við bókaborðið eða stelið henni ef þið eigið ekki fyrir henni. Þessa bók VERÐA ALLIR ÍSLENDINGAR AÐ LESA."



**Bryndís Loftsdóttir**, verslunarstjóri hjá Pennanum/Eymundsson, er ekki alls kostar sátt við orðalagið og frábiður sér „frekari hvatningar til þjófnaðar í verslunum okkar", í bréfi sem birtist á TMM. Til að forðast að fá þjófalykilinn brenndan á enni sitt áréttar Silja hin bljúgasta að orðin sem við er amast hafi verið „skrifuð í hita augnabliksins af manneskju sem aldrei hefur getað tekið svo mikið sem fimmaurakúlu ófrjálsri hendi..." Bryndís er hins vegar spör á þakkarorðin í bréfi sínu þótt líklegt megi telja að fleiri hafi keypt Draumalandið en hnuplað fyrir tilstilli Silju. - bs

Sigurskáldið, ljóðakeppni Eddu og Fréttablaðsins, hefur vakið sterk viðbrögð meðal ljóðaunnenda og sýnist sitt hverjum. Til dæmis er Eiríki Erni Norðdahl, umboðsmanni ömurlegrar ljóðlistar, ekki skemmt og á heimasíðu sinni grípur hann til fjálglegra orða á borð við „arfagubbulegt" til að lýsa hughrifunum sem sum ljóðin hafa vakið með honum. En eins og prúðra manna er siður



slær Eiríkur varnagla og tekur fram að þar sem hann hati fegurðina sé hann ef til vill ekki dómbær, auk þess sem honum finnist „aðrir hlutir áhugaverðir en flestum ljóðunnendum." -bs






# Öxin og jörðin kvikmynduð

JPV ÚTGÁFA hefur gengið frá samningi við Sigurjón Sighvatsson um kvikmyndarétt á Öxinni og jörðinni eftir Ólaf Gunnarsson. „Þetta leggst mjög vel í mig," segir Ólafur. „Sigurjón metur það svo að þessi saga sé vel til þess fallin að vera kvikmynduð og ég er hæstánægður með það."

Ólafur verður með í ráðum við gerð myndarinnar en segir að þar sem Sigurjón hafi mörg járn í eldinum búist hann ekki við að ráðist verði í verkefnið af fullum krafti fyrr en seint á næsta ári. „Það er því ekki farið að huga að því að ráða leikara eða neitt slíkt. Ég bíð bara þolinmóður þar til þar að kemur, enda gengur starf rithöfundarins mikið út á þolinmæði."

Öxin og jörðin er söguleg skáldsaga sem fjallar um aðdraganda þess að Jón biskup Arason og synir hans tveir voru hálshöggnir árið 1550. Bókin vann til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2004 og sama ár var samnefnt leikrit sett á fjalirnar í Þjóðleikhúsinu, en þar lék Arnar Jónsson séra Jón.



ÓLAFUR GUNNARSSON Býst við að ráðist verði í gerð myndarinnar seint á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

Sigurjón sagði í sjónvarpsviðtali á dögunum að það hafi lengi verið draumur sinn að gera kvikmynd um Jón biskup, en þetta er fyrsta bók Ólafs sem verður kvikmynduð. -bs

www.icelandexpress.is




# VETURINN ER KOMINN!

## Vetraráætlun Iceland Express fer í sölu á morgun.

Flugáætlun Iceland Express fyrir næsta vetur fer í sölu á hádegi á morgun á www.icelandexpress.is Eðli málsins samkvæmt eru ódýrustu sætin seld fyrst og því ráðlegt að bóka strax. Tryggðu þér lægsta fargjald til London, Kaupmannahafnar, Frankfurt Hahn, Berlínar og Alicante næsta vetur.

**Fyrstir koma, fyrstir fá! Bókaðu á www.icelandexpress.is**

**Verð frá: 7.995 kr.***
**Barnaverð: 5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**







**BAKÞANKAR**

JÓNS GNARR

## *Sumarlán*

Nú hriktir í stoðum íslensks efnahagslífs. Á hverjum degi birtast nýjar greinar og fréttir í erlendum fjölmiðlum um það hvað við séum að fara rosalega mikið á hausinn. Stjórnvöld keppast við að segja okkur að allt sé í lagi og við getum óhrædd haldið áfram að versla og taka lán fyrir kostnaðinum. En er það svo?

**ÉG VEIT** ekki hvað er í gangi. En mér finnst þetta mjög hentugt tækifæri til að hætta óþarfa lántökum. Ég held ekki að þjóðarskútan sé að sökkva en ég er hræddur um að margir muni detta útbyrðis. Ég held að mikil fátækt sé framundan hér á landi hjá mörgu fólki. Ég held að mjög margir eigi eftir að fara mjög illa út úr lántökum síðustu ára.

**MARGIR** hafa nefnilega lifað í tómum misskilningi. Þeir hafa haldið að þeir væru aflakóngar og yfirmenn um borð en komast brátt að því að þeir eru bara ræðarar og hafa þegar tekið út laun sín og fæði fyrirfram. Ég hef áhyggjur af lánagleði okkar. Fólk tekur lán eins og að drekka vatn. Lán eru eins og dóp. Verslanir eru hættar að auglýsa verð eins og eðlilegt væri heldur er stóra talan við hlutin aðeins mánaðarleg afborgun.

**LÁN** eru rugl! Þú átt ekki að taka lán. Ekki kaupa það sem þú hefur ekki efni á nema þú þurfir þess nauðsynlega. Nauðsynjar eru hlutir eins og bílar, þvottavélar, húsnæði og slíkt. Ekki garðhúsgögn eða heitir pottar eða fjallajeppar eða fellihýsi eða gosbrunnar! Kauptu þér svoleiðis aðeins ef þú átt fyrir því. Staðgreiddu gosbrunn.

**ÞVÍ EKKI** að strengja sumarheit á sumardaginn fyrsta? Því ekki að sleppa því að kaupa það sem við höfum ekki efni á? Hvernig hljómar það? Hvað með að taka ekki lán fyrir tjaldvagni? Hvað með að kaupa ekki garðhúsgögn á raðgreiðslum? Hvað með algjörlega raðgreiðslulaust sumar?

**ÞVÍ EKKI** að reyna að eyða þessu sumri með fjölskyldu og vinum frekar en að vera fjarri þeim að vinna fyrir afborgunum á lánum vegna tjaldvagna sem enginn hefur tíma til að nota og garðhúsgagna sem eru auð? Íslendingar eyða um það bil þrjátíu sekúndum á dag í uppbyggilegar samræður við börn sín. Því ekki að auka það aðeins? Það dýrmætasta sem við getum gefið börnum okkar er ekki dót heldur tími okkar.

**GLEÐILEGT** skuldlaust sumar!




